

Héraðsdómur Reykjaness

Dómur 13. febrúar 2023

Mál nr. S-2112/2021:

Ákærvaldið

(Kristín Ingileifsdóttir aðstoðarsaksóknari)

gegn

Konráði Þór Lárussyni

(Bjarni Hauksson lögmaður)

Kristjáni Þórissyni

(Björgvin Jónsson lögmaður)

Róberti Páli Lárussyni

(Guðmundur Ágústsson lögmaður)

X

(Sigurður Sigurjónsson lögmaður)

og

Y

(Ingólfur Vignir Guðmundsson lögmaður)

Dómur

Mál þetta, sem var dómtekið 19. desember 2022, höfðaði héraðssaksóknari með ákæru 21. október 2021 á hendur

Konráði Þór Lárussyni, kt. [...]

Kristjáni Þórissyni, kt. [...]

Róberti Páli Lárussyni, kt. [...]

X, kt. [...]

og

Y, kt. [...]

„fyrir meiri háttar brot gegn skatta- og bókhaldslögum og fyrir peningabætti.

A.

X og Y sem raunverulegum framkvæmdastjórum Brotafls ehf. kt. [...], nú gjaldþrota, með því að hafa:

1. Staðið skil á efnislega röngum virðisaukaskattskýrslum félagsins uppgjörstímabilin september – október rekstrarárið 2012 til og með nóvember - desember rekstrarárið 2015, með því að hafa offramtalið innskatt á grundvelli rangra og tilhæfulausra sölureikninga sem gefnir voru út af Fiskiferðum ehf., kt. [...], KK bygg ehf., kt. [...], Starfsmönnum ehf., kt. [...] og Leikin ehf., kt. [...], og þar með vanframtelja virðisaukaskatt sem standa

þar skil á vegna sömu tímabila, í samræmi við fyrirmæli IX. kafla laga um virðisaukaskatt nr. 50/1988. Með framangreindu var innskattur félagsins offramtalinn um samtals 64.036.383 krónur og virðisaukaskattur félagsins þar með vangreiddur um sömu fjárhæð. Fjárhæðin sundurliðast sem hér greinir:

2012	Offramtalinn innskattur
september-október	660.359
nóvember- desember	2.208.645
	<hr/>
	2.869.004
2013	Offramtalinn innskattur
janúar-febrúar	934.661
mars-apríl	1.455.837
maí-júní	1.667.964
júlí-ágúst	2.220.076
september-október	1.585.822
nóvember- desember	3.118.199
	<hr/>
	10.982.559
2014	Offramtalinn innskattur
janúar-febrúar	2.052.388
mars-apríl	1.774.129
maí-júní	3.121.363
júlí-ágúst	5.619.904
september-október	3.708.167
nóvember- desember	5.305.422
	<hr/>
	21.581.373
2015	Offramtalinn innskattur
janúar-febrúar	4.988.898
mars-apríl	5.261.806
maí-júní	7.051.955
júlí-ágúst	3.489.755
september-október	6.126.968
nóvember- desember	1.684.065
	<hr/>
	28.603.447
Alls	64.036.383

2. Rangfært bókhald félagsins með því að færa, eða láta færa, ranga og tilhæfulausa sölureikninga í bókhald félagsins á tímabilinu september – október rekstrarárið 2012 til og með nóvember – desember rekstrarárið 2015. Hinir rangfærðu sölureikningar leiddu til þess að rekstrargjöld félagsins voru offærð á framangreindu tímabili um samtals 258.133.722 krónur og innskattur félagsins offramtalinn um samtals 64.036.383 krónur á sama tímabili, sbr. 1. tl. A kafla ákærunnar.

3. [...]

B.

Konráði sem stjórnarmanni og daglegum stjórnanda Kraftbindingar, nú Summit ehf., kt. [...], afskráð, og Róberti sem framkvæmdastjóra og daglegum stjórnanda félagsins:

1. Með því að hafa staðið skil á efnislega röngum virðisaukaskattskýrslum félagsins uppgjörstímabilin mars – apríl, maí – júní og september – október rekstrarárið 2013, janúar – febrúar til og með nóvember - desember rekstrarárið 2014 og mars – apríl til og með nóvember – desember rekstrarárið 2015, með því að hafa offramtalið innskatt á grundvelli rangra og tilhæfulausra sölureikninga og þar með vanframtelja virðisaukaskatt sem standa bar skil á vegna sömu tímabila, í samræmi við fyrirmæli IX. kafla laga um virðisaukaskatt nr. 50/1988. Með framangreindu var innskattur félagsins offramtalinn um samtals 87.955.032 krónur og virðisaukaskattur félagsins þar með vangreiddur um sömu fjárhæð. Fjárhæðin sundurliðast sem hér greinir:

2013	Offramtalinn innskattur
mars-apríl	1.650.896
maí-júní	1.882.087
nóvember- desember	1.920.150
	<hr/>
	5.453.133

2014	Offramtalinn innskattur
janúar-febrúar	3.397.494
mars-apríl	4.390.876
maí-júní	10.810.334
júlí-ágúst	6.259.793
september- október	13.091.355
nóvember- desember	11.420.139
	<hr/>
	49.369.991

2015	Offramtalinn innskattur
mars-apríl	8.012.632
maí-júní	9.588.480
júlí-ágúst	8.222.409
september- október	6.300.000
nóvember- desember	1.008.387
	<hr/>
	33.131.908
Alls	87.955.032

2. Með því að hafa rangfært bókhald félagsins með því að færa, eða láta færa, ranga og tilhæfulausa sölureikninga í bókhald félagsins á tímabilinu mars – apríl rekstrarárið 2013 til og með nóvember – desember rekstrarárið 2015. Hinir rangfærðu sölureikningar leiddu til þess að rekstrargjöld félagsins voru offærð á framangreindu tímabili um samtals 353.042.267 krónur og innskattur félagsins offramtalinn um samtals 87.955.032 krónur á sama tímabili, sbr. 1. tl. B kafla ákærunnar.

3. [...]

C.

Kristjáni sem framkvæmdastjóra Starfsmanna ehf., kt. [...] og sem daglegum stjórnanda Fiskiferða ehf., kt. [...], KK bygg ehf., kt. [...], og Leikin ehf., kt. [...], öll afskráð:

Aðalkrafa:

1. Með því að hafa aðstoðað meðákærðu X og Y við brot skv. 1. og 2. tl. A kafla ákæru, með útgáfu rangra og tilhæfulausra sölureikninga í nafni ofangreindra félaga á tímabilinu september – október rekstrarárið 2012 til og með nóvember – desember rekstrarárið 2015, sbr. 1. tl. A kafla ákærunnar. Meðákærðu X og Y stuðluðu síðan að því að sölureikningarnir voru lagðir til grundvallar í bókhaldi og við skattskil Brotafis ehf. sem leiddi til þess að virðisaukaskattur félagsins var vanframtalinn um alls 64.036.383 krónur á ofangreindu tímabili.

2. Með því að hafa aðstoðað meðákærðu Konráð og Róbert við brot skv. 1. og 2. tl. B kafla ákæru, með útgáfu rangra og tilhæfulausra sölureikninga í nafni Fiskiferða ehf.,

Starfsmanna ehf., KK bygg ehf. og Leikin ehf. á tímabilinu mars – apríl, maí – júní og nóvember - desember rekstrarárið 2013 til og með nóvember – desember rekstrarárið 2014 og mars – apríl til og með nóvember – desember rekstrarárið 2015, sbr. 1. tl. B kafla ákærunnar. Meðákærðu Konráð og Róbert stuðluðu síðan að því að sölureikningarnir voru lagðir til grundvallar í bókhaldi og við skattskil Kraftbindinga ehf., sem leiddi til þess að virðisaukaskattur félagsins var vanframtalinn um alls 87.955.032 krónur á ofangreindu tímabili.

Varakrafa:

Með því að hafa eigi staðið skil á virðisaukaskatti sem innheimtur var eða innheimta bar í rekstri einkahlutafélaganna Fiskiferða, KK bygg, Starfsmanna og Leikins, nánar tiltekið vegna uppgjörstímabilanna september – október rekstrarárið 2012 til og með nóvember – desember rekstrarárið 2013 að því er varðar Fiskiferðir ehf., vegna uppgjörstímabilanna nóvember – desember rekstrarárið 2013 til og með janúar – febrúar rekstrarárið 2015 að því er varðar KK bygg ehf., vegna uppgjörstímabilanna mars – apríl til og með júlí – ágúst rekstrarárið 2015 að því er varðar Starfsmenn ehf. og vegna uppgjörstímabilanna september – október til og með nóvember – desember rekstrarárið 2015, að því er varðar Leikin ehf., samtals að fjárhæð að lágmarki 151.991.415 krónur sbr. 1. tl. A og B kafla ákærunnar.

3. [...]

D.

Framangreind brot ákærðu Konráðs, Róberts, X og Y samkvæmt A og B kafla ákæru teljast varða við 1. og 2. mgr. 262. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. einnig:

- a) 1. mgr. 40. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt að því er varðar 1. tl. A og B kafla ákærunnar.
- b) 2. tl. 1. mgr. 37. gr., sbr. 36. gr. laga nr. 145/1994 um bókhald, að því er varðar 2. tl. A og B kafla ákærunnar.
- c) [...]

Framangreind brot ákærða Kristjáns samkvæmt C kafla ákæru teljast varða við 1. og 2. mgr. 262. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. einnig:

- a) 6. mgr. 40. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt og 3. tl. 1. mgr., sbr., 2. mgr. 37. gr. laga nr. 145/1994, um bókhald, að því er varðar 1. tl. C kafla ákærunnar.
- b) Til vara við 1. mgr. 262. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 1. mgr. 40. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

- c) 1. og 2. mgr. 264. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, að því er varðar 3. tl. A og B kafla ákærunnar.

Þess er krafist að ákærðu verði dæmd til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

[...]"

Með úrskurði Héraðsdóms Reykjaness 4. maí 2022, sem staðfestur var í Landsrétti 24. maí 2022, var frávísunarkröfum ákærðu X og Y á 1. og 2. tölulið A kafla ákæru hafnað. Fallist var á kröfu þeirra um frávísun 3. töluliðar A kafla ákæru auk þess sem 3. tölulið B og C kafla ákæru vegna meints peningabvættis var vísað frá dómi án kröfu.

Í þinghaldi 9. júní 2022 féll ákæruvaldið frá upptökukröfu á hendur ákærða Kristjáni Þórisssyni á innstæðu að fjárhæð 3.500.000 krónur af bankareikningi nr. [...] sem héraðssaksóknari stofnaði vegna haldlagningar sem fram fór 29. nóvember 2017.

Ákærði Kristján Þórisson hefur skilyrðislaust játað sök samkvæmt 1. og 2. tölulið C kafla ákæru og krefst vægustu refsingar er lög leyfa og að hún verði skilorðsbundin, bæði hvað varða fangelsisrefsingu og sekt. Verði refsing óskilorðsbundin er þess krafist að gæsluvarðhald 12.-19. apríl 2016 dragist frá refsingu komi til refsivistar.

Önnur ákærðu krefjast sýknu af öllum ákæruliðum en til vara að þeim verði ekki gerð refsing og til þrautavara að þeim verði gerð vægasta refsing er lög leyfa og að hún verði skilorðsbundin að öllu leyti þar með taldar sektir. Verði refsivist óskilorðsbundin er þess krafist að gæsluvarðhald á rannsóknartíma komi til frádráttar refsivist.

Verjendur allra ákærðu krefjast hæfilegra málsvarnarlauna að mati dómsins sem greiðist úr ríkissjóði.

I.

Málavextir

Rannsókn Skattrannsóknarstjóra ríkisins, hér eftir SRS, á bókhaldi og virðisaukaskattsskilum Brotafls ehf. rekstrartímabilið janúar 2012 til og með febrúar 2015 hófst formlega með tilkynningu dagsettri 11. ágúst 2015. Var það í kjölfar tilkynningar ríkisskattstjóra 4. maí sama ár vegna gruns um að Brotafl ehf. nýtti sér tilhæfulausa reikninga KK bygg ehf. Rannsókn SRS á bókhaldi og virðisaukaskattsskilum Kraftbindinga ehf. rekstrartímabilið janúar 2013 til og með desember 2014 hófst formlega með tilkynningu dagsettri 12. ágúst 2015. Rannsóknin

hófst með tilkynningu ríkisskattstjóra um meint brot vegna meints oftalins innskatts og gjaldfærslu hjá félaginu á grundvelli tilhæfulausra reikninga.

Með bréfi SRS, dagsettu 19. nóvember 2015, var embætti héraðssaksóknara sent til rannsóknar mál vegna meintra brota ákærðu og J á lögum nr. 90/2003 um tekjuskatt, lögum nr. 50/1988 um virðisaukaskatt, lögum nr. 45/1987 um staðgreiðslu opinberra gjalda, lögum nr. 145/1994 um bókhald og eftir atvikum einnig gegn almennum hegningarlögum. Var óskaði eftir tilteknum rannsóknaraðgerðum og aðstoð við málið. Til grundvallar lá bráðabirgðaskýrsla SRS á skattskilum félaganna KK bygg ehf., Starfsmönnum ehf., Fiskiferðum ehf., Kraftbindingum ehf., nú Summit ehf., afskráð, og Brotafli ehf., nú gjaldþrota. Rannsóknartímabil vegna bókhalds- og virðisaukaskattsskila Bygg ehf. var rekstrartímabilið janúar 2013 til og með febrúar 2015. Rannsóknartímabil vegna bókhalds og virðisaukaskattsskila Fiskiferða ehf. var rekstrartímabilið janúar 2012 til og með desember 2013. Rannsóknartímabil vegna bókhalds, virðisaukaskattsskila og staðgreiðsluskila Starfsmanna ehf. var rekstrartímabilið febrúar 2015 til október 2015. Rannsóknartímabil vegna bókhalds og virðisaukaskattsskila Kraftbindinga var rekstrartímabilið janúar 2013 til og með desember 2014 og rannsóknartímabil vegna bókhalds og virðisaukaskattsskila Brotafls ehf. var rekstartímabilið janúar 2012 til og með febrúar 2015. Málunum var vísað til sakamálarannsóknar þar sem rökstuddur grunur var um alvarlega og skipulagða brotastarfsemi nokkurra aðila sem fól í sér skattundanskot að verulegum fjárhæðum. Taldi SRS mikilvægt að þeir aðilar sem kæmu sameiginlega að hinni skipulögðu brotastarfsemi yrðu teknir til skýrslugjafar hið fyrsta og rannsókn málsins hraðað til að koma í veg fyrir áframhaldandi brot. Á þessu stigi málsins hafði rannsókn SRS eingöngu beinst að hugsanlegum kaupum forráðamanna skattaðilanna Kraftbindinga ehf. og Brotafls ehf. á sölureikningum sem ættu sér ekki efnislega stoð í reynd, færslu þeirra í bókhald og framtöldum innskatti samkvæmt innsendum virðisaukaskattsskýrslum. Seljandi reikninganna var Kristján Þórisson, í nafni félaganna KK bygg ehf., Starfsmanna ehf. og Fiskiferða ehf., en grunur lék á að síðastgreind félög hefðu verið stofnuð í þeim tilgangi að gefa út sölureikninga á hendur félögunum og fengi Kristján Þórisson í staðinn greiðslu fyrir útgáfu þeirra. Til grundvallar lágu bráðabirgðaskýrslur SRS á tilgreindum félögum dagsettar 18. nóvember 2015.

Af hálfu héraðssaksóknara var aflað gagna og farið í rannsóknaraðgerðir, m.a. til gagnaöflunar með hlustun og hljóðritun símtala, farið var í húsleitir og ýtarlegra

bankagagna aflað auk þess sem ákærðu voru úrskurðuð í gæsluvarðhald 12.-19. apríl 2016. Þá voru ýmsar eignir ákærðu kyrrsettar og fjármunir haldlagðir á sama tíma. Teknar voru skýrslur af bókhaldsaðilum, starfsmönnum, viðskiptavinum o.fl. Út frá úrvinnslu og greiningu á þeim gögnum sem lögregla aflaði var ákveðið að rannsókn á málinu skyldi haldið áfram hjá SRS og var málinu vísað aftur til embættisins þann 7. október 2016.

Meðan málið var til rannsóknar hjá SRS voru gerðar nokkrar breytingar á rannsóknartímabilum Brotafls og Kraftbindinga. Með tilkynningum SRS, dagsettum 8. nóvember 2016, var afmörkun rannsóknar hjá Kraftbindingum ehf. breytt og miðaðist við tímabilið janúar 2013 til og með desember 2015, svo og hjá Brotafli ehf. og miðaðist við tímabilið janúar 2013 til og með desember 2015, sem og staðgreiðsluskilum Brotafls ehf. SRS tilkynnti Brotafli ehf. 6. júní 2017 að rannsóknin næði yfir rekstrartímabilið janúar 2012 til og með desember 2015.

Embætti héraðssaksóknara féllst þann 29. nóvember 2017 á beiðni ákærða Kristjáns um að kyrrsetningu á fasteigninni Flétturima 10, Reykjavík, að fjárhæð 3.500.000 krónur, sem var þinglýst eign ákærða Kristjáns, yrði aflétt, gegn því að greiddar yrðu 3.500.000 krónur inn á reikning héraðssaksóknara til haldlagningar og tryggingar upptöku ef til kæmi.

Þann 8. júní 2018 var ákærðu Konráði og Róberti, sem fyrirverandi fyrirsvarsmönnum Kraftbindinga, ákærða Kristjáni og Þóri Skarphéðinssyni, skiptastjóra Kraftbindinga (Summit ehf.), send skýrsla SRS til andmæla og gefinn frestur til 22. júní 2018 til að tjá sig um efni skýrslunnar og koma að mótmælum, gögnum og skriflegum skýringum áður en SRS tæki ákvörðun um framhald málsins. Andmæli ákærða Róberts bárust með bréfi verjanda hans dagsettu 21. júlí 2018 og andmæli ákærða Konráðs bárust með bréfi verjanda hans dagsettu 2. ágúst 2018, en þeir höfðu fengið fresti þar að lútandi. Bréf þessi liggja fyrir í málinu og varða andmæli ákærðu, hvað sakarefni málsins snertir, að mestu leyti sömu atriði og sýknukröfur þeirra byggjast á. Eru andmæli þeirra ítarlega rakin í endanlegri skýrslu SRS í málinu. Ákærði Kristján Þórisson og skiptastjóri sendu ekki andmæli. Þann 28. júní 2018 var ákærðu X, Y og Kristjáni sem og J og T, skiptastjóra Brotafls, send skýrsla skattrannsóknarstjóra til andmæla og gefinn frestur til 20. ágúst 2018 til að tjá sig um efni skýrslunnar og koma að mótmælum, gögnum og skriflegum skýringum áður en SRS tæki ákvörðun um framhald málsins. Andmæli ákærða X bárust með bréfi verjanda hans dagsettu 19. ágúst 2018, en andmæli ákærðu Y

og J bárust með bréfum verjanda þeirra dagsettum 20. ágúst 2018. Ákærði Kristján og skiptastjóri sendu ekki andmæli. Bréf þessi, ásamt fylgiskjölum, liggja fyrir í málinu og varða andmæli ákærðu X og Y, hvað sakarefni málsins snertir, að mestu leyti sömu atriði og sýknukröfur þeirra byggjast á. Meðal fylgiskjala andmæla þeirra voru vinnuskýrslur vegna ýmissa verka sem ákærðu töldu sýna fram á rangfærslur ákærða Kristjáns og verkefni á hans vegum sem verktaka. Í andmælum J var því haldið fram að hann hefði gögn, svo sem nafnalista og vinnuskýrslur, er varpað gætu ljósi á atvik málsins en umrædd gögn hafi ekki verið honum tiltæk fyrir og fór hann fram á að tekin yrði skýrsla af sér hjá héraðssaksóknara sem ekki var gert. Eru andmælin rakin í endanlegri skýrslu SRS í málinu en þar er einnig gerð grein fyrir rannsókn á þeim gögnum sem send voru með andmælunum og tekin afstaða til þeirra.

Þann 5. september 2018 var ákærðu Konráði, Róberti og Kristjáni og þann 21. september 2018 ákærðu X, Y og Kristjáni, auk J, tilkynnt með bréfi SRS um lok rannsóknar og fyrirhugaða ákvarðanatöku hvað varðaði refsimeðferð málsins og þeim veittur 15 daga frestur til að tjá sig áður en ákvörðun um ákærumeðferð yrði tekin. Athugasemdir ákærða Róberts bárust SRS með bréfi verjanda hans dagsettu 18. september 2018. Athugasemdir ákærða Konráðs bárust SRS með bréfi verjanda hans dagsettu 20. september 2018. Bréfin liggja fyrir í málinu og er þar vísað til fyrri andmæla en óskað var eftir því að ljúka málinu með sektargerð SRS. Engin svör bárust frá ákærðu X, Y og Kristjáni né J.

Að lokinni rannsókn SRS var málinu vísað aftur til embættis héraðssaksóknara með bréfum dagsettum 28. nóvember 2018 ásamt tveimur skýrslum, önnur varðandi Brotafli dagsett 17. september 2018 en hin varðandi Kraftbindingar dagsett 29. ágúst 2018 og liggja þær fyrir í málinu. Í bréfunum og skýrslunum er meintum brotum lýst og eru þau hin sömu og í ákæru greinir.

Rannsókn SRS á Brotafli leiddi í ljós að J hefði verið stofnandi félagsins og eigandi og varamaður í stjórn og prókúruhafi félagsins fram til 18. febrúar 2014 er hann tók við sem stjórnarmaður. Ákærði X hefði verið stofnandi félagsins, eigandi og prókúruhafi, auk þess að hafa verið stjórnarmaður og framkvæmdastjóri félagsins til 18. febrúar 2014, en eftir þann tíma áfram handhafi prókúruumboðs félagsins. Ákærða Y hefði verið handhafi prókúruumboðs félagsins á rannsóknartímabilinu og af gögnum málsins hafi mátt ráða að hún hafi að einhverju leyti komið að daglegri stjórn skattaðila. Ákærði Kristján Þórisson hafi gefið út tilhæfulausa reikninga á hendur Brotafli í nafni

félaganna Fiskiferða ehf., KK bygg ehf., Starfsmanna ehf. og Leikin ehf. og staðin hafi verið skil á efnislega röngum virðisaukaskattsskýrslum í starfsemi Brotafls. Talið var að háttsemi þeirra allra kynni að varða þau öll refsingu.

Samkvæmt skýrslu SRS varðandi Brotafl ehf. leiddi rannsókn í ljós að vanrækt hefði verið að standa skil á virðisaukaskattsskýrslum vegna uppgjörstímabilanna maí-júní til og með nóvember-desember rekstrarárið 2012 og mars-apríl og maí-júní rekstrarárið 2013. Leiðréttingarskýrslur virðisaukaskatts voru meðfylgjandi skattframtölum sem staðin voru skil á vegna rekstraráranna 2012 til og með 2015 en þær höfðu ekki verið afgreiddar. Þá leiddi rannsókn í ljós að staðin hefðu verið skil á efnislega röngum virðisaukaskattsskýrslum vegna uppgjörstímabilanna september-október og nóvember-desember rekstrarárið 2012 og vegna allra uppgjörstímabila rekstraráranna 2013 til og með 2015. Útgefnir sölureikningar í nafni Fiskiferða ehf., KK bygg ehf., Starfsmanna ehf. og Leikin ehf. á hendur skattaðila ættu að mati SRS ekki við rök að styðjast og væru ekki hæfir sem grundvöllur innskatts. Innskattur vegna sölureikninganna væri oftalinn á innsendum virðisaukaskattsskýrslum vegna uppgjörstímabilanna september-október og nóvember-desember rekstrarárið 2012 að fjárhæð 2.869.004 krónur, vegna rekstrarársins 2013 að fjárhæð 11.104.472 krónur, vegna rekstrarársins 2014 að fjárhæð 22.362.649 krónur og vegna rekstrarársins 2015 að fjárhæð 31.303.787 krónur.

Rannsókn SRS á Kraftbindingum leiddi í ljós að félagið væri í jafnri eigu ákærðu Konráðs Þórs og Róberts Páls og þeir kæmu báðir að stjórn og ákvarðanatöku félagsins. Staðin hafi verið skil á efnislega röngum virðisaukaskattsskýrslum vegna uppgjörstímabilanna mars-apríl, maí-júní og nóvember-desember 2013, allra uppgjörstímabila ársins 2014 og uppgjörstímabilanna mars-apríl til og með nóvember-desember 2015. Útgefnir sölureikningar Fiskiferða ehf., KK bygg ehf., Starfsmanna ehf. og Leikin ehf. á hendur Kraftbindingum ættu ekki við rök að styðjast og væru ekki hæfir sem grundvöllur innskatts. Innskattur vegna sölureikninganna væri oftalinn á innsendum virðisaukaskattsskýrslum vegna sömu tímabila og tilgreind eru vegna rangra virðisaukaskattsskýrslna og næmi samtals 5.453.133 krónum árið 2013, 49.369.991 krónum rekstrarárið 2014 og 33.131.908 krónum árið 2015. Ákærði Kristján Þórisson hafi gefið út tilhæfulausa reikninga á hendur Kraftbindingum í nafni félaganna Fiskiferða ehf., KK bygg ehf., Starfsmanna ehf. og Leikin ehf. og staðin hafi verið skil á efnislega

röngum virðisaukaskattsskýrslum í starfsemi Brotafls. Talið var að háttsemi þeirra allra kynni að varða þá refsingu.

Teknar voru skýrslur af ákærða Kristjáni hjá SRS þann 30. september 2015, 27. október 2015 og 25. janúar 2018 og hjá héraðssaksóknara dagana 12., 15. og 19. apríl 2016, 30. nóvember 2017 og 3. febrúar 2021. Ákærði Kristján neitaði því alfarið í skýrslum árin 2015 og 2016 að hafa gefið út tilhæfulausa sölureikninga á hendur Brotafli ehf. og Kraftbindingum ehf. og kvað alla vinnu samkvæmt reikningum hafa verið unna af sér og starfsmönnum á vegum félaga sinna. Þann 30. nóvember 2017 kom ákærði að eigin frumkvæði til héraðssaksóknara til að gefa skýrslu. Þar bar ákærði að allir sölureikningar útgefnir af félögunum Fiskiferðir ehf., KK bygg ehf., Starfsmenn ehf. og Leikin ehf. á hendur Brotafli ehf. og Kraftbindingum ehf. hefðu verið tilhæfulausir að mestu leyti og tilgreind vinna að baki þeim ekki innt af hendi. Ákærði bar það sama í skýrslu hjá skattrannsóknarstjóra 25. janúar 2018, sem og í skýrslu hjá héraðssaksóknara 3. febrúar 2021.

Teknar voru skýrslur af ákærðu X og Y hjá héraðssaksóknara 12., 15. og 19. apríl 2016 en X gaf þar einnig skýrslu 2. mars 2021. Ákærði X kvaðst hafa stýrt félaginu Brotafli ehf. ásamt J en sagði að bókhaldsstofa hafi að öðru leyti séð um rekstur, skattskil og bókhald félagsins. Ákærða Y kvaðst aðeins hafa aðstoðað lesblindan sambylismann sinn, sem ekki kynni á tölvu, við skrifstofustörf hjá félaginu og gert það sem meðákærði X og meðeigandi hans, J, sem hafi báðir stýrt rekstri Brotafls, hafi beðið sig um að gera. Hún hafi ekki verið launaður starfsmaður félagsins auk þess sem hún hafi aldrei verið eigandi, framkvæmdastjóri eða stjórnarmaður félagsins og ekki komið að stjórn fjármála, eða ákvörðun um greiðslu reikninga og launa, um skattskil, færslu eða vörslu bókhalds en bókhaldsstofa hafi séð um skattskil og bókhald. Bæði ákærðu kváðu alla sölureikninga félaga á vegum ákærða Kristjáns hafi verið vegna undirverktöku og vinnu sem hafi verið innt af hendi. J, eigandi og eini stjórnarmaður Brotafls frá 18. febrúar 2014, en félagið var án formlegs framkvæmdastjóra frá þeim tíma, var ekki ákærður í málinu.

Teknar voru skýrslur af ákærðu Konráði og Róberti hjá héraðssaksóknara 12., 15. og 19. apríl 2016. Einnig voru teknar skýrslur af ákærða Róberti hjá SRS 2. febrúar 2017 og hjá héraðssaksóknara 4. maí 2021 og af ákærða Konráði hjá SRS 1. júní 2017 og hjá héraðssaksóknara 12. maí 2021. Báðir ákærðu báru um að allir sölureikningar félaga á vegum ákærða Kristjáns hafi verið vegna undirverktöku og vinnu sem hafi verið innt af hendi.

Samkvæmt upplýsingaskýrslu dagsettri 7. júlí 2021 sendi saksóknari málið aftur til rannsakanda, með bréfi 21. júní 2021, til að ganga úr skugga um að gögn, sem J hafði undir höndum um vinnuframlag Kristjáns Þórarinssonar og óskað var eftir að yrði tekið tillit til í andmælum við skýrslu SRS, hefðu örugglega komið fram og verið rannsökuð en ekki hafi verið merki um það í lokaskýrslu SRS. Í skýrslunni kemur fram að haft hafi verið samband við J sem ekki hafi talið sig vera með viðbótargögn en bent á ÍAV vegna mögulegra upplýsinga um vinnuframlag ákærða Kristjáns við fangelsið á Hólmsheiði. Erindi hafi borist skömmu síðar frá verjanda J ásamt gögnum. Skoðun á þeim hafi leitt í ljós að um sömu gögn hafi verið að ræða og ákærði X hafði afhent með andmælum sínum við skýrslu SRS. Niðurstöður rannsóknarinnar voru að vinnuskýrslur væru í ósamræmi við útgefna sölureikninga vegna sama tíma og að önnur gögn og upplýsingar styddu ekki að félög ákærða Kristjáns hefðu unnið að byggingu fangelsisins á Hólmsheiði en samkvæmt trúnaðaryfirlýsingu frá Brotafli vegna fangelsisins hafi ákærði Y verið starfsmaður Brotafls.

Samkvæmt gögnum málsins var við rannsókn málsins hjá embætti héraðssaksóknara farið ítarlega yfir mögulega vinnu ákærða Kristjáns fyrir Brotafl sem leiddi til þess að á árinu 2013 var fjárhæð reikninga lækkuð um 500.000 krónur, á árinu 2014 um 4.377.860 krónur og á árinu 2015 um 13.419.000 krónur. Leiddi það til samsvarandi lækkunar á fjárhæð tilhæfulausra reikninga og oftalins innskatts miðað við niðurstöðutölur þeirra ára í skýrslu SRS og tekur ákæra mið af þeirri lækkun.

Ákæra í málinu styðst við lögreglurannsókn sem fram fór á grundvelli bréfs SKR til héraðssaksóknara 28. nóvember 2018 og rannsóknargagna sem því fylgdu. Meðal framlagðra gagna eru útprentanir úr bókhaldi Brotafls og Kraftbindinga og upplýsingaskýrslur héraðssaksóknara er tengjast þeim, útprentanir af bankareikningum félaganna og fjölmörg skjöl er varða fjármál þeirra, auk samantektar héraðssaksóknara vegna vinnu ákærða Kristjáns fyrir Brotafl á árunum 2013, 2014 og 2015 til lækkunar á mati á tilhæfulausum reikningum og fjárhæðum vegna offramtalins virðisaukaskatts. Einnig liggur fyrir mat á starfsmannþörf miðað við útgefna reikninga einkahlutafélaganna Fiskiferðir, KK bygg, Starfsmenn og Leikin. Þá liggja fyrir endurrit af símtölum ákærðu í febrúar og mars 2016. Enn fremur liggja fyrir upplýsingar frá Fjársýslu ríkisins og Íslenskum aðalverktökum vegna undirverktöku Brotafls við fangelsið á Hólmsheiði auk upplýsinga um starfsmenn frá ríkisskattstjóra.

Við rannsókn málsins voru teknar skýrslur af fjölmörgum vitnum en ekki er ástæða til að rekja efni þeirra sérstaklega.

Félögin sem ákærði Kristján Þórisson var í fyrirsvári fyrir og gáfu út reikningana sem ákæran byggist á eru Fiskiferðir, KK bygg, Starfsmenn og Leikin. Þessi fjögur félög tengja saman félögin Brotafl og Kraftbindingar. Fyrir dómi kom einnig fram að eigendur félaganna Brotafl og Kraftbindingar tengjast fjölskylduböndum.

Félagið Fiskiferðir var stofnað af S, föður ákærða Kristjáns. Félagið var ekki með bankareikning og starfrækt í tengslum við útgerð en það var tekið til gjaldþrotaskipta 16. mars 2016. Á rekstrarárunum 2012-2013, sem er sama tímabil og ákæra varðar, gerði félagið enga grein fyrir virðisaukaskattsskyldri starfsemi og var enginn á launaskrá félagsins árið 2012 en S var einn á launaskrá árið 2013 þótt engin laun væru gefin upp á hann.

Félagið KK bygg var stofnað af ákærðu Kristjáni og X 15. september 2013. Ákærði Kristján var stjórnarformaður félagsins með prókúru en ákærði X varamaður í stjórn. X skráði sig úr stjórninni 10. febrúar 2014. Félagið gerði ekki neina grein fyrir virðisaukaskattsskyldri starfsemi rekstrarárin 2013 til 2015 og hefur ekkert bókhald verið afhent frá félaginu. Enginn var á launaskrá árið 2013 en ákærði Kristján var skráður á launaskrá árin 2014 og 2015 auk eins starfsmanns sem var skráður í febrúar 2015. Virðisaukaskattsnúmer félagsins var afskráð 2. mars 2015 og félagið tekið til gjaldþrotaskipta 3. júlí sama ár.

Félagið Starfsmenn var stofnað 15. janúar 2015. Ákærði Kristján var skráður framkvæmdastjóri með prókúru. Ekkert bókhald var fært í félaginu sem skilaði röngum virðisaukaskattsskýrslum fyrir rekstrarmánuði janúar/febrúar til og með maí/júní 2015. Félagið greiddi enga skatta. Ákærði Kristján var á launaskrá félagsins á tímabilinu mars til og með ágúst 2015. Að auki var einn starfsmaður skráður í mars og apríl 2015, þrír í maí og júní og tveir starfsmenn í júlí og ágúst. Samtals námu laun 4.463.800 krónum. Virðisaukaskattsnúmer félagsins var afskráð 26. ágúst 2015 og félagið úrskurðað gjaldþrota 4. maí 2016.

Fjórða félagið var Leikin en Hendrik Hermannsson var skráður stjórnarmaður félagsins með prókúru frá 4. febrúar 2015. Ákærði Kristján tók félagið ekki formlega yfir heldur fékk prókúruumboð á bankareikning félagsins og gaf fyrsta reikninginn út í október 2015. Óumdeilt er í málinu að ákærði Kristján kom fram fyrir hönd félagsins.

Ekkert bókhald var fært í félaginu á þessu tímabili né voru þar skráðir starfsmenn. Virðisaukaskattskýrslum var ekki skilað en virðisaukaskattsnúmerið var afskráð 4. janúar 2016 og félagið tekið til gjaldþrotaskipta 13. júní sama ár.

II.

C kafli ákæru – skýrslur ákærða Kristjáns fyrir dómi og við rannsókn málsins

Ákærði Kristján Þórisson hefur játað fyrir dómi að hafa gerst sekur um þá háttsemi sem honum er gefin að sök í 1. og 2. tölulið C kafla ákæru. Framburður hans varðar bæði A og B kafla ákæru.

Fyrir dómi vísaði ákærði til framburða sem hann gaf hjá héraðssaksóknara 30. nóvember 2017 og síðar en ákærði gaf skýrslu hjá skattrannsóknarstjóra 25. janúar 2018 og hjá héraðssaksóknara í febrúar 2021, sem voru í meginatriðum samhljóða skýrslu hans í nóvember 2017. Þar bar ákærði að allir reikningar sem hann hefði gefið út á hendur Brotafli og Kraftbindingum vegna félaganna Fiskiferðir, KK bygg, Starfsmenn og Leikin hafi verið tilhæfulausir og sú vinna sem þar hafi verið tilgreind hafi ekki verið innt af hendi.

Aðspurður hvort breyttur framburður hafi verið vegna fyrirgreiðslu ákæruvalds neitaði ákærði að svo hafi verið. Ákærði staðfesti að kyrrsetningu í fasteign hafi verið aflétt og breytt í haldlagða fjármuni, sem nam 3,5 milljónum króna, en fasteignin hafi í raun verið eign dóttur hans. Aðspurður hvort afléttingin hafi haft einhver áhrif á breyttan framburð ákærða kvað hann svo ekki vera. Hann kvaðst hafa komið að eigin frumkvæði í skýrslutöku til héraðssaksóknara og óskað eftir að breyta framburði sínum.

Þar sem ákærði vísaði til skýrslna sem hann gaf hjá héraðssaksóknara 30. nóvember 2017 og síðar fyrir dómi, eru þeir framburðir raktir hér.

Eins og áður hefur komið fram hefur ákærði Kristján játað sök í málinu en fyrir dómi vísaði hann að mestu leyti til framburða sinna í skýrslum frá 30. nóvember 2017 og síðar, þar sem hann kvað reikninga einkahlutafélaganna Fiskiferðir, KK bygg, Starfsmanna og Leikins á hendur Brotafli ehf. og Kraftbindingum ehf. vera tilhæfulausa.

Ákærði hélt því afdráttarlaust fram í þremur skýrslum hjá héraðssaksóknara vegna málsins, 12., 15. og 19. apríl 2016, að allir sömu reikningar hafi verið vegna vinnu sem innt hefði verið af hendi.

Í skýrslutöku hjá héraðssaksóknara 12. apríl 2016 kvaðst ákærði hafa tekið að sér undirverktöku við byggingar og þjónustan aðallega snúist um að útvega starfsmenn,

sem ákærði hafi greitt laun með reiðufé. Kvaðst hann mest hafa verið með allt að 15 starfsmenn. Hann kvaðst hafa verið í samskiptum við meðákærðu Y sem hafi séð um bókhald og meðákærða X vegna reikninga á hendur Brotafli og í samskiptum við meðákærðu Konráð og Róbert vegna reikninga á hendur Kraftbindingum. Bókhald hafi ekki verið haldið í neinu félaganna og lögmæltum skýrslum, skilagreinum og greiðslum ekki verið skilað til hins opinbera. Ákærði viðurkenndi mikla óreiðu í rekstri félaganna og bar við mikilli óreglu en hann kvaðst af þeim sökum hafa tekið mörg hundruð milljónir út úr fyrirtækjunum. Ákærði kvaðst hafa verið með þrjá til fimm starfsmenn hjá Fiskiferðum og hafa greitt þeim um 1.500 krónur á tímann. Skýringar ákærða á reikningum útgefnum á árinu 2012 og fyrri part ársins 2013 auk aðkomu hans að Fiskiferðum voru mjög óskýrar en hann kvaðst ekki muna þetta vel og hafa verið miklu rugli. Ákærði kvaðst hafa stofnað félagið KK bygg, sem hafi verið með sama sniði og Fiskiferðir og beðið meðákærða X að vera varamann í stjórn. Félagið hafi verið með um 15 starfsmenn, sem hafi flestir fengið um 1.500 krónur á tímann en góðir starfsmenn hafi getað fengið allt að 2.500 krónur. Starfsmannafjöldi hafi verið mjög sveiflukenndur en ákærði kvaðst hafa haft aðgang að starfsmönnum eftir þörfum dag frá degi en þeir hafi komið af götunni að biðja um vinnu.

Kvaðst ákærði ekki hafa verið í standi til að vera í einu eða neinu á þessu tímabili vegna óreglu og kvað föður sinn hafa gefið út sölureikninga samkvæmt tímablöðum sem starfsmenn hafi sjálfir fyllt út. Hann kvaðst hafa rukkað Brotafl og Kraftbindingar um 5.500 krónur auk virðisaukaskatts á tímann. Félagið Starfsmenn hafi verið í sömu verkefnum og KK bygg með 15-20 starfsmenn, þar af hafi verið fjórir til sex á launaskrá og gat hann nefnt B, Sigurvin og Edgar. Kvaðst hann hafa fengið aðgang að heimabanka en aldrei notað hann. Aðspurður hvers vegna Brotafl og Kraftbindingar hafi verið að leita til ákærða til að borga honum 5.500 krónur eða meira á tímann þegar hægt hafi verið að fá nóg af starfsmönnum á 1.500 krónur á tímann, kvaðst ákærði ekki geta svarað því. Ákærði kvaðst hafa verið með félagið Leikin á eftir félaginu Starfsmenn og fengið prókúru á bankareikning félagsins. Aðspurður hvers vegna hann hafi verið með prókúru svaraði ákærði „Það er nú eiginlega bara sami leikurinn þar, sko.“

Í skýrslutöku 15. apríl 2016 kvaðst ákærði ekki hafa verið með nein tæki því séð hafi verið fyrir þeim á verkstöðum. Hann kvaðst hafa greitt starfsmönnum 1.400-2.500 krónur á tímann en vinnudagurinn hafi verið 10 klukkutímar. Framburður J um að hann hafi verið með um 10-15 starfsmenn var borinn undir hann og svaraði hann þá „já, já, hjá

þeim“. Hann kvaðst hafa látið „Köllu“ fá reikninga á hendur Brotafli og hún hafi séð um bókhaldið. Ákærði kvaðst nánast ekkert hafa verið á verkstöðum Kraftbindinga en menn frá þeim hafi stýrt starfsmönnum hans. Hann hafi safnað saman tímaskýrslum starfsmanna einu sinni í mánuði en ekkert farið yfir þær og kvað meðákærðu Konráð eða Róbert sem hafi samþykkt reikninga „örugglega“ hafa haldið utan um tímana. Hann kvaðst ekki hafa ráðið við að stjórna öllum þessum starfsmönnum og ekki alltaf hafa vitað hvar þeir hafi verið en meðákærðu X, Konráð og Róbert auk J hafi stundum sagt starfsmönnum hvar þeir áttu að mæta. Hann kvaðst hafa geymt peninga sem hann tók út í reiðufé um 680 milljónir króna og eytt því sem hann greiddi ekki í laun sem hann taldi hafa verið um helming fjárhæðarinnar. Kvaðst hann hafa verið í óreglu og eytt miklu í ferðir erlendis, fíkniefni og stelpur.

Í þriðju skýrslutöku hjá héraðssaksóknara 19. apríl 2016 kvaðst ákærði Kristján hafa byrjað að gefa út reikninga fyrir Fiskiferðir á árinu 2012 vegna vinnu sem hann og frændur hans hafi innt af hendi fyrir Brotafl. Kvað hann þá mögulega hafa verið fjóra og hafa haft um 20 manns í vinnu í desember 2013 en að meðaltali mögulega um 15. Kvað hann mikið af útlendingum hafa verið í vinnu hjá honum og mikið um sömu menn milli félaga.

Ákærði Kristján óskaði eftir því við héraðssaksóknara að fá að koma til skýrslugjafar og mætti hann til yfirheyrslu að eigin frumkvæði þann 30. nóvember 2017. Greindi hann frá því að það sem hann hafi sagt áður hafi verið „haugalygi“. Greindi hann frá því að hann hafi verið verktaki hjá X sem hafi „boðið honum þetta“. X hafi viljað koma sér undan ábyrgð við að greiða starfsmönnum laun og ýtt þeim að honum. Hann kvaðst hafa verið með tvo til þrjá starfsmenn en ekki 10-20. Y hafi haldið utan um greiðslur og innkomu og hafi séð um bókhaldið. Hann hafi farið til Y sem hafi skrifað niður fjárhæðin sem reikningurinn hafi átt að hljóða upp á. Hún hafi hringt í ákærða og sagt: „Heyrðu, ég er svöng“ sem hafi þýtt að hún væri búin að leggja inn. Ákærði hafi þá farið í bankann, tekið út fjárhæðina í reiðufé og látið Y fá aftur en X hafi tekið við peningunum í eitt eða tvö skipti. Ákærði kvað Y hafa stýrt peningamálum Brotafls en J hafi ekki vitað neitt. Aðspurður um það hvort ekkert væri á bak við reikningana frá Fiskiferðum, KK bygg, Starfsmönnum og Leikin, svaraði hann „nei, ekki nema þessi vinna þú veist, en ég var hættur að senda inn reikninga fyrir mig og starfsmennina mína, hún gaf mér bara upp eina tölu fyrir hvern mánuð“. Kvað hann Y ekki hafa viljað að hann

gæfi út reikninga fyrir sig vegna þeirrar vinnu sem hann vann og svo annan upp á tugir milljóna fyrir hana.

Kvað hann fyrirkomulagið vegna Kraftbindinga hafa verið það sama og kvaðst hann hafa verið í samskiptum við bæði Konráð og Róbert. Ákærði kvaðst hafa einungis hafa unnið eitthvað fyrir Brotafl en ekkert fyrir Kraftbindingar en stundum hafa fengið þóknun hjá Kraftbindingum. Ákærði kvaðst oftast hafa afhent Konráði peningana en einnig Róberti. Konráð hafi oftast komið með sér í bankanna og beðið fyrir utan þegar reikningar höfðu verið greiddir sem hafi oftast dregist á langinn. Aðspurður taldi hann mikinn hluta reiðufjár vegna reikninga hafi farið í laun hjá Brotafli og Kraftbindingum og sagði að rannsakendur ættu að vita að mikið af þessum peningum hafi farið til baka í laun. Játti hann því aðspurður hvort hluti launa hafi verið svart.

Í skýrslutöku hjá SRS 25. janúar 2018 bar hann með sambærilegum hætti. Hann kvaðst hafa verið að vinna fyrir Brotafl frá því í júní eða júlí 2013 en reikningar Fiskiferða fram að þeim tíma hafi verið algjörlega tilhæfulausir. Kvaðst hann hafa verið með tvo eða þrjá stráka og passað upp á að þeir fengju greitt en kvaðst að öðru leyti lítið hafa fengið greitt og alltaf verið í fjárhagserfiðleikum. Hann staðfesti að hafa gert handritaða reikninga og hafa ritað nafn föður síns á þá en Y hafi tekið á móti þeim. Staðfesti hann að hafa látið Y fá peningana og farið með þá heim til þeirra X. Staðfesti hann sama fyrirkomulag hjá öllum fjórum félögum, Y hafi ákveðið efni og fjárhæð reikninga, greitt og hann síðan tekið fjárhæðina út í reiðufé að nær öllu leyti og látið hana fá aftur.

Í skýrslutöku hjá héraðssaksóknara 3. febrúar 2021 bar ákærði einnig að mestu leyti með sama hætti um fyrirkomulag reikninganna, greiðslu þeirra og að hann hafi tekið sömu fjárhæðir út í reiðufé og látið meðákærðu fá peningana aftur. Þar kvað hann X hafa stjórnað öllu en J hafi ekki komið að þessu. Y haldið utan um reikningana og forskrift þeirra verið frá henni komin. Ástæðan hafi verið að núlla út hagnað og virðisaukaskatt. Kvað hann X hafa vitað af reikningunum en Y séð um tölurnar og fyrirmælin. Aðspurður um Kraftbindingar kvað hann það hafa verið sama dæmið, það lægi í augum uppi og bætti við „hvaða dómari sem er myndi aldrei trúá mér“. Kvaðst hann hafa verið jöfnum höndum í samskiptum við Konráð og Róbert og taldi að hann hafi fengið smávægilegar greiðslur eða um 8% af virðisaukaskatti.

III.

A kafli ákæru

Skýrslur ákærðu og vitna fyrir dómi

Ákærði X nýtti rétt sinn til að gefa ekki skýrslu fyrir dómi en kvaðst standa við framburð sinn hjá héraðssaksóknara sem hann vísaði til.

Ákærða Y kvaðst vera með grunnskólapróf og vera á vinnumarkaði í dag en hafa verið öryrki á árunum 2012 til 2015. Sambýlismaður hennar, ákærði X, hafi átt og rekið félagið Brotafl. Hún hafi aðstoðað X við lestur samninga og ritvinnslu því að hann væri les- og skrifblindur. Hún kvaðst hafa verið með prókúru á bankareikninga félagsins því að meðákærði X og J hafi beðið sig um að gefa út og borga reikninga en meðákærði X hafi verið „tölvuheftur“. Prókúra hennar á bankareikninga hafi falist í að geta skoðað reikningana í heimabanka, prenta út yfirlit og haka við. J hafi séð um allar verkskýrslur og hún hafi aðeins verið í samskiptum við meðákærða X og J vegna félagsins sem þeir hafi stjórnað og rekið saman árin 2012-2015. Meðákærði X hafi farið úr stjórn félagsins árið 2014 því að þeir [J] hafi verið með tvö félög og skipt stjórn félaganna með sér en hún kvaðst ekki vita hvort aðkoma meðákærða X að rekstri Brotafls hafi breyst við það. Ákærða kvaðst ekki hafa litið svo á að hún hafi verið starfsmaður Brotafls, hún hafi ekki mátt taka fjárhagslegar ákvarðanir vegna Brotafls, ekki komið fram fyrir hönd Brotafls við samningsgerð eða skrifað undir samninga né komið að stjórn Brotafls eða daglegum rekstri.

Aðspurð um hver hafi haldið utan um bókhaldsgögn Brotafls bar ákærða að J hafi komið með nótur til sín og „þeir“ beðið sig um að stemma af við bankareikning, J hafi einnig farið yfir og safnað saman gögnum vegna launa. Hún kvað J hafa beðið hana um að greiða reikninga og senda gögn til endurskoðanda sem hafi séð um skattskil. Bókhald hafi verið fært af F hjá ER endurskoðun, sem hafi einnig séð um gerð virðisaukaskattsskýrslna, staðgreiðslu launa, lífeyrisgreiðslur o.þ.h.

Ákærða kvað meðákærða Kristján Þórisson hafa tengst Brotafli árin 2012-2015 sem undirverktaki með félög sem „við keyptum þjónustu af“. Ákærða kvað hann hafa verið með smíði og vélamenn án þess að vita það nákvæmlega. Hún hafi séð verkskýrslur frá Kristjáni um tímafjöldu og starfsmenn og hafi verið beðin um að gera reikninga út frá þeim. Hún kvaðst muna eftir nokkrum íslenskum starfsmönnum; B, sem hafi unnið á Hólmsheiði, auk Stefáns, Sigurvins og Hákonar sem sé látinn. Aðspurð um hvort Kristján hafi verið í óreglu kvaðst hún ekki hafa áttað sig á því fyrr en seinn en kvað hann hafa getað mætt í vinnu og sinnt sínum verkefnum. Nánar aðspurð hvort það hafi verið einhver

vandamál vegna óreglu Kristján's árið 2015 játaði hún því en Kristján hafi verið verkstjóri í fangelsinu á Hólmsheiði og það hafi verið mikil vandræði í tengslum við það verkefni. Kristján hafi verið stór undirverktaki hjá Brotafli með marga starfsmenn, í kringum 10 til 14, en það hafi verið mjög mismunandi og stundum hafi verið margir verkstaðir í einu með tveggja til sex manna teyrum. Hún kvað Kristján hafa átt mót og fleira sem hann hafi leigt Brotafli og verið með einhverjar vélar. Samskipti við Kristján kvað hún aðallega hafa verið í kringum verkskýrslur, hann hafi skilað yfirlitum yfir vinnu félaganna og tíma starfsmanna svo að hægt væri að gera reikninga. Hún kvað J hafa aðallega farið yfir verkstöður og tíma, hún hafi stundum verið með þeim í að skrifa skýrslur en það hafi aðallega verið meðákærði X sem hafi beðið sig um að greiða reikninga. Brotafl hafi gert skriflega samninga við Kristján sem undirverktaka og hann hafi gert tilboð í verk en greitt hafi verið út frá því. Hún kvaðst hafa verið skömmuð af F fyrir að láta of mikið fylgja með bókhaldsgögnum og hann sagt sér að setja tilboð og samninga í sérstaka möppu. Verkskýrslurnar hafi því verið í sérstakri möppu en ekki hafi verið kallað eftir þeim gögnum af rannsakendum.

Reikningar Fiskiferða á hendur Brotafli árin 2012 og 2013 voru bornir undir ákærðu, alls 17 reikningar samtals að fjárhæð 63.983.449 krónur, þar af virðisaukaskattur 12.951.699 krónur, en hún kvaðst ekki muna eftir þeim. Hún kvaðst hafa séð um að greiða reikningana samkvæmt fyrirmælum J og meðákærða X. Aðspurð um það hver hafi staðreynt reikninga frá Fiskiferðum kvað hún J hafa séð um það. Hún hafi sótt reiðufé til að greiða reikningana að beiðni X og J þar sem félagið hafi ekki verið með bankareikning en kvaðst ekki muna hvor þeirra hafi afhent Kristjáni reiðufé. Yfirlit sölureikninga Fiskiferða og greiðslur á þeim af bankareikningi Brotafls með reiðufé var borið undir ákærðu. Hún kvaðst ekki vita hvers vegna oft hafi verið handskrifað A4 blað í bókhaldi Brotafls vegna reikninganna né hvers vegna viðskiptum við Fiskiferðir hafi verið hætt.

Ákærða kvað ákærðu Kristján og X hafi stofnað félagið KK bygg saman og X verið í varastjórn í stuttan tíma. Sölureikningar frá KK bygg ehf. á hendur Brotafli ehf. árin 2013, 2014 og 2015 voru bornir undir ákærðu, alls 15 reikningar samtals að fjárhæð 141.156.017 krónur, þar af virðisaukaskattur 28.001.614 krónur, sem ákærða kvaðst ekki muna sérstaklega eftir. Yfirlit sölureikninga KK bygg ehf. og greiðslur á þeim af bankareikningi Brotafls, ýmist með millifærslum eða með reiðufé, var borið undir ákærðu og hún spurð hvers vegna hluti reikninga hafi verið greiddur með reiðufé. Hún kvað það hafa verið gert að beiðni Kristján's sem hafi alltaf verið í mikilli fjárþörf og

sífelld verið að biðja um innborganir. Stundum hafi komið upp deilur því að búið hafi verið að greiða honum meira fyrirfram. Hún kvaðst ekki vita hvers vegna Brotafl hætti í viðskiptum við KK bygg.

Sölureikningar sem Starfsmenn ehf. gáfu út á hendur Brotafli ehf. árið 2015, alls sex reikningar samtals að fjárhæð 95.070.500 krónur, þar af virðisaukaskattur 18.400.742 krónur, voru bornir undir ákærðu, sem kvaðst ekkert sérstakalega hafa verið með þetta heldur hafi þetta bara verið hluti af öllum pappírnum sem hún setti í möppu. Hún kvað þjónustu sem Starfsmenn veittu Brotafli hafa verið smíðavinna, gifs, klæðningar, innréttingar o.fl. Öll félög Kristjáns hafi verið í sambærilegum verkefnum fyrir Brotafl og íslensku starfsmennirnir starfað lengi, eins og til dæmis B. Hún kvaðst hafa vitað um nöfn frá verkskýrslum sem hún hafi fengið afhentar og verið beðin um að setja upp í reikning. Yfirlit yfir greiðslur og millifærslur af reikningi Brotafls vegna reikninga Starfsmanna var borið undir ákærðu, sem kvað alltaf hafa verið eitthvert bras á Kristjáni en kvaðst ekki vita hvers vegna Brotafl hafi hætt viðskiptum við félagið. Hún kvaðst ekki hafa fengið upplýsingar frá skattfyrvöldum um að félög Kristjáns stæðu ekki skil á virðisaukaskatti. Hún kvað Kristján hafa verið óáreiðanlegan, bæði í vinnu og vegna starfsmanna sinna, þeir verið til vandræða á verkstað og kvartað við meðákærða X, því hafi verið hætt að nota Kristján sem undirverktaka. Þetta hafi komið af og til upp en orðið mjög slæmt í restina.

Reikningar félagsins Leikin ehf. á hendur Brotafli árið 2015 voru bornir undir ákærðu, alls þrjú reikningar samtals að fjárhæð 40.357.000 krónur, þar af virðisaukaskattur 7.811.032 krónur, en ákærða vildi ekki tjá sig um þá. Yfirlit yfir úttektir í reiðufé og millifærslur af reikningi Brotafls til greiðslu reikninganna var borið undir ákærðu. Hún kvað allt hafi farið í háaloft í restina og meðákærða X neitað að kaupa frekari þjónustu af Kristjáni vegna mikillar óreglu. Kristján hafi hætt sem verktaki og verið launamaður hjá Brotafli 2105 og 2016. Hún kvað Kristján hafa verið orðinn óáreiðanlegan áður en hann hóf störf hjá Brotafli og verið það lengi, en kvaðst ekki muna hvort hann hafi breyst við að gerast launamaður.

Ákærða kvaðst ekki geta lagt mat á það þegar borið var undir hana að Kristján hafi játað að hafa gefið út ranga og tilhæfulausa reikninga til Brotafls samkvæmt ákæru. Aðspurð hvort reikningarnir hafi verið tilhæfulausir neitaði ákærða því og kvaðst hafa séð verk- og vinnuskýrslur auk þess sem hún hafi þurft að senda trúnaðaryfirlýsingar vegna fangelsisins á Hólmsheiði en allir starfsmenn Kristjáns nema einn hafi fengið leyfi

til að starfa þar. Allar verkskýrslur vegna reikninga hafi legið fyrir og stór fyrirtæki hefðu ekki greitt ef ekki hefði verið innt af hendi raunhæf vinna. Kristján hafi haldið utan um vinnuskýrslur sinna starfsmanna en J vegna Brotafls. Hún kvaðst hafa gert reikninga á grundvelli þessara verkskýrslna og Brotafl greitt félögum Kristjáns og hún hafi getað staðreynt réttmæti reikninga út frá vinnuskýrslum.

Borið var undir ákærðu yfirlit héraðssaksóknara yfir meintan oftalinn virðisaukaskatt hjá Brotafli árin 2012 til og með 2015. Þar væri búið að taka tillit til mögulegrar vinnu Kristjáns árin 2013, 2014 og 2015 og því væru fjárhæðir lægri en samkvæmt skýrslu skattrannsóknarstjóra. Ákærða kvaðst ekki vilja tjá sig.

Bornar voru undir ákærðu reiðufjárúttektir af reikningum Brotafls bókaðar í bókhaldi Brotafls sem greiðslur reikninga Fiskiferða, KK bygg, Starfsmanna og Leikins; á árinu 2012 og 2013 samtals 14.500.250 krónur, á árinu 2013 samtals 32.890.000 krónur, á árinu 2014 samtals 10.400.000 krónur og árið 2015 samtals 3.400.000 krónur. Ákærða kvaðst hafa tekið reiðuféð út að beiðni meðákærða X og J sem hafi greitt það til Kristjáns.

Vitnið A kvaðst vera trésmiður og byggingarverkstjóri og hafa unnið fyrir X og J hjá Brotafli við verkstjórn um tveggja ára tímabil. Hann las yfir og staðfesti samantekt skýrslu hjá héraðssaksóknara í apríl 2016. Hann kvaðst hafa stjórnað öllum á svæðinu, einnig starfsmönnum undirverktaka. Hann kvaðst aðspurður ekki vita hver hafi stjórnað fjármálum Brotafls. Hann kvaðst þekkja Kristján Þórisson sem hafi starfað fyrir Brotafl á þessum tíma sem verktaki aðallega í niðurrifi og eitthvað verið að smíði með sína eigin starfsmenn en hann kvaðst ekki vita hve marga. Verkstaðir hafi verið við Laugaveg, Hverfisgötu og Grettisgötu. Hann kvaðst ekki hafa orðið var við óreglu á Kristjáni á þessum tíma og ekki hafa haldið utan um tímaskráningu undirverktaka. Borið var undir hann að hafa sagt í skýrslu hjá lögreglu að Y hafi verið heilinn í fyrirtækinu og séð um bókhald, tilboðsgerð og utenumhald og kvað hann þá að Y hafi tekið við tímaskýrslum og skráð niður tilboð samkvæmt útreikningum frá sér og fleirum en hún hafi ekki haft þekkingu til að gera tilboð.

Vitnið B kvaðst hafa starfað hjá Kristjáni Þórisssyni frá desember 2014 til ágúst 2015, aðallega við hellulagnir og jarðvinnu. Hann kvaðst kannast við félögin KK bygg og Starfsmenn en ekki Fiskiferðir og Leikin. Aðspurður kvaðst hann halda að ekki hafi verið margir starfsmenn hjá Kristjáni en verkefni hans hafi verið fyrir Brotafl. Kristján hafi verið í óreglu á þessum tíma, drukkið mikið og ekki alltaf komist til vinnu. Hann

kannaðist ekki við félagið Kraftbindingar né að Kristján hafi verið að vinna fyrir það félag. Hann kvaðst hafa hætt störfum því að hann hafi ekki fengið greidd laun og í framhaldi farið að vinna fyrir Brotafl, en engar breytingar hafi orðið á störfum hans við það. J hafi verið yfirmaður hans þar. Hann hafi sjálfur stýrt vinnu sinni hjá Brotafli eins og hjá Kristjáni. Hann kvaðst kannast við X hjá Brotafli sem hafi eitthvað komið á verkstað en kvaðst ekki hafa verið í miklum samskiptum við hann. Hann kvaðst hafa verið í samskiptum við Y vegna útborgunar launa sem hún hafi séð um, en launin hafi verið greidd í reiðufé. Nánar aðspurður kvaðst hann staðfesta það sem komi fram í skýrslu hans hjá héraðssaksóknara að J hafi borgað launin í seðlum og Y einu sinni.

Vitnið C staðfesti að hafa gefið skýrslu hjá héraðssaksóknara. Meðal gagna málsins er skrifleg yfirlýsing dagsett 15. ágúst 2018 vegna framkvæmda við Laugaveg 77 árið 2014 undirrituð af C. Þar kemur fram að Kristján Þórisson hafi unnið með fjóra til sex menn á verkstað með sitt eigið fyrirtæki. C kvað aðspurður X hafa útbúið yfirlýsinguna og beðið sig um að undirrita hana. Hann kvaðst muna að nokkrir menn hafi verið að vinna við Laugaveg 77 og einhverra hluta vegna hafi X beðið sig um að skrifa undir þessa yfirlýsingu. Hann kvaðst ekki þekkja Kristján Þórisson og kvaðst ekki hafa haft hugmynd um það hvort Kristján hafi verið að vinna á vegum Brotafls eða fyrir sitt eigið fyrirtæki. Hann kvaðst hafa leitað til X eða Brotafls til að vinna þetta verkefni.

Vitnið D, fyrirsvarsmáður félagsins Blómapiing, staðfesti samantekt skýrslu sem hann gaf hjá héraðssaksóknara. Hann kvað Kristján Þórisson hafa unnið að mestu leyti fyrir X en í Hellugötu hafi Kristján verið einn og því hafi hann greitt Kristjáni beint. Kristján hafi verið með nokkra menn í vinnu en hann hafi gefist upp á Kristjáni því að honum hafi ekki verið treystandi. Kristján hafi einnig unnið fyrir Brotafl sem hafi komið að verkefnum í gegnum útboð. Hann kvað reikninga hafa komið frá Y og hún rukkað þá. Hann kvað X og Y hafa komið fram fyrir hönd Brotafls en nánar aðspurður kvaðst hann aðallega hafa verið í samskiptum við J varðandi verkþætti. Tilboðsgerð og þess háttar hafi verið á höndum X og Y.

Vitnið E kvaðst staðfesta það sem kæmi fram í skýrslu sinni hjá héraðssaksóknara um að hafa gert samning við Brotafl um verkefni sem Kristján hafi tekið við á árinu 2016 sem undirverktaki Brotafls. Hann kvað Y hafa sent reikninga vegna Brotafls og farið yfir tíma, verk og þess háttar. X hafi kynnt Kristján fyrir sér sumarið 2016 sem sinn mann til að vinna verkið á staðnum en síðar hafi Kristján komið

að verkefninu sem undirverktaki um sumarið með átta til tíu menn sem hafi hratt fækkað verulega. Kristján hafi sent reikninga í nafni Húsa- og lóðagæða.

Vitnið *F* kvaðst vera matvælatæknimenntaður og búfræðingur og hafa starfað hjá endurskoðunarskrifstofunni ER ehf. árin 2012 til 2015, meðal annars við að færa bókhald fyrir Brotafl. Hann kvaðst hafa verið í mestu sambandi við Y sem hafi yfirleitt alltaf komið með fylgiskjöl á skrifstofuna, kvaðst þekkja nafn X en ekki hafa verið í miklum samskiptum við hann. Hann hafi fært fylgiskjöl í debet og kredit í bókhaldið og bankareikninga kvað hann hafa verið notaða til að stemma af greiðslur en annars hafi þetta aðeins verið viðskiptafærð fylgiskjöl eða þau verið greidd í banka sem honum hafi verið afhent. Aðspurður um það á hvaða upplýsingum hann hafi byggt þegar reiðufjárúttektir hafi verið færðar sem greiðslur til undirverktaka, kvað hann upphæðir hafa verið færðar beint á viðskiptamenn eða birgja þegar fram hafi komið í texta hverjum væri verið að greiða, en komið hafi fram í bankayfirlitum hverjir voru móttakendur greiðslna. Hann kvaðst einungis hafa haft samband við Y ef frekari gögn eða upplýsingar vantaði frá Brotafli. Hann kvaðst ekki muna hvernig reikningar félaganna Fiskiferðir, KK bygg, Starfsmenn og Leikin hafi verið eða hvort það hafi verið eitthvað sérstakt við form reikninga frá félögunum sem hafi vakið athygli, en hann kvað reikninga almennt vera prentaða út í stöðluðu formi úr bókhaldi fyrirtækja.

Vitnið *G* kvaðst hafa unnið hjá Brotafli árin 2012 til 2016 sem verkstæðisformaður og séð um viðhald á vinnuvélum. X hafi verið sinn yfirmaður og einnig J en verkaskipting hafi verið sú að X hafi ráðið öllu en J verið á hliðarlínunni og á verkstöðum. Hann kvaðst ekki vita hver hafi séð um fjármál félagsins og laun hans hafi verið lögð inn á bankareikning. Kristján Þórisson hafi verið undirverktaki hjá Brotafli með þó nokkuð marga menn í vinnu hjá sér og hafi jafnvel verið á tveimur til þremur verkstöðum í einu þótt hann vissi ekki hversu margir starfsmenn Kristjáns hafi verið. Kristján hafi verið í óreglu á þessum tíma en hann hafi verið góður starfsmaður. Hann var spurður um framburð í skýrslu hjá héraðssaksóknara í apríl 2016 um að rekstur Kristjáns hafi verið undarlegur og að hann hafi ekki getað séð að margir starfsmenn hafi verið hjá Kristjáni yfir árið. Svaraði hann því til að það hafi verið rennerí á starfsmönnum á vegum Kristjáns en kvaðst ekki hafa vitað hversu marga starfsmenn hann hafi almennt haft í sínum rekstri. Þá kannaðist hann ekki við að hafa sagt í sömu skýrslu að það hafi verið „bölvað basl á Kristjáni og hann ekki lifað hátt“, en hann kvaðst ekki hafa verið í neinum samskiptum við Kristján utan vinnu. Hann kannaðist heldur ekki við að hafa

borið í sömu skýrslu um að „það gæti ekki staðist að félög á vegum Kristjáns hafi unnið svo mikið fyrir Brotafl sem reikningar félagsins bera með sér, umsvifin hefðu ekki verið svona mikil.“ Þá kvaðst hann aldrei hafa sagt að hann hafi „vitað að X og Róbert [...] hans væru að skiptast á mönnum.“

Vitnið *H* kvaðst hafa starfað við bókhald árin 2012 til 2015 og meðal annars séð um bókhald fyrir Brotafl, einnig launaútreikninga sem og skilað staðgreiðslu og lífeyrissjóðsiðgjöldum. Hann hafi átt ER endurskoðun og ráðgjöf á þessum tíma en ekki fært bókhaldið, það hafi F gert. Hann kvað Y hafa komið fram fyrir hönd Brotafls en kvaðst ekki vita hvert hlutverk hennar hjá félaginu hafi verið. Hann hafi eiginlega aldrei séð X og J örsjaldan. Nánar aðspurður um samskipti við Y kvað hann bókhaldið hafa komið til þeirra og þeir fært það en kvaðst ekki muna í dag hver hafi komið með gögnin. Hann kvað gögnin til að færa bókhaldið hafa verið reikninga, fylgiskjöl og yfirlit bankareikninga. Hann kvaðst eflaust hafa talað við Y ef vantaði skýringar eða gögn en ekki muna það nákvæmlega enda væri svo langt um liðið og kannaðist hann ekki við félög Kristjáns Þórissonar. Hann kvaðst ekki kannast við að hafa rætt um mikla notkun reiðufjár í rekstri Brotafls og staðfesti að hafa gefið skýrslu vegna málsins árið 2016.

Vitnið *I* kvaðst hafa unnið fyrir Brotafl við einföld skrifstofustörf á árinu 2015 án þess að muna það nákvæmlega. Hún kvaðst hafa verið í sambandi við Kristján Þórisson í þrjú mánuði vorið 2015 en kannaðist ekki við nein félög á hans vegum og kvaðst hafa haldið að Kristján væri að vinna fyrir Brotafl. Hún kvaðst hafa vitað að Kristján væri með einhverja starfsmenn en halda að þeir hafi ekki verið margir. Hún kvað Y, X og J hafa séð um rekstur Brotafls, y hafi séð um bókhald, reikninga og tilboðsvinnu, J hafi einnig komið að tilboðsvinnu en hún kvaðst ekki alveg vita með X. Aðspurð kvaðst hún halda að þessi þrjú hafi komið fram fyrir hönd Brotafls í samskiptum við undirverktaka. Hún staðfesti framburð sinn hjá lögreglu um að hafa séð menn koma á Stekkjarflöt og fengið afhent reiðufé sem Y hafi afhent og geymt í skrifborði. Nánar aðspurð um hvort mikið hafi verið um reiðufé í starfsemi Brotafls kvaðst hún ekki vita það en það hafi verið eitthvað og Y hafi aðallega séð um greiðslu þess. Nánar aðspurð kvaðst hún halda að afhending reiðufjárins hafi verið vegna fyrirframgreiðslu launa. Hún kvaðst staðfesta framburð í skýrslu árið 2016 um „að hafa ekki vitað hvort hann [Kristján] hafi verið í einhverjum rekstri en hafa talið að hann hafi verið með einhverja menn í vinnu, Íslendinga en ekki erlenda starfsmenn, gat nefnt Gulla og Stebba á nafn og mundi aðspurð eftir manni að nafni B.“ Hún kvaðst ekki muna eftir því að hafa sagt í sömu

skýrslu að Kristján hafi verið að vinna sem verktaki hjá Brotafli en kvað það vera rétt hafi hún sagt það. Hún kvað rétt eftir sér haft í skýrslunni; „aðspurð sagði hún að Kristján hafi drukkið mjög mikið en hún héldi að hann væri hættur því og síðustu samskipti hafi verið í september 2015.“ Hún kvað rétt eftir sér haft í skýrslunni að Kristján hafi neytt áfengis og fíkniefna á þeim þremur mánuðum sem þau bjuggu saman. Hún kvað Kristján ekki hafa verið með mikla peninga á þeim tíma sem þau voru saman og kvaðst staðfesta það sem fram kemur í skýrslunni um að Kristján hafi ekki átt mikinn pening og að stundum hafi hann verið með smá reiðufé á sér til að borga fyrir mat.

Vitnið J kvaðst hafa verið annar eigenda Brotafls auk þess að starfa þar sem verkstjóri en rekstur félagsins hafi falist í niðurrifi á húsum og uppbyggingu. Aðspurður kvaðst hann ekki hafa haft vitneskju um það að ákærði X hafi skráð sig úr stjórn félagsins í febrúar 2014, heldur hafa fengið vitneskju um það síðar. Hann kvaðst hvorki muna hvenær hann frétti það né hvort X hafi sjálfur greint honum frá því. Hann kvað enga breytingu hafa orðið á störfum hans hjá félaginu eða á störfum X, eftir að X skráði sig úr stjórninni. Hans hlutverk hjá félaginu hafi verið að halda dagbók, gera verkskýrslur svo að unnt væri að gera reikninga, koma tölulega að tilboðsgerð og stýra starfsmönnum á verkstað ásamt X. Hann kvaðst ekkert hafa komið að rekstri eða bókhaldi félagsins né greitt reikninga. ER endurskoðun hafi séð um bókhald félagsins en X hafi greitt og gefið út reikninga. Hann kvað Y ekki hafa komið að rekstrinum sem slíkum en hún hafi aðstoðað X við pappírsvinnu vegna lesblindu. Hann kvaðst ekki vita hvers vegna Y væri með prókúru á bankareikningum Brotafls. Hann kvaðst gera ráð fyrir því að X hafi farið yfir reikninga frá Kristjáni með hliðsjón af tímafjölda og hvað hafi legið að baki en kvaðst ekki hafa fylgst með fjármálum félagsins.

Aðspurður kvaðst hann ekki muna hvers vegna hann hafi tekið út reiðufé af reikningum Brotafls en nánar aðspurður kvaðst hann hafa keypt notaða varahluti og greitt fyrir viðgerðir með reiðufé. Aðspurður um að hafa sagt í skýrslu hjá héraðssaksóknara að hann hafi í einhverjum tilvikum skilað reiðufé til X kvaðst hann ekki muna það, enda langt um liðið. Aðspurður kvað hann u.þ.b. 25 starfsmenn hafa unnið hjá Brotafli. Það hafi verið misjafnt eftir verkefnum hvort félagið hafi verið með undirverktaka.

Hann kvaðst þekkja Kristján Þórisson sem hafi verið undirverktaki hjá Brotafli á árunum 2012-2015 við smíða- og uppsláttarvinnu, járnbindingar og klæðningar og verið í samskiptum við Kristján vegna þessara verkefna í einhverjum tilvikum, en einnig X sem hafi tekið við reikningum frá Kristjáni. Samskipti við Kristján hafi falist í að panta

efni til þeirra verka sem Kristján var að vinna. Hann kvað Kristján hafa haldið utan um sína vinnu og sinna starfsmanna, sem hafi verið þrjú til fjórir og mest 10-12, en fjöldinn verið mismunandi og stundum á nokkrum verkstöðum. Hann kvaðst ekki muna nöfn starfsmanna Kristjáns nema nafn Sigurvins en Kristján hafi einnig verið með erlenda starfsmenn sem hafi ekki verið með sérhæfingu. Hann kvað Kristján hafa verið ágætan starfsmann og útsjónarsaman. Aðspurður um hvernig reikningar frá Kristjáni hafi verið staðreyndir kvaðst hann hafa haldið utan um hvar starfsmenn Kristjáns voru og fjölda þeirra, mörg verkefni hafi verið stór og mismunandi fjöldi starfsmanna. Hann kvaðst ekki hafa séð reikninga útgefna af Kristjáni og að ekki hafi verið leitað til sín varðandi tímafjölda eða fjárhæðir reikninganna. Aðspurður um hvort Brotafl hafi leigt vélar eða tæki af Kristjáni kvað hann Kristján hafa notað eitthvað af eigin tækjum á vinnustað og verið bæði með handverkfæri og minni tæki. Borinn var undir hann framburður í skýrslu hjá skattrannsóknarstjóra í febrúar 2017 um að Kristján hafi oftast unnið á tækjum Brotafls. Svaraði hann því til að Kristján hafi líka unnið á tækjum Brotafls. Hann kvað X hafa séð um samninga við undirverktaka og ekki vita til þess að gerðir hefðu verið skriflegir verksamningar við Kristján.

Yfirlit reikninga Fiskiferða, KK bygg, Starfsmanna og Leikin árin 2012-2015 voru borin undir hann, sem hann kvað bara vera tölur á blaði. Hann taldi aðspurður að fjárhæð reikninganna gæfi rétta mynd af þeirri vinnu sem félögin hafi innt af hendi fyrir Brotafl. Hann kvaðst aðspurður ekki hafa vitað að Fiskiferðir væru ekki með bankareikning. Yfirlit yfir bankareikning Brotafls, þar sem reiðufé var tekið út vegna reikninga sem ekki var búið að gefa út, var borið undir hann, en hann kvaðst ekki vita um það og kvaðst ekki hafa greitt Kristjáni reiðuféð. Hann kvaðst ekki vita hvers vegna greiðslur frá Brotafli hafi verið millifærðar á reikning KK bygg og teknaftur út í reiðufé. Hann kvaðst ekki vita að hvaða verkefnum Leikin hafi unnið. Hann kvaðst ekki vita hvers vegna Brotafl hafi hætt viðskiptum við félögin.

Borið var undir hann að ákærði Kristján hafi borið fyrir dómi að allir þessir reikningar væru tilhæfulausir og félögin ekki unnið þá vinnu sem væri sögð vera að baki reikningunum. Hann kvað alla reikningana hafa verið gefna út á Brotafl vegna vinnu sem hafi raunverulega verið innt af hendi. Hann kvaðst staðfesta að Kristján hafi verið undirverktaki hjá Brotafli á mismunandi stöðum með mismunandi fjölda starfsmanna auk þess sem Kristján hafi verið að vinna hjá fleiri aðilum.

Aðspurður kannaðist hann við að Kristján hafi verið meira og minna í óreglu allan þann tíma sem hann starfaði fyrir félagið en kvað það mesta furðu miðað við hvernig óreglan var á tímabili hversu lítil áhrif það hafi haft á störf hans. Hann kvaðst ekki muna hvort Kristján hafi verið starfsmaður Brotafls á árinu 2016. Aðspurður kvað hann Kristján eflaust hafa verið með föst verð samkvæmt tímafjölda sem undirverktaki en kvað sér ekki kunnugt um að Kristján hafi gert tilboð í verk. Hann kvaðst aðspurður ekki vita fyrir hvaða önnur fyrirtæki Kristján hafi unnið eða hvaða verkefni hann hafi tekið að sér. Hann kvaðst ekki vita hvort Kristján hafi unnið fyrir Kraftbindingar eða leigt því félagi starfsmenn. Hann kvaðst aðspurður starfa með X í dag.

Vitnið K kvaðst hafa unnið hjá Brotafli en kvaðst ekki muna hver hafi verið yfirmaður. Hann kvað laun sín hafa verið millifærð. Borið var undir hann að í skýrslu sem hann gaf undir rannsókn málsins hafi hann sagt að hluti launa hafi verið greiddur með reiðufé og staðfesti hann það en kvað það aðallega hafa verið í byrjun. Hann kvaðst aðspurður þekkja nafnið Kristján en ekki vita hvers son hann væri. Hann kvaðst aðspurður hafa gefið skýrslu hjá lögreglu árið 2016 og telja að sú skýrsla geymdi rétta lýsingu af atvikum.

a) Dagleg framkvæmdastjórn – ákærða Y

Ákærðu X og Y eru í máli þessu gefin að sök meiri háttar brot gegn skattalögum og bókhaldslögum í starfsemi félagsins Brotafls ehf. á árunum 2012 til 2015. Eru brot þeirra talin varða við 1. og 2. mgr. 262. gr. laga nr. 19/1940, sbr. einnig 1. mgr. 40. gr. laga nr. 50/1988 og 2. tölulið 1. mgr. 37. gr., sbr. 36. gr., laga nr. 145/1994, hvað varðar 1. og 2. tölulið A kafla ákæru.

Í A kafla ákæru, tölulið 1, er ákærðu X og Y gefið að sök meiri háttar brot gegn skattalögum í rekstri Brotafls ehf., með því að hafa staðið skil á efnislega röngum virðisaukaskattsskýrslum félagsins uppgjörstímabilin september-október rekstrarárið 2012 til og með nóvember-desember 2015, með því að hafa offramtalið innskatt á grundvelli rangra og tilhæfulausra sölureikninga sem gefnir voru út af Fiskiferðum ehf., KK bygg ehf., Starfsmönnum ehf. og Leikin ehf., og þar með vanframtelja virðisaukaskatt sem standa bar skil á vegna sömu tímabila, í samræmi við IX. kafla laga um virðisaukaskatt nr. 50/1988. Með framangreindu var innskattur félagsins offramtalinn um samtals 64.036.383 krónur og virðisaukaskattur félagsins þar með vangreiddur um sömu fjárhæð, svo sem nánar er rakið í ákæru. Þá er ákærðu í tölulið 2 í

A kafla ákæru gefið að sök að hafa rangfært bókhald félagsins með því að færa, eða láta færa, ranga og tilhæfulausa sölureikninga í bókhald félagsins á tímabilinu september-október rekstrarárið 2012 til og með nóvember-desember rekstrarárið 2015. Hinir rangfærðu sölureikningar leiddu til þess að rekstrargjöld félagsins voru offærð á framangreindu tímabili um samtals 258.133.722 krónur og innskattur félagsins offramtalinn um samtals 64.036.383 krónur á sama tímabili, sbr. 1. tl. A kafla ákæru.

Forsendur beggja ákæruliða eru þær að félögin Fiskiferðir ehf., KK bygg ehf., Starfsmenn ehf. og Leikin ehf. hafi gefið út ranga og tilhæfulausa reikninga á hendur Brotafli ehf. eins og lýst er í ákæru. Þá er refsíabyrgð ákærðu byggð á því að þau hafi bæði verið raunverulegir framkvæmdastjórar Brotafls ehf.

Ákærðu hafa bæði alfarið neitað sök í málinu og krefjast sýknu en ekki er tölulegur ágreiningur í málinu.

Ákærðu lögðu bæði fram skriflega greinargerð samkvæmt heimild í 1. mgr. 165. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála.

Ákærða Y byggir sýknukröfu sína í fyrsta lagi á því að hafa ekki verið starfsmaður, stjórnandi eða eigandi félagsins, ekkert komið að bókhaldi þess og engar greiðslur þegið. Hún hafi aðeins aðstoðað sambýlismann sinn, sem sé lesblindur, við útskrift sölureikninga og tölvuvinnslu auk þess að koma bókhaldsgögnum að hans beiðni til endurskoðanda. Félagið hafi verið í eigu og um leið stjórnað af meðákærða X og J en þeir hafi farið með daglegan rekstur félagsins. Ákærða vísar til þess að hún geti ekki borið refsíabyrgð vegna félagsins en samkvæmt 44. gr. laga nr. 138/1994 um einkahlutafélög fari aðeins félagsstjórn og framkvæmdastjóri með eftirlit og ábyrgð á rekstri félaga. Byggir ákærða sérstaklega á því að þau refsíákvæði sem meint brot hennar í ákæru eru talin varða við taki ekki til einstaklinga sem ekki hafi tengsl við skattaðila né beri ábyrgð á daglegum rekstri og að við mat á refsinaemi beri að túlka allan vafa henni í hag.

Ákærði X byggir sýknukröfu ekki á því að hafa ekki verið raunverulegur framkvæmdastjóri Brotafls ehf., þrátt fyrir að hafa ekki verið skráður stjórnarmaður né framkvæmdastjóri félagsins frá 18. febrúar 2014, en bendir á að félagið hafi verið í eigu ákærða og J sem hafi verið forsvarsmenn og stjórnendur félagsins og hafi sú staðreynd verið ljós frá upphafi. Meðákærða Y hafi enga aðkomu átt að rekstri félagsins, en sérkennilegt sé að reyna að gera hana ábyrga meðan engar sakir beinist að J sem sannarlega hafi verið eigandi og stjórnandi félagsins.

Samkvæmt gögnum málsins var félagið Brotafl ehf. stofnað af ákærða X og J í árslok 2007 og var hvor um sig helmingsseigandi. Á stofnfundi var ákærði X skráður stjórnarmaður en J varamaður í stjórn og fóru þeir báðir með prókúru en ákærði X var ráðinn framkvæmdastjóri. Með tilkynningu til fyrirtækjaskrár 18. febrúar 2014 var tilkynnt um úrsögn ákærða úr stjórn félagsins og afsögn hans sem framkvæmdastjóra en J varð í kjölfarið eini stjórnarmaður félagsins. Eftir það var enginn skráður framkvæmdastjóri félagsins en ákærði X og J áfram skráðir með prókúruumboð.

Framburður ákærðu Y fyrir dómi um aðkomu hennar að fjármálum félagsins var að mestu leyti í samræmi við framangreindar varnir hennar og skýrslur hjá héraðssaksóknara. Kvaðst hún hafa haft aðgang að netbanka og úttektarheimild af bankareikningum því að hún hafi þurft að aðstoða sambýlismann sinn sem sé lesblindur og kunni varla á tölvu. Ákærða kvaðst aðeins hafa gefið út og greitt reikninga og náð í reiðufé þegar ákærði X eða J hafi óskað eftir því við hana en hún hafi ekki séð um að greiða það áfram. Hún kvaðst ekkert hafa verið inni í rekstri eða bókhaldi Brotafls. Hins vegar er vitnisburður hennar um aðkomu J að fjármálum, bókhaldi og reikningsgerð í fullkomnu ósamræmi við framburð J. Aðspurð um hver hafi haldið utan um bókhaldsgögn Brotafls bar ákærða að J hafi komið með nótur til sín og „þeir“ beðið sig um að stemma af við bankareikning, J hafi einnig farið yfir og safnað saman gögnum vegna launa. Hún kvað J hafa beðið hana um að greiða reikninga og senda gögn til endurskoðanda. Eins og áður hefur komið fram kvaðst J ekki hafa komið að neinu er laut að reikningum, fjármálum, bókhaldi eða rekstri félagsins að öðru leyti og er það stutt af öðrum framburðum og gögnum málsins. Að mati dómsins draga fullyrðingar ákærðu Y um þátt J í fjármálum og rekstri Brotafls mikið úr trúverðugleika framburðar hennar fyrir dómi varðandi raunverulegan þátt hennar í rekstrinum.

Ákærði X nýtti rétt sinn til að gefa ekki skýrslu fyrir dómi og vísaði til framburðar í skýrslum hjá héraðssaksóknara sem liggja fyrir í málinu. Í framburði hans hjá héraðssaksóknara 12. apríl 2016 kom fram að rekstur félagsins hafi aðallega farið í gegnum bókhaldsstofu og allt hafi verið sent á hana. Hann kvað meðákærðu Y ekki hafa sinnt neinu bókhaldi og hún hafi ekki haft neitt hlutverk hjá Brotafli. Gjaldanótur hafi verið settar í möppu sem færi til ER endurskoðunar og bókað eftir því. Meðákærði X kvaðst hafa gefið út reikninga en ákærða Y aðstoðað sig. Hann kvaðst hafa tekið við sölureikningum frá ákærða Kristjáni. Þá fullyrti hann að meðákærða Y hafi ekki komið að því að greiða Fiskiferðum í reiðufé.

Fyrir liggja framangreindir framburðir F og H fyrir dómi, sem sáu um bókhald Brotafls á þeim tíma er ákæra varðar, um að þeir hafi nánast aðeins verið í samskiptum við ákærðu Y vegna launaútreikninga, gagna og upplýsinga er vörðuðu reksturinn sem og að hún hafi komið öllum gögnum til þeirra. Þá bar I fyrir dómi að hlutverk ákærðu Y á skrifstofu Brotafls hafi verið að færa bókhaldið, gera reikninga og að koma að tilboðsvinnu. Y hafi greitt starfsmönnum með reiðufé og taldi hún að um fyrirframgreiðslu launa hafi verið að ræða. Í framburði B kom fram að ákærða Y hafi séð um útborgun launa og greitt honum í eitt skipti með reiðufé. Í skýrslu hans hjá héraðssaksóknara kom fram að hann hafi verið í samskiptum við ákærðu, þegar farið var yfir verkstöðu í fangelsinu á Hólmsheiði, og ákærða hafi farið á nokkra fundi hjá Íslenskum aðalverktökum, þegar hún var að rukka þá, en ákærða hafi verið í bókhaldinu. Í framburði D fyrir dómi kom fram að reikningar hafi komið frá ákærðu Y og hún rukkað þá og X og ákærða Y hafi komið fram fyrir hönd Brotafls. Tilboðsgerð og þess háttar hafi verið á höndum X og ákærðu Y. E bar fyrir dómi að ákærða Y hafi sent reikninga vegna félagsins, farið yfir tíma, verk og þess háttar. A, byggingarstjóri hjá Brotafli, bar fyrir dómi, öndvert við framburð hjá héraðssaksóknara í apríl 2016, að ákærða Y hafi ekki haft þekkingu til að gera tilboð. Að mati dómsins verður þrátt fyrir það ekki annað ráðið af framburði hans en að ákærða Y hafi samt sem áður verið heilinn í fyrirtækinu og séð um bókhald og utanumhald félagsins, eins og hann bar um í apríl 2016. J bar fyrir dómi að hann hafi ekki komið nálægt rekstri eða fjármálum Brotafls en hlutverk hans hjá félaginu hafi fyrst og fremst verið verkstjórn á verkstöðum. Hann kvað ákærðu Y ekkert hafa komið að rekstri félagsins heldur aðeins aðstoðað ákærða X við pappírsvinnu vegna lesblindu en ákærði X hafi séð um útgáfu og greiðslu reikninga. Hann kvaðst ekki vita hvers vegna ákærða Y væri með prókúru á bankareikningum Brotafls. J gaf skýrslu hjá skattrannsóknarstjóra 16. júní 2017 vegna málsins. Þar kannaðist hann við að ákærða Y væri með prókúru á bankareikninga félagsins og kvað hana og X hafa séð um greiðslu reikninga án þess að vita hve stór þáttur Y hafi verið. J bar með sama hætti í skýrslu hjá héraðssaksóknara 10. febrúar 2021. Að mati dómsins er innbyrðis ósamræmi í framburði J, sem kveðst ekkert hafa komið að rekstri eða fjármálum félagsins, en hefur engu að síður fullyrt að allir þessir þættir hafi aðeins verið á hendi ákærða X og ákærða Y hafi ekkert komið að rekstrinum. Þá er framburður hans fyrir dómi í ósamræmi við fyrri skýrslur hans, um að ákærða Y hafi greitt reikninga og verið með prókúru á

bankareikningum félagsins. Framburður hans um þátt ákærðu Y í rekstri félagsins er því ótrúverðugur að mati dómsins.

Eins og áður hefur komið fram hefur ákærði Kristján játað sök í málinu en fyrir dómi vísaði hann að mestu leyti til framburða sinna í skýrslum frá 30. nóvember 2017 og síðar. Í skýrslutöku hjá héraðssaksóknara, 12. og 15. apríl 2016, sagði hann að ákærða Y hafi tekið við reikningum Brotafls og séð um skrifstofuna og bókhaldið. Í skýrslu hjá héraðssaksóknara 30. nóvember 2017 bar hann að ákærða Y hafi séð um skrifstofu Brotafls, haldið utan um reikninga, laun, greiðslur og innkomu auk þess að sjá um bókhaldið. Í skýrslu hjá héraðssaksóknara 3. febrúar 2021 sagði hann að ákærða Y hafi séð um öll fjármálin, miklu meira en X og J. Hann hafi verið í mestum fjármálasamskiptum við hana, „Raggi hafi ekki vitað neitt.“ Hann hafi skrifað reikninga á Brotafl eftir forskrift frá ákærðu Y en án vitneskju X. Ákærði Kristján hafði áður gefið sambærilegan framburð hjá skattrannsóknarstjóra 25. janúar 2018. Að mati dómsins hefur framburður ákærða Kristjáns um aðkomu meðákærðu Y að rekstri Brotafls verið sá sami frá byrjun um að hún hafi tekið við reikningum og séð um bókhald félagsins. Er framburður hans um það atriði metinn trúverðugur.

Samkvæmt gögnum málsins tók ákærða Y út rúmar 60 milljónir í reiðufé af bankareikningi Brotafls með þeim skýringum að um greiðslur til félaga Kristjáns væri að ræða. Einnig liggja fyrir í gögnum málsins trúnaðaryfirlýsingar sem Brotafl sendi vegna byggingar fangelsis að Hólmsheiði en þar kemur fram að Y hafi verið starfsmaður félagsins. Þá liggur fyrir að ákærða Y hafði prókúruumboð til að taka út af bankareikningum og var með aðgang að netbanka félagsins.

Stjórnarmenn einkahlutafélaga bera almennt ábyrgð á því að skipulag félags og starfsemi sé jafnan í réttu og góðu horfi, sbr. 1. og 3. mgr. 44. gr. laga nr. 138/1994, þar á meðal að nægilegt eftirlit sé haft með bókhaldi og meðferð fjármuna félagsins. Þá bera framkvæmdastjórar slíkra félaga, þegar þeir eru ráðnir, einnig ábyrgð samkvæmt 44. gr. laganna. Skal framkvæmdastjóri meðal annars annast daglegan rekstur félags og sjá um að bókhald þess sé fært í samræmi við lög og venjur og meðferð eigna félagsins sé með tryggilegum hætti.

Samkvæmt dómaframkvæmd Hæstaréttar í skattamálum vegna ákæruefna í rekstri félaga, þar sem framkvæmdastjóri hefur ekki verið starfandi, hefur, við mat á því hvort stjórnarmaður eða annar sá sem starfað hefur í þágu félags hefur gerst sekur um þá háttsemi sem lýst er í refsiakvæðum varðandi skattskil einkahlutafélaga og hlutafélaga,

verið horft til þess hvort hann hafi komið að fjármálum eða skattskilum félags og hvort hann hafi stýrt því eða tekið þátt í að ákveða hverjar af skuldum þess yrðu greiddar umfram aðrar, sbr. til dæmis dóma Hæstaréttar frá 31. maí 2007 í máli nr. 392/2006, 12. desember 2013 í máli nr. 354/2013 og 30. október 2014 í máli nr. 295/2014. Í tilgreindum dómum voru skráðir framkvæmdastjórar eða stjórnarmenn sýknaðir þar sem þeir voru ekki taldir hafa stjórnað fjármálum, tekið ákvarðanir um greiðslu skulda eða skattskil. Þá hefur einstaklingur sem hvorki var skráður framkvæmdastjóri né stjórnarmaður félags verið talinn geta borið fulla ábyrgð á skattskilum félags og starfsemi þess að öðru leyti, en í málinu lá fyrir játning hans um að hafa séð um allt sem viðkom rekstri félagsins, þar á meðal fjármálin, sbr. dóm Hæstaréttar 16. febrúar 2017 í máli nr. 777/2015. Eiginkona hins sakfellda var skráður framkvæmdastjóri og stjórnarmaður félagsins á þeim tíma sem ákæra náði til en hún kvaðst ekki hafa sinnt störfum sem framkvæmdastjóri og verið óvirkur stjórnarmaður. Voru gögn málsins talin styðja framburð eiginkonunnar svo og vitnisburður tveggja vitna sem skýrðu svo frá að eiginkonan hefði enga aðkomu átt að rekstri félagsins. Í framangreindum dómafordæmum höfðu tilteknir einstaklingar annaðhvort játað á sig alla ábyrgð á skattskilum félags eða unað sakfellingu héraðsdóms.

Í þessu máli háttar svo til að ákærði X var aðeins stjórnarmaður og framkvæmdastjóri til 14. febrúar 2014 en var 50% eigandi félagsins og prókúruhafi. Eins og að framan greinir hefur ákærði X viðurkennt að hafa stjórnað rekstri Brotafls þann tíma sem ákæra varðar, þrátt fyrir að hafa skráð sig úr stjórn og sagt af sér sem framkvæmdastjóri, en heldur því fram að J hafi stýrt félaginu með sér.

Ákærða Y var hins vegar ekki eigandi, skráður stjórnarmaður, framkvæmdastjóri eða launaður starfsmaður Brotafls á þeim tíma er ákæra tekur til, en hún kvaðst aðeins hafa aðstoðað les- og skrifblindan sambýlismann sinn en ekkert komið að rekstri þess eða bókhaldi. Meðákærði X hefur tekið undir lýsingu hennar á aðkomu hennar að félaginu.

Ákærvaldið verður að sýna fram á hvernig rekstri félags hafi raunverulega verið háttað ef vafi leikur á. Bæði ákærðu hafa staðfastlega neitað því að ákærða Y hafi verið raunverulegur framkvæmdastjóri Brotafls. Þau hafa bæði bent á að bókhaldsaðili félagsins hafi séð um bókhald og skattskil félagsins. Ákærði X hefur hins vegar ekki byggt sýknukröfu á því að hann beri ekki ábyrgð á skattskilum og rekstri félagsins eftir 14. febrúar 2014 þótt hann hafi haldið því fram að J meðeigandi sinn hafi stýrt félaginu með sér.

Framangreind dómafordæmi bera með sér að lagt hefur verið til grundvallar af dómstólum að leiða beri í ljós hver hafi raunverulega stjórnað daglegum rekstri og fjármálum félags frekar en að láta formlega stöðu leiða til refsíabyrgðar. Sú staðreynd að J hafi verið skráður eini stjórnarmaður félagsins í kjölfar þess að ákærði X skráði sig úr stjórn og hætti sem framkvæmdastjóri, án vitundar J sem aðeins sinnti verkstjórn og tilboðsgerð, bendir ekki mögulegrar refsíabyrgðar hans, enda var hann ekki ákærður. Að sama skapi dregur það ekki úr refsíabyrgð ákærða X að benda á J.

Framburður ákærðu Y um að hún hafi aðeins aðstoðað meðákærða X við að skrifa út sölureikninga, séð um tölvuvinnslu og að koma upplýsingum og bókhaldsgögnum að beiðni meðákærða X og J til bókhaldsstofu, fær ekki stoð í vitnisburðum sem raktir hafa verið að framan eða öðrum gögnum málsins. Fyrir það fyrsta telur dómurinn í ljós leitt að framburður beggja ákærðu um þátt J í rekstri og aðkomu að fjármálum og bókhaldi félagsins sé rangur, og dregur það úr gildi trúverðugleika þeirra. Að mati dómsins hefur ákæruvaldið sýnt fram á mun meiri aðkomu ákærðu Y að rekstri félagsins en hún og meðákærði X hafa haldið fram. Í því sambandi kemur einnig til skoðunar hvað meðákærði X hefur sjálfur borið um sína aðkomu að rekstri félagsins. Hann bar í skýrslu hjá héraðssaksóknara 12. apríl 2016 aðspurður um hlutverk hans hjá félaginu að hann færi á gröfuna, væri á skóflunni, væri að slá frá mótum og koma nótum til endurskoðanda. Nánar aðspurður um aðkomu hans að rekstri félagsins bar hann að reksturinn færi aðallega í gegnum bókhaldsstofu. Af þessu má ráða að ákærði X hafi ekki einn sinnt daglegri framkvæmdastjórn félagsins. Sé litið til framangreinds og gagna málsins að öðru leyti verður að mati dómsins að leggja til grundvallar að ákærði X hafi verið raunverulegur framkvæmdastjóri félagsins, bæði fyrir og eftir 14. febrúar 2014, enda hefur hann ekki haldið öðru fram í málinu þótt hann hafi ekki gengist við þeirri háttsemi sem honum er gefin að sök.

Af framangreindu virtu og gögnum málsins verður einnig ráðið að ákærða Y hafi sinnt raunverulegri framkvæmdastjórn ásamt ákærða X á heimili þeirra, sem jafnframt var skrifstofa félagsins. Í málinu liggur fyrir [...] er varðar ákærða X dagsett 11. nóvember 2022. [...]. Ekki er efast um að af þeim sökum hafi ákærði X þurft á einhverri aðstoð að halda. Að mati dómsins sýna gögn og framburðir vitna að aðkoma ákærðu Y að rekstrinum hafi ekki verið einskorðuð við þá aðstoð. Ákærða Y hafi til að mynda alfarið séð um bókhald félagsins, komið gögnum til bókhaldsstofu og séð alfarið um upplýsingagjöf að því leyti. Þá er að mati dómsins einnig í ljós leitt að hún hafi að öðru

leyti verið nátengd fjármálum félagsins, séð um útgáfu og greiðslu reikninga, greiðslu virðisaukaskatts og staðgreiðslu, greitt laun, auk þess að afhenda reiðufé til starfsmanna. Er að mati dómsins ljóst, ef starf hennar er metið í heild af framburði hennar og meðákærða X, framburðum vitna og að öðrum gögnum málsins virtum, að hennar hlutverk hafi verið að annast fjármálastjórn og að taka ákvarðanir er vörðuðu rekstur félagsins á þann hátt að hún beri refsíabyrgð vegna félagsins.

Með vísan til framangreinds og annarra gagna má ráða að aðkoma ákærðu Y hafi falið í sér stjórn og meðferð fjármuna félagsins enda hafi hún haft hagsmuni af rekstri þess þrátt fyrir að vera ekki launaður starfsmaður. Ákærðu Y og X hafi þannig sinnt daglegum rekstri og öllum stærri ákvörðunum er vörðuðu félagið jafnt fjárhagslegum sem öðrum og komið saman að raunverulegri framkvæmdastjórn félagsins, þrátt fyrir að ákærða Y hafi aldrei verið formlega skráð sem slík. Í því felst að ákærða Y getur borið refsíabyrgð vegna félagsins ásamt meðákærða X. Þá verður ábyrgð ákærðu ekki vísað á aðra, svo sem bókara eða bókhaldsþjónustu, sbr. til dæmis dóma Landsréttar frá 22. júní 2018 í máli nr. 47/2018 og 14. febrúar 2020 í máli nr. 870/2018.

b) Meint tilhæfuleysi reikninga

Ákærðu X og Y byggja sýknukröfu að öðru leyti samkvæmt greinargerðum á því að rannsókn málsins sé ábótavant og ekki hafi verið sýnt fram á meinta refsiverða háttsemi eins og greinir að framan. Málatilbúnaður ákæruvaldsins sé ekki nægilega skýr til að efnisdómur verði lagður á það en það sé vanreifað og fullnægi ekki ákvæðum 2. mgr. 53. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála, sbr. 54. gr. og 159. gr. sömu laga. Í rannsókn og niðurstöðu skýrslu skattrannsóknarstjóra hafi ekki verið talið að um óeðlilegar fjárhæðir væri að ræða heldur hafi rannsóknin hverfst um það hvort reikningar undirverktaka hafi fullnægt formskilyrðum. Ekki liggi fyrir nein sönnunargögn er sýni fram á tilhæfuleysi reikninga. Ákærðu geti ekki borið ábyrgð á vanskilum ákærða Kristjáns á því að halda ekki bókhald eða sinna lögboðnum skýrslu- og skattskilum. Héraðssaksóknari hafi ekki gert neina úttekt á rekstri og tekjuöflun Brotafls ehf. eða greint raunkostnað vegna vörusölu og talið rekstrarkostnað oftalinn um rúmar 258 milljónir króna en engin gögn eða rökstuðningur þar að lútandi liggi fyrir. Afkoma félagsins hafi verið í samræmi við afkomu annarra verktakafyrirtækja í hlutfalli við vörusölu, en miðað við oftalinn rekstrarkostnað, eins og ákæruvaldið haldi fram, hefði afkoma Brotafls í hlutfalli af vörusölu verið hagnaður upp á tæp 25% að meðaltali árin 2012-2015 sem ekki standist skoðun.

Að baki A kafla ákæru liggja fyrir 41 sölureikningar sem voru innskattaðir í bókhaldi Brotafls á ákærutímabilum frá félögum ákærða Kristjáns, samtals að fjárhæð 340.566.966 krónur. Í skýrslu skattrannsóknarstjóra vegna Brotafls kemur fram að ákærði Kristján hafi að einhverju leyti starfað fyrir Brotafl á rannsóknartímabilinu. Taldi héraðssaksóknari því rétt til að gæta ítrustu varfærni við mat á tilhæfulausum fjárhæðum að lækka oftalinn innskatt Brotafls um þá fjárhæð sem eftir sat hjá Kristjáni samkvæmt bankareikningum hans og félaganna. Er það í samræmi við framburð ákærða Kristjáns, sem hefur verið stöðugur í þeim framburði sínum að hann hafi verið að vinna fyrir Brotafl árin 2013-2015. Af því leiddi að fjárhæðir tilhæfulausra reikninga og virðisaukaskatts lækkuðu miðað við niðurstöðu skattrannsóknarstjóra. Atvik voru ekki sambærileg hvað varðar Kraftbindingar.

Félagið Fiskiferðir gaf út samtals 17 sölureikninga á hendur Brotafli og nam heildarfjárhæð þeirra samtals 63.983.449 krónum, þar af virðisaukaskattur 12.951.699 krónur. Félagið var ekki með bankareikning. Yfirlit bankareiknings Brotafls liggur fyrir í málinu en þar kemur fram að reiðufé var tekið út með skýringunni „Fiskiferðir“. Gögn málsins sýna að reiðufé var í sumum tilvikum tekið út áður en reikningur var gefinn út. Fyrir dómi kom fram hjá ákærðu Y að meðákærði Kristján hafi oft komið og beðið um fyrirframgreiðslur. Samkvæmt bókhaldsgögnum Brotafls voru engar kvittanir gefnar vegna innborgana reiðufjár inn á sölureikninga Fiskiferða. Í skýrslutöku hjá héraðssaksóknara 12. apríl 2016 sagði ákærði X að Brotafl hafi verið með 15 og upp í 20 fasta starfsmenn. Hann sagði að meðákærði Kristján hafi verið með „fullt af starfsmönnum“ og um 25 á tímabili, þar á meðal hjá Fiskiferðum. Ástæða þess að Brotafl hætti viðskiptum við Fiskiferðir hafi verið að ákærði Kristján hafi verið kominn með nýtt félag og búinn að opna bankareikning. Þá kvað hann Kristján hafa unnið fyrir föst verð, aðspurður um tímaskýrslur, en hafi verk verið tímamæld hafi Kristján komið með tímaskýrslu. Hann sagði J sjá um vinnuskýrslur starfsmanna og undirverktaka. Fyrir dómi bar ákærða Y að hún hafi sótt reiðufé og séð um að greiða reikninga Fiskiferða, sem ekki hafi verið með bankareikning, samkvæmt fyrirmælum J og meðákærða X. Þá kvað hún J hafa séð um að staðreyna reikninga félagsins og kvaðst ekki vita hvers vegna viðskiptum við Fiskiferðir hafi verið hætt. Í skýrslutöku hjá héraðssaksóknara 12. apríl 2016 sagði ákærða Y að meðákærði Kristján hafi komið með sölureikninga frá félögum sínum til sín. Félagið Fiskiferðir hafi verið undirverktaki Brotafls og Kristján hafi komið

fram fyrir hönd félagsins og séð um að innheimta reikninga. Félagið hafi ekki haft bankareikning og því hafi reikningar verið greiddir til Kristján með reiðufé. Hún kvaðst aðspurð ekki vita hversu marga starfsmenn Fiskiferðir hafi haft en sagði að félagið hefði útvegað einhverjar vélar og tæki. Þá kvað hún viðskiptum við Fiskiferðir hafa verið hætt eftir að í ljós hafi komið að virðisaukaskattsnúmeri félagsins hefði verið lokað. Vitnið J bar fyrir dómi að ákærði Kristján hafi verið með nokkur félög í undirverktöku hjá Brotafli. Hann kvaðst ekkert hafa komið að því að halda saman tímum vegna undirverktaka né komið að reikningsgerð eða rekstri Brotafls yfir höfuð. Hann kvað ákærða Kristján hafa haldið utan um sína vinnu og sinna starfsmanna sem hafi verið þrír til fjórir og mest 10-12 en fjöldinn verið mismunandi. Hann kvað reikningana ekki fjarri lagi miðað við umfang Brotafls á þessum tíma. Í skýrslutöku hjá skattrannsóknarstjóra í júní 2017 kvað hann ákærða Kristján hafa verið undirverktaka Brotafls og halda að hann hafi verið með frá tveimur og upp í sex til átta menn. Hann kvaðst ekki geta staðfest að hann hafi séð sölureikninga Fiskiferða áður. Þá gat hann ekki upplýst hvar vinnan samkvæmt reikningunum hefði verið innt af hendi né hvaða vélar og tæki hefðu verið flutt en hann kvað Kristján hafa unnið á tækjum Brotafls. Aðspurður kvaðst hann ekki vita hver hafi tekið við reikningunum fyrir hönd Brotafls. Framburður J hjá héraðssaksóknara í febrúar 2021 var með sambærilegum hætti. Þar sagði hann Kristján hafa verið með einhverja menn í vinnu en vissi ekki hversu marga. Hann kannaðist ekki við reikninga Fiskiferða en sagði þá byggjast á undirverktöku Kristján. Þá sagðist hann ekki hafa komið að greiðslu reikninga Brotafls og sagðist aðspurður aldrei hafa afhent Kristjáni peninga.

Samkvæmt texta á reikningum útgefnum af Fiskiferðum, sem liggja fyrir í málinu, koma verkstaðir ekki fram auk þess sem ekki eru upplýsingar um magn og einingarverð. Aðeins er tilgreint: „Flutningur á efni, vélum og tækjum“; „smiðavinna, keyrsla og ýmisleg verktakavinna“. Á nokkrum þeirra er bætt við framangreinda tilgreiningu „vinna manna“ eða „vinna manna annar kostn.“ með einni fjárhæð en fjöldi starfsmanna, tímar eða tímagjald kemur ekki fram.

Félagið KK bygg gaf út 13 reikninga samtals að fjárhæð 141.156.017 krónur, þar af virðisaukaskattur 28.001.614 krónur. Reikningarnir og greiðslugögn KK bygg eru meðal gagna málsins auk yfirlits yfir sölureikninga og greiðslur þeirra úr bókhaldi Brotafls. Reikningarnir voru að hluta greiddir inn á bankareikning KK bygg auk þess sem hluti virðist hafa verið greiddur með reiðufjárúttektum, sé tekið tillit til

bankakvittana í bókhaldi Brotafls. Í skýrslutöku hjá héraðssaksóknara 12. apríl 2016 sagði ákærði X að hann og Kristján hafi stofnað félagið KK bygg saman en Kristján hafi keypt sig út úr félaginu. Ákærði X kvað söluverkninga KK bygg hafa verið fyrir vinnu og tækjaleigu og að félagið hafi haft marga starfsmenn, allt að 30 talsins. Taldi hann framburð Kristjáns um 10-15 starfsmenn ekki standast. Hann kvaðst hafa séð tímaskýrslur hjá Kristjáni, yfirfarið þær og samþykkt og síðan hafi Kristján skrifað reikning en tímaskýrslurnar hafi ekki komið til Brotafls. Brotafl hafi hætt viðskiptum við KK bygg því að félagið hafi stefnt í gjaldþrot og Kristján hafi verið kominn með nýtt félag. Í skýrslutöku þann 15. apríl 2016 svaraði ákærði X aðspurður um það hvort Kristján hafi sent upplýsingar um tímaskráningu með reikningum, að svo hafi ekki verið heldur hafi Kristján algjörlega séð um það sjálfur en engin gögn komið til Brotafls. Þá kvaðst ákærði X hafa „bara fengið reikninginn og samþykkt hann eða ekki.“ Fyrir dómi bar ákærða Y að meðákærðu Kristján og X hafi stofnað KK bygg saman og X setið í varastjórn í stuttan tíma. Ástæðu þess að hluti reikninga hafi verið greiddur með reiðufé kvað hún hafa verið að beiðni Kristjáns sem alltaf hafi verið í fjárförf en komið hafi upp deilur vegna of mikilla fyrirframgreiðslna. Í skýrslutöku hjá héraðssaksóknara 12. apríl 2016 sagði ákærða Y félagið KK bygg hafa verið undirverktaka Brotafls. Aðspurð kvaðst hún ekki vita hverjir væru eigendur félagsins og ekki hafa komið að stofnun þess. Fram kemur í gögnum málsins að ákærða Y var vottur að tilkynningu KK bygg til hlutafélagaskrár dagsettri 15. september 2013. Ákærða Y kannaðist við viðskipti Brotafls við KK bygg þar sem félagið hafi sent Brotafli háa reikninga fyrir ýmiss konar vinnu. Hún kvaðst ekki vita hversu marga starfsmenn KK bygg hafi verið með en taldi eitthvað af starfsmönnum KK bygg hafa verið þá sömu og hjá Fiskiferðum. Í skýrslutöku hjá héraðssaksóknara 15. apríl 2016 sagði ákærða Y að J hafi stundum farið yfir tíma að baki reikningum sem hún hafi tekið við en að stundum hafi fylgt tímaskýrslur sem Kristján hafi sjálfur gert. Eins og áður hefur komið fram bar vitnið J fyrir dómi að ákærði Kristján hafi alfarið haldið utan um tíma sinna manna og ekki hafi verið leitað til sín varðandi tímafjöldu eða fjárhæðir reikninga. Hann kvaðst, í skýrslutöku hjá skattrannsóknarstjóra í júní 2017, ekki geta staðfest að hann hafi séð söluverkninga frá KK bygg áður. Hann gat ekki upplýst hvar vinnan hafi verið unnin, hversu margir starfsmenn hafi verið hjá KK bygg né nefnt nöfn þeirra. Hann kvaðst aðspurður ekki geta útskýrt hvers vegna hluti af söluverkningum væri greiddur með reiðufé né hvers vegna hluti hafi verið greiddur beint til ákærða Kristjáns. Aðspurður um reiðufjárúttektir hans af bankareikningi Brotafls

á árinu 2014, sem færðar voru í bókhald félagsins sem greiðslur til KK bygg, sagðist hann hafa tekið peningana út og farið með á skrifstofuna til X. Framburður J í skýrslutöku hjá héraðssaksóknara í febrúar 2021 var með sambærilegum hætti, hann kannaðist ekki við reikninga en sagði þá byggjast á undirverktöku Kristjáns.

Samkvæmt texta á reikningum útgefnum af KK bygg, sem liggja fyrir í málinu, koma verkstaðir ekki fram nema á einum reikningi auk þess sem ekki eru upplýsingar um magn og einingarverð. Aðeins er almennur texti svo sem smíðavinna, niðurrif, hellulögn og önnur verktakavinna. Á öllum reikningum er ein fjárhæð en ekki sundurgreint hvað sé vegna t.d. smíðavinnu eða niðurrifs eða hve stór hluti fjárhæðarinnar sé vegna hellulagningar eða annarrar verktakavinnu.

Félagið Starfsmenn gaf út sex reikninga á hendur Brotafli samtals að fjárhæð 95.070.500 krónur, þar af virðisaukaskattur 18.400.742 krónur. Reikningarnir ásamt greiðslugögnum liggja fyrir í málinu auk yfirlits yfir greiðslur reikninganna ásamt fylgiskjölum úr bókhaldi Brotafls en þar kemur fram að hluti reikninganna hafi verið greiddur inn á bankareikning ákærða Kristjáns. Í skýrslutöku hjá héraðssaksóknara 12. apríl 2016 sagði ákærði X að Starfsmenn ehf. hafi lagt Brotafli til starfsmenn eins og KK bygg, sem hafi orðið gjaldþrota. Brotafl hafi greitt 2.400-3.000 krónur á tímann auk virðisaukaskatts. Hann kvað verkefni Starfsmanna ehf. hafa verið við Hótel Ísland, Frakkastíg, Grettisgötu og á Hólmsheiði. Kvaðst hann hafa farið fram á ítarlegri upplýsingar frá Kristjáni um hversu margir starfsmenn hafi verið að vinna á vegum Starfsmanna en verkstaðir hafi átt að koma fram á reikningunum. Brotafl hafi hætt viðskiptum við félagið því að virðisaukaskattsnúmeri hafi verið lokað. Fyrir dómi bar ákærða Y að þjónusta Starfsmanna ehf. hafi falist í smíða- og gifsvinnu, klæðningum og innréttingum en öll félög meðákærða Kristjáns hafi verið í sambærilegum verkefnum fyrir Brotafl. Í skýrslutöku hjá héraðssaksóknara 12. apríl 2016 kvað ákærða Y að félagið Starfsmenn hafi verið eiginlega það sama og KK bygg og veitt sams konar þjónustu þ.e. smíðavinnu, uppslátt og járnabindingar. Hún kvað starfsmenn félagsins hafa unnið fyrir Brotafl í verkefnum við Hverfisgötu, fangelsið að Hólmsheiði og við Njálsgötu en vissi ekki hversu margir starfsmenn hafi verið hjá félaginu. Hún kvaðst vita af B og Edgars en að einhverju leyti hafi verið um sömu starfsmenn og hjá KK bygg að ræða. Bar hún að sölureikningum Starfsmanna ehf. hefðu fylgt tímaskýrslur. Starfsmenn hafi verið með steypumót, brotvélar, sagir og einhverja bíla en Brotafl hafi hætt viðskiptum við félagið vegna gjaldþrots. Í skýrslutöku hjá héraðssaksóknara 15. apríl 2016 kom fram hjá henni

að gögn, sem fundist höfðu á heimili hennar við húsleit og voru í plastvasa merktum Kristjáni, væru eitthvað sem hefði skilað sér með vinnuskýrslum. Samkvæmt gögnum sem liggja fyrir í málinu var um að ræða aðgangsupplýsingar að heimabanka Starfsmanna ehf. og önnur gögn. Kvað hún Kristján hafa beðið sig um að geyma gögnin. Hún kvaðst aldrei hafa farið inn á heimabanka Starfsmanna ehf. en sagði Kristján hafa fengið að nota tölvu hjá þeim. Vitnið J kvaðst fyrir dómi kannast við félagið Starfsmenn sem ákærði Kristján hafi átt. Borið var undir hann yfirlit sex reikninga Starfsmanna á hendur Brotafli, sem hann kvað vera tölur á blaði. Hann kvaðst aðspurður halda að reikningarnir gæfu rétta mynd af umfangi verka og fjölda starfsmanna á þessum tíma. Í skýrslutöku hjá skattrannsóknarstjóra í júní 2017 kvaðst hann ekki kannast við sölureikninga frá Starfsmönnum ehf. og gat ekki upplýst hvar vinna samkvæmt reikningunum hefði verið unnin en kvaðst hafa verið stjórnandi á verkstað. Þá gat hann ekki skýrt hvers vegna sumir reikningarnir hefðu verið greiddir áður en þeir voru gefnir út né hvers vegna hluti þeirra hefði verið greiddur beint til Kristjáns. Framburður J var með sambærilegum hætti hjá héraðssaksóknara í febrúar 2021 en þar kannaðist hann ekki við reikningana.

Samkvæmt texta á reikningum útgefnum af félaginu Starfsmenn er aðeins almenn tilgreining á verkefnum eins og „Ýmiss véla og verktakavinna“, auk þess sem ekki eru upplýsingar um magn og einingarverð. Á öllum reikningum er ein fjárhæð en ekkert sundurgreint hvað sé vegna t.d. uppláttar, eða járnabindingar, hellulagnar, jarðvinnu eða flísalagnar. Er um mjög ólíka verkþætti að ræða og eftirtektarvert að magn og kílóverð vegna járnabindinga er ekki tiltekið á þessum reikningum.

Til þess er að líta í sambandi við tvo síðustu reikningana, þar sem verkstaðir eru tilgreindir, að í skýrslutöku hjá héraðssaksóknara 12. apríl 2016 kom fram hjá ákærða X varðandi félagið Starfsmenn að skatturinn hafi verið búinn að fá bókhaldið hjá Brotafli og félaginu hafi verið sent bréf vegna skattrannsóknar á KK bygg. Kvaðst ákærði X þá hafa óskað eftir því við Kristján að fá nánari upplýsingar um reikninga og vildi m.a. fá ítarlegri upplýsingar um það hversu margir væru að vinna. Þá kom fram hjá vitninu A, byggingarstjóra hjá Brotafli frá júlí 2015, í skýrslu hjá héraðssaksóknara 16. apríl 2016 að Brotafl hafi verið í verkefnum við Frakkastíg 4-6, á verkstað hafi verið 10-20 manns en hann hafi ekki vitað hvort þeir væru allir starfsmenn félagsins. Kvað hann Kristján hafa sett upp girðingu og vinnupalla við Hverfisgötu og unnið við þakið á Vínberinu við

Laugaveg en ekki komið að verkefninu við Frakkastíg. Sagði hann Kristján ekki hafa verið með menn með sér á þeim verkstöðum sem hann var með sem byggingarstjóri.

Félagið Leikin gaf út þrjá reikninga á hendur Brotafli samtals að fjárhæð 40.357.000 krónur, þar af virðisaukaskattur 7.811.032 krónur. Reikningar ásamt greiðslugögnum liggja fyrir í málinu auk yfirlits yfir reikningana ásamt upplýsingum um greiðslur og fylgiskjöl í bókhaldi Brotafls. Reikningarnir voru að hluta til greiddir með millifærslum inn á bankareikning Leikins og að hluta til með reiðufé. Samkvæmt bókhaldi Brotafls skuldaði félagið Leikin um 14 milljónir í árslok 2015. Í skýrslutöku hjá héraðssaksóknara 12. apríl 2016 sagði ákærði X að Leikin hafi farið að vinna fyrir Brotafl eftir að félagið hafi fengið bréf frá ríkisskattstjóra vegna félagsins Starfsmenn. Hann sagði að Leikin hafi leigt vinnukraft og tæki en Brotafl hafi hætt viðskiptum við félagið eftir ábendingar frá ríkisskattstjóra. Fyrir dómi kannaðist ákærða Y við félagið Leikin og sagði allt hafa farið í háaloft í restina og meðákærði X neitað að kaupa frekari þjónustu af meðákærða Kristjáni þar sem hann hafi verið í svo mikilli óreglu. Ákærði Kristján hafi hætt sem verktaki og verið launamaður hjá Brotafli 2015 og 2016. Í skýrslutöku hjá héraðssaksóknara 12. apríl 2016 sagðist ákærða Y ekkert kannast við Leikin og ekki vita hver væri í forsvari fyrir félagið en það hafi verið undirverktaki Brotafls og X þekkti þetta eitthvað. Aðspurð kvaðst hún lítið vita um þetta en að félagið hefði veitt Brotafli þjónustu á ýmsum verkstöðum og leigt félaginu mót. Vitnið J bar fyrir dómi að Leikin hafi verið nýtt félag sem hafi tekið við þegar Starfsmenn fóru í þrot en hann vissi ekki að hvaða verkefnum félagið hafi unnið. Hann kvaðst í skýrslutöku hjá skattrannsóknarstjóra í júní 2017 ekki kannast við sölureikninga Leikin og var ekki viss hvort Kristján hefði verið að leigja Brotafli mót. Kvaðst hann ekkert geta svarað fyrir bókhaldið, hann hefði ekkert komið að því og hefði ekkert vit á því. Hann gat ekki upplýst hvers vegna borgað hefði verið inn á reikninga áður en þeir voru gefnir út því að hann hefði ekki komið nálægt bókhaldinu. Aðspurður um peningaúttekt á árinu 2015, sem bókuð var í bókhaldi Brotafls sem greiðsla til Leikin, kvaðst J hafa afhent X peningana.

Samkvæmt texta á reikningum útgefnum af Leikin sem liggja fyrir í málinu, koma fram verkstaðir en að öðru leyti er mjög almennur texti. Í öllum þremur reikningunum er tilgreint: v/Frakkastigur, Grettisgata, Strandgata Motaleiga/manaðarleiga kr. 2.550.000 krónur. Þá er einnig sama tilgreining að öðru leyti í reikningunum, þ.e. „Uppsłattur og smiðavinna“ annars vegar og „Jarnabindingar“ hins vegar. Athygli vekur að

reikningarnir eru sagðir vera vegna Frakkastígs en vitnið A, kvað ákærða Kristján ekki hafa komið að verkefni Brotafls við Frakkastíg, sbr. framangreint.

Þegar litið er til framburða sem raktir eru hér að framan og varða starfsmannafjölda, verkefni, hvort og hvernig reikningar frá félögum Kristjáns hafi verið staðreyndir, skýringar á greiðslum reikninga í reiðufé og fleira, er ljóst að framburðir ákærðu sjálfra stangast fullkomlega á um flest atriði auk þess sem framburðir þeirra stangast einnig á við framburði vitna.

Ákærða Y hefur borið um að ákærði Kristján hafi skilað tímaskýrslum og J hafi stundum farið yfir tíma að baki reikningum sem hún hafi tekið við, en J kveðst hvorki hafa haldi utan um tíma undirverktaka né komið að reikningsgerð. Þá kvaðst ákærða Y hafa útbúið reikninga á grundvelli tímaskýrslna frá Kristjáni sem væru til í möppu sem rannsakendur hafi ekki hirt um að fá afhenta. Ákærði X margítrekaði í skýrslum hjá héraðssaksóknara í apríl 2016 að ákærði Kristján hafi engum tímaskýrslum skilað til Brotafls. Ákærði X kvað Kristján hafa verið með „fullt af starfsmönnum“ og um 25 á tímabili, meðal annars hjá Fiskiferðum auk þess sem hann sagði Kristján hafa verið með 30 starfsmenn hjá KK bygg. Kvað hann framburð ákærða Kristjáns um 15 starfsmenn ekki standast. Vitnið J bar fyrir dómi að ákærði Kristján hafi verið með þrjá til fjóra starfsmenn og mest 10-12 Í skýrslutöku hjá skattrannsóknarstjóra í júní 2017 kvað hann ákærða Kristján hafa verið með frá tveimur og upp í sex til átta menn.

Ákærði Kristján og ákærða Y hafa getað nefnt nöfn nokkurra Íslendinga, þar á meðal B, en hann kvaðst fyrir dómi hafa verið að vinna hjá ákærða Kristjáni sem hafi ekki greitt sér og þá farið að vinna fyrir Brotafl þar sem Y hafi séð um launin. Aðrir ákærðu hafa ekki getað nefnt neina starfsmenn með nafni og heldur ekki vitnið J, sem kvaðst hafa verið verkstjóri á verkstöðum og hafa haft eftirlit með starfsmönnum. Hann gat heldur ekki nefnt neina verkstaði vegna verkefna félaga á vegum ákærða Kristjáns.

Fyrir liggja vitnisburðir fyrrum starfsmanna Brotafls sem raktir eru að framan. Kom fram hjá vitninu K fyrir dómi að hann þekkti nafnið Kristján en myndi atvik illa og vísaði til skýrslu sinnar hjá héraðssaksóknara 2016. Þar kvaðst hann þekkja nafnið Kristján Þórisson en ekki þekkja hann neitt. Hann hafi séð Kristján hjá Brotafli en vissi ekki hvort hann var að vinna það. Þá vissi hann ekki hvort Kristján hafi verið með starfsmenn en Kristján stundum verið að vinna með tveimur mönnum í einhverju verkefni, en hann kvaðst ekki vita hvort það hafi verið starfsmenn Brotafls eða Kristjáns. Hann kvaðst ekki hafa orðið var við að Kristján væri með erlenda starfsmenn, það hafi

bara verið Íslendingar. S bar hjá héraðssaksóknara í apríl 2016 að hann væri starfsmaður Brotafls og kannaðist við nafnið Kristján Þórisson. Hann hafi séð Kristján stundum með hópi manna að vinna en vissi ekki hvort þeir hafi verið á vegum Kristjáns eða Brotafls. Kvaðst hann ekki vita til þess að Kristján hafi verið að útvega Brotafli erlenda starfsmenn. Ekki náðist í vitnið til að gefa skýrslu fyrir dómi en lögmenn ákærðu kváðust ekki gera athugasemd við það. Báðir þessi starfsmenn kváðust hafa fengið hluta launa greidd með reiðufé.

Vitnið G sagðist í skýrslu hjá héraðssaksóknara í apríl 2016 vera verkstæðisformaður Brotafls. Kristján hafi ekki verið að vinna fast fyrir Brotafl, alltaf verið bölvað basl á honum og aldrei lifað hátt. Kristján hafi ekki verið með marga starfsmenn yfir árið. Kvaðst hann hvorki kannast við að Brotafl væri að leigja tæki eða vélar af undirverktökum né hafði hann orðið var við vélar í eigu annarra eða umsjá undirverktaka. Fyrir dómi kom fram að hann kannaðist ekki við framangreindan framburð sem borinn var undir hann úr samantekt hjá lögreglu. Að mati dómsins er ótrúverðugt að vitnið, sem vann í mörg ár hjá Brotafli, muni atvik betur nú en þegar framburður hjá héraðssaksóknara var gefinn, sem var stuttu eftir að meint brot áttu sér stað.

Vitnið A var starfsmaður Brotafls frá júlí 2015 kvaðst fyrir dómi kannast við Kristján og að hann hafi stundum verið með menn í kringum sig en kvaðst ekki vita hvort það hafi verið starfsmenn Kristjáns eða Brotafls. Í skýrslutöku hjá héraðssaksóknara í apríl 2016 sagði hann Kristján hafa verið að vinna við að setja upp girðingu á verkstað við Hverfisgötu. Hann kvað Kristján ekki hafa verið með starfsmenn á þeim verkstöðum sem hann stýrði.

Vitnið B bar fyrir dómi að hann hafi unnið fyrir Kristján sem hafi ekki alltaf verið á staðnum en farið að vinna hjá Brotafli eftir að Kristján hætti að greiða honum laun um mitt ár 2015. Kvað hann Y hafa séð um launamál og greitt sér einu sinni í reiðufé. Framburður hans í skýrslu hjá héraðssaksóknara 18. apríl 2016 var að mestu sambærilegur en hann kvaðst hafa unnið hjá Kristjáni ásamt Danna og Begga tattú og síðan hafi verið af og til tveir Lettar auk Stebba og Gulla sem eitthvað hafi verið að vinna fyrir Kristján. Hann kvaðst hafa fengið greiddar 50 til 100 þúsund fyrirfram þegar hann byrjaði að vinna hjá Kristjáni í desember 2014. Hann hafi átt að fá 2.500 krónur á tímann og hafi fengið allt greitt í seðlum en launin hafi aldrei verið að fullu greidd, það hafi alltaf verið vandræði með peninga.

Framangreindir vitnisburðir bera ekki með sér að mati dómsins að ákærði Kristján hafi verið með fjölda starfsmanna í vinnu á verkstöðum og alls ekki þann fjölda sem útgefnir sölureikningar félaga hans bera með sér. Þó að ljóst sé að almennir verkamenn hafi ekki gert sér grein fyrir hvort allir starfsmenn á verkstað hafi verið fastir starfsmenn Brotafls eða verið á vegum undirverktaka, telur dómurinn að það megi furðu sæta að enginn hafi þekkt til ákærða Kristjáns eða félaga hans, í ljósi þess hve stórvirkur undirverktaki önnur ákærðu halda fram að Kristján hafi verið. Þá má furðu sæta að vitnið J hafi ekki vitað um neinn starfsmann og enga verkstaði ákærða Kristjáns en það var aðalstarf J að fylgjast með verkstöðum. Þá hafi lýsing á þjónustu í sölureikningum í nánast öllum tilvikum ekki verið nægilega glögg til að uppfylla lagaskilyrði.

Í ljósi framangreinds er það mat dómsins að framburðir ákærðu um umsvif félaga á vegum ákærða Kristjáns sem undirverktaka Brotafls séu í heild misvísandi og ótrúverðugir og sama skapi talið ótrúverðugt að sölureikningar hafi verið vegna vinnu sem innt var af hendi.

IV.

B kafli ákæru

Skýrslur ákærðu og vitna fyrir dómi

Ákærði *Konráð Þór Lárusson* neitar sök. Hann kvaðst hafa rekið félagið Kraftbindingar ásamt meðákærða Róberti bróður sínum og þeir komið jafnt að rekstrinum við daglega stjórn, samskipti við undirverktaka og greiðslu launa. Endurskoðandi hafi séð um að færa bókhald félagsins og þeir báðir verið í samskiptum við hann. Ákærði kvaðst ekki muna hversu margir starfsmenn hafi starfað hjá Kraftbindingum en þeir hafi verið með nokkra undirverktaka, þar á meðal Kristján Þórisson, og hafa unnið við fjölmörg verkefni. Ákærði kvaðst aðspurður ekki muna hvaða verkefni Kristján hafi verið með. Kristján hafi sent menn á verkstað og stýrt þeim þótt hann hafi ekki alltaf verið sjálfur á staðnum. Verkefni Kristjáns hafi verið almenn en hann hafi ekki sérhæft sig í neinu sérstöku. Ákærði kvað Kristján hafi komið með sín eigin verkfæri en ekki leigt Kraftbindingum tæki. Ákærði kvaðst aðspurður ekki hafa orðið var við óreglu á Kristjáni, hann hafi sinnt sínu vel og hafi örugglega verið með marga starfsmenn. Nánar aðspurður um fjöldann kvað ákærði að starfsmenn hafi verið fleiri en 10. Spurður um það hvort þeir hefðu fylgst með því hvort meðákærði Kristján væri að rukka rétt kvað ákærði Kristján hafa komið með vinnuskýrslur starfsmanna og reikninga en ákærði kvaðst ekki þekkja nöfn starfsmanna Kristjáns.

Ákærði kvað aðspurður Kristján hafa komið fram fyrir hönd félagsins Fiskiferðir og félagið farið að vinna fyrir þá í gegnum X. Ákærði játaði aðspurður að hann hafi greitt reikninga Fiskiferða með reiðufé sem Kristján hafi mótttekið en kvaðst ekki muna hvort gefnar hafi verið kvittanir fyrir þeim greiðslum eða kvittað á reikninga fyrir greiðslu. Ákærði kvaðst ekki muna hver hafi tekið út reiðufé til að greiða reikninga Fiskiferða.

Fjórir reikningar Fiskiferða á hendur Kraftbindingum, samtals að fjárhæð 17.387.820 krónur, þar af virðisaukaskattur 3.532.984 krónur, voru bornir undir ákærða, sem vildi ekki tjá sig. Ákærði kvað Kraftbindingar hafa hætt í viðskiptum við Fiskiferðir því að Kristján hafi verið kominn með nýtt félag, KK bygg.

Reikningar KK bygg á hendur Kraftbindingum voru bornir undir ákærða sem vildi ekki tjá sig. Alls gaf KK bygg út 40 reikninga, þar af voru 4 bakfærðir, og heildarfjöldi reikninga samkvæmt ákæru því 36 talsins, samtals að fjárhæð 252.427.950 krónur, þar af virðisaukaskattur 51.290.141 króna. Yfirlit innborgana Kraftbindinga inn á bankareikning KK bygg og úttektir sömu fjárhæða í reiðufé í kjölfarið var borið undir ákærða sem vildi ekki tjá sig. Aðspurður hvort KK bygg hafi verið stór undirverktaki hjá Kraftbindingum í ljósi hárra fjárhæða játaði ákærði því en kvaðst ekkert vita um starfsmannafjölda KK bygg. Ákærði kvað Kraftbindingar hafa hætt viðskiptum við KK bygg vegna þess að Kristján hafi verið kominn með nýtt félag. Ákærði neitaði því að Kraftbindingar hafi fengið eitthvað greitt til baka af greiddum reikningum en kvað reikningana hafa verið vegna vinnu sem innt var af hendi.

Reikningar Starfsmanna á hendur Kraftbindingum voru bornir undir ákærða sem vildi ekki tjá sig. Alls gaf félagið Starfsmenn út 18 reikninga samtals að fjárhæð 133.421.529 krónur, þar af virðisaukaskattur 25.823.522 krónur. Yfirlit yfir innborganir Kraftbindinga inn á bankareikning Starfsmanna ehf. og reiðufjárúttektir Kristjáns í kjölfarið var borið undir ákærða sem kvað það örugglega vera rétt. Ákærði neitaði því að Kraftbindingar hafi fengið reiðuféð afhent aftur. Ákærði kvað Kraftbindingar hafa hætt viðskiptum við Starfsmenn ehf. vegna þess að Kristján hafi verið kominn með nýtt félag.

Reikningar Leikins á hendur Kraftbindingum voru bornir undir ákærða, sem kvað þá vera rétta. Alls gaf félagið Leikin út þrjá reikninga á hendur Kraftbindingum, samtals að fjárhæð 37.760.000 krónur, þar af virðisaukaskattur 7.308.387 krónur. Yfirlit innborgana Kraftbindinga inn á reikning Leikins og úttektir Kristjáns í reiðufé í kjölfarið var borið undir ákærða, sem kvað Kraftbindingar hafa greitt reikninga en hann viti ekki hvað Kristján hafi gert í kjölfarið. Ákærði neitaði aðspurður að Kraftbindingar hafi

fengið fjármunina endurgreidda. Ákærði kvað vinnuna hafa verið innta af hendi af starfsmönnum Kristjáns. Ákærði kvaðst ekki muna hvers vegna viðskiptum við Leikin var hætt.

Aðspurður um það að Kristján hafi játað fyrir dómi að allir reikningar félaga hans á hendur Kraftbindingum hafi verið rangir og tilhæfulausir, kvað ákærði það ekki vera rétt, Kristján hafi unnið þetta allt og hann hefði engar skýringar á því hvers vegna Kristján héldi slíku fram nema að það hentaði honum. Ákærði vildi ekki tjá sig um yfirlit eða fjárhæðir vegna meints oftalins virðisaukaskatts Kraftbindinga vegna félaga á vegum Kristjáns árin 2013, 2014 og 2015.

Ákærði *Róbert Páll Lárusson* kvaðst hafa verið í stjórn og framkvæmdastjóri Kraftbindinga árin 2013-2015 auk þess að hafa prókúru. Ákærði kvað verkaskiptingu milli sín og Konráðs hafa verið jafna og þeir hafi báðir greitt reikninga. Hagur endurskoðun hafi fært bókhald. Ákærði kvað félagið hafa verið með einhverja starfsmenn og verið með einhverja undirverktaka á þó nokkrum verkstöðum. Ákærði kvaðst aðspurður þekkja Kristján Þórisson, hann hafi verið í bransanum og að vinna fyrir Y og X en [...] Y væri [...] sín. Aðspurður kvað ákærði Kristján hafa verið í verkefnum eins og uppslætti, járnabindingum og þess háttar en kvaðst ekki muna það nákvæmlega og félög hans hafa öll verið í sambærilegum verkefnum. Kristján hafi lagt til mannskap og verkfærin sem þeir notuðu. Ákærði kvað Kristján hafa stjórnað sínum mönnum þótt hann hafi ekki alltaf verið á staðnum. Ákærði kvað aðspurður Kristján hafa verið með einhvern slatta af körlum í vinnu, „örugglega kringum 20-30 manns.“ Ákærði kvaðst venjulega hafa staðreynt reikninga með því að yfirfara vinnuskýrslur en nánar aðspurður kvaðst hann örugglega hafa gert það en hann muni það ekki. Ákærði kvaðst aðspurður ekki muna eftir einstökum verkefnum sem Kristján hafi komið að hjá Kraftbindingum en nánar aðspurður taldi hann að Kristján hafi verið í Urriðaholti með KK bygg. Ákærði kvaðst aðspurður ekki kannast við mikla óreglu á Kristjáni og kvað samstarf þeirra hafa gengið vel. Ákærði kvaðst ekki muna hvers vegna Kraftbindingar hafi hætt viðskiptum við félög á vegum Kristjáns en engar breytingar hafi orðið á vinnusambandi annað en að komið væri nýtt félag.

Reikningar Fiskiferða á hendur Kraftbindingum voru bornir undir ákærða, sem kvaðst ekki muna eftir þeim. Alls gáfu Fiskiferðir út fjóra reikninga, samtals að fjárhæð 17.387.820 krónur, þar af virðisaukaskattur 3.532.984 krónur. Aðspurður hvort Kristján hafi unnið við annað en uppslátt og járnabindingar, eins og reikningar kveði á um, kvað

ákærði félagið örugglega hafa sinnt fleiri verkefnum. Aðspurður um hver hafi látið Kraftbindingar fá sölureikninga Fiskiferða taldi ákærði það hafa verið Kristján. Ákærði staðfesti að reikningar Fiskiferða hafi verið greiddir með reiðufé og að Kristján hafi tekið við því. Hagur endurskoðun hafi séð um kvittanir og bókhald.

Reikningar útgefnir af KK bygg á hendur Kraftbindingum voru bornir undir ákærða, sem kvað þá hafa verið vegna vinnu sem raunveruleg vinna hafi legið að baki. Alls gaf KK bygg út 40 reikninga, þar af voru fjórir bakfærðir og heildarfjöldi reikninga samkvæmt ákæru því 36, samtals að fjárhæð 252.427.950 krónur, þar af virðisaukaskattur 51.290.141 krónur. Yfirlit innborgana Kraftbindinga inn á reikning KK bygg og úttektir í reiðufé í kjölfarið var borið undir ákærða sem kvaðst ekki geta tjáð sig um það og neitaði aðspurður að Kristján hafi fengið reiðuféð greitt til baka.

Reikningar Starfsmanna ehf. á hendur Kraftbindingum voru bornir undir ákærða sem vildi ekki tjá sig en kvað þá vera rétta. Alls gaf félagið Starfsmenn út 18 reikninga, samtals að fjárhæð 133.421.529 krónur, þar af virðisaukaskattur 25.823.522 krónur. Yfirlit yfir innborganir Kraftbindinga inn á bankareikning Starfsmanna ehf. og reiðufjárúttektir Kristjáns í kjölfarið var borið undir ákærða sem kvaðst ekki geta tjáð sig um það. Ákærði kvað Kraftbindingar eða forsvarsmenn ekki hafa fengið reiðufé afhent til baka. Aðspurður hvort fjárhæðir reikninga hafi verið staðreyndar kvað ákærði svo hafa verið en kvaðst ekki muna hvort þurft hafi að lækka reikninga frá Kristjáni. Ákærði kvað aðspurður enga breytingu hafa orðið á vinnusambandinu annað en að komið væri nýtt félag.

Reikningar Leikins ehf. á hendur Kraftbindingum voru bornir undir ákærða, sem kvað þá vera rétta og að þeir hafi tilgreint verkstaði þar sem vinna Leikins var innt af hendi. Alls gaf félagið Leikin ehf. út þrjá reikninga á hendur Kraftbindingum, samtals að fjárhæð 37.760.000 krónur, þar af virðisaukaskattur 7.308.387 krónur. Yfirlit innborgana Kraftbindinga inn á reikning Leikins og úttektir Kristjáns í reiðufé í kjölfarið var borið undir ákærða sem kvaðst ekki geta tjáð sig um það en kvað Kraftbindingar ekki hafa fengið greiðslurnar til baka í reiðufé, og að fjárhæðir reikninga Leikins hafi verið staðreyndar. Ákærði kvað starfsmannafjölda, tæki og fleira hafa verið sambærilegan og hjá fyrri félögum. Ákærði kvaðst ekki kannast við að Kristján hafi verið í óreglu á þessum tíma.

Aðspurður um það að Kristján hafi játað fyrir dómi að allir reikningar félaga hans á hendur Kraftbindingum hafi verið rangir og tilhæfulausir, kvað ákærði alla reikninga

vera rétta og gefna út vegna vinnu sem hafi verið innt af hendi. Aðspurður hvers vegna Kristján héldi slíku fram kvaðst ákærði hafa heyrt að Kristján hafi fengið aflétt kyrrsetningu á eign í skiptum fyrir annan framburð. Yfirlit yfir meintan oftalinn virðisaukaskatt Kraftbindinga árin 2013, 2014 og 2015 var borið undir ákærða sem kvaðst ekki muna eftir þessu og hvorki geta tjáð sig um fjárhæðir eða niðurstöður en kvaðst hafna því að reikningarnir hafi verið tilhæfulausir.

Vitnið *L* kvaðst hafa starfað við járnabindingar hjá Kraftbindingum fyrir átta árum þar sem ákærðu Róbert og Konráð hafi verið yfirmenn sínir. Hann kvaðst hvorki kannast við Kristján Þórisson né félög á hans vegum. Hann kvað um 30 manns hafa starfað hjá Kraftbindingum, mest útlendingar. Nánar aðspurður kvaðst hann ekki vita hvort starfsmenn á verkstöðum hafi allir verið starfsmenn Kraftbindinga eða verið lánaðir frá öðrum félögum.

Vitnið *O* kvaðst vera viðskiptafræðingur að mennt og reka Hag rekstrarráðgjöf ásamt eiginmanni sínum. Hún hafi starfað sem bókari fyrir Kraftbindingar frá september 2013 og gert virðisaukaskattsskýrslur félagsins. Hún hafi verið í jafn miklum samskiptum við Róbert og Konráð varðandi upplýsingar og gögn tengd þeirri vinnu. Bókhald Kraftbindinga hafi ekki verið í góðu ásigkomulagi þegar hún hafi tekið við því og starfsmenn fengið greitt undir lágmarkslaunum sem hafi verið lagað eftir að hún vakti athygli á því. Spurð hvort gjaldareikningar og fylgiskjöl hafi verið fullnægjandi kvaðst hún hafa þurft að kalla eftir reikningum því að ekki hafi verið bókaður kostnaður fyrr en reikningar hafi borist og til að byrja með hafi þetta litið út fyrir að vera í lagi.

Hún kvaðst kannast vel við félagið Fiskiferðir og að reikningar frá því félagi hafi borist í nokkur skipti. Hún kvað það hafa vakið athygli sína að reikningar hafi borist án þess að hún hafi getað séð greiðslur þeirra í banka og hafa spurt út í þetta. Róbert eða Konráð hafi þá sagt að eigandi Fiskiferða væri furðufugl sem vildi ekki fá greiðslur inn á bankareikning heldur vildi aðeins fá greitt í seðlum. Ákærðu hafi sagt að þess vegna væru þeir að taka út reiðufé af reikningi Kraftbindinga til að greiða reikninga og þeir hafi sýnt henni þær úttektir á bankayfirliti sem hún hafi bókað eftir. Hún hafi aldrei fengið greiðslukvittanir fyrir greiðslum heldur hafi henni verið bent á úttektirnar af ákærðu.

Hún kvaðst muna eftir félaginu KK bygg. Vakið hafi athygli hennar að reikningarnir hafi verið handskrifaðir og ekki gefnir út í löglegu bókhaldskerfi og eins hafi vakið athygli að kennitala félagsins var nýleg. Hún kvaðst einnig hafa tekið eftir því að liðið hafi óþægilega stuttur tími frá því að reikningar voru greiddir þar til

virðisaukaskattsnúmeri félagsins hafi verið lokað og það orðið að vánúmeri. Hún kvaðst hafa upplýst Konráð og Róbert um þetta.

Hún kvaðst einnig muna eftir félaginu Starfsmenn en margir reikningar hafi borist frá því félagi og lítið verið um greiðslur en síðan hafi þeir síðan allt í einu borgað alla reikningana með bankamillifærslum. Hún kvaðst hafa tekið eftir því að virðisaukaskattsnúmerið hafi verið orðið að vánúmeri stuttu síðar. Hún kvaðst almennt hafa fylgst með því hjá þeim undirverktökum sem voru með handskrifaða reikninga hvort virðisaukaskattsnúmerin væru opin. Hún kvaðst hafa séð mynstur þegar á leið um að komið hafi handskrifaðir reikningar félags með virkt virðisaukaskattsnúmer í einhvern tíma sem síðan var lokað og þá hafi komið handskrifaðir reikningar frá nýju félagi.

Hún kvaðst kannast við félagið Leikin en þar hafi verið sama sagan með handskrifaða reikninga sem fóru í gegnum sama feril. Hún kvaðst ekki kannast við Kristján Þórisson. Aðspurð kvaðst hún hafa séð um bókhald hjá fleiri verktakafyrirtækjum og það hafi verið algengt með einstaklinga með rekstur í eigin kennitölu að reikningar væru handskrifaðir og illa útfylltir, t.d. vantaði virðisaukaskattsnúmer. Hún kvaðst aðspurð ekki minnst þess að hafa gert athugasemdir við form reikninga þessara félaga en henni hafi verið sagt að þetta væru reikningar frá undirverktökum. Aðspurð um hvort það væri algengt að stór verktakafélög gæfu út handskrifaða reikninga kvað hún algengara í dag að reikningar væru prentaðir út úr löglegu bókhaldskerfi en fyrir ekkert svo mörgum árum hafi alls konar félög skilað handskrifuðum reikningum.

Vitnið *P* kvaðst hafa starfað hjá Kraftbindingum við almenna byggingarvinnu og hafið störf á árinu 2014 en yfirmenn hafi verið Róbert og Konráð. Hann kvað geta verið að hann þekkti Kristján Þórisson en þekkti ekki til félaga hans. Hann kvaðst ekki muna hvort önnur félög hafi verið að vinna fyrir Kraftbindingar en kvaðst þó muna eftir Brotafli. Margir starfsmenn hafi unnið hjá Kraftbindingum og verið í kringum 10 starfsmenn á hverjum stað, stundum fleiri eða færri. Hann kvaðst ekkert þekkja til reksturs Kraftbindinga og kvaðst aðspurður halda að starfsmenn hafi allir verið starfsmenn Kraftbindinga en ekki annarra félaga.

Vitnið *R* kvaðst hafa unnið hjá Kraftbindingum sem verkstjóri en ekki muna hvenær. Yfirmenn hafi verið Róbert og Konráð. Hann kvað marga hafa komið á verkstað, einn af þeim hafi heitið Kristján en hann kvaðst muna þetta illa því að það væri svo langt síðan. Hann kvaðst ekki þekkja félög Kristjáns, en kvað [...] Róberts, X, hafa verið á

verkstað með sitt fyrirtæki, Brotafl. Hann kvað X ekki hafa unnið með Kraftbindingum en við byggingu Héraðsdóms í Hafnarfirði hafi X verið á staðnum.

Vitnið *M* kvaðst hafa unnið hjá Kraftbindingum við byggingarvinnu frá október 2014. Hann kvað yfirmenn sína hafa verið bræðurna Róbert og Konráð en aðalyfirmann hafi hann ekki vitað um en „þessi ljóshærði stjórnaði meira“. Hann kannaðist ekki við Kristján Þórisson né félög hans og vissi ekki hvort einhver félög hafi verið að vinna fyrir Kraftbindingar. Það hafi verið margir að koma og fara á þessum byggingarsvæðum. Aðspurður hvort fleiri Íslendingar hafi verið á verkstöðum fyrir utan Konráð og Róbert kvað hann svo hafa verið án þess að geta nefnt nöfn. Hann kvaðst aðspurður kannast við önnur fyrirtæki á verkstað án þess að geta nefnt þau á nafn en kvaðst muna eftir fyrirtæki með logo með hnefa sem hafi verið áberandi á bifreið. Hann kvaðst, aðspurður um hvort hann kannaðist við X, halda að það hafi verið [...] Róberts. Aðspurður hvar félagið með logo Brotafls hafi verið við vinnu kvað hann það hafa verið í hverfinu fyrir ofan Costco.

Vitnið *N* kvaðst hafa starfað hjá Kraftbindingum frá árinu 2014 eða 2015 við tilboðsgerð, teikningar og verkeftirlit án þess að hafa verið verkstjóri. Hann hafi ekki verið starfsmaður Kraftbindinga heldur tekið að sér ákveðin verkefni samkvæmt reikningum en verið á launaskrá á hálfum launum í stutt tímabil. Kraftbindingar hafi ekki verið með undirverktaka til að byrja með en ráðið undirverktaka þegar umsvifin jukust og félagið tók að sér byggingu, meðal annars frístundaheimilis Vogasels við Ferjuvog 2 og byggingu skólastofa við Hagaskóla. Hann hafi hannað kennslustofur og séð um að panta undirverktöku smíðaverktaka í því verki. Í Ferjuvogi hafi hann séð um tilboðsgerð fyrir Kraftbindingar sem hann taldi hafa verið í apríl 2015 og fylgt verkefninu eftir í byrjun gagnvart smíðum. Hann kvaðst ekki hafa samið við félög Kristjáns Þórissonar vegna undirverktöku í þessum verkefnum en hann hafi ekki samið við undirverktaka og ekki komið að rekstri eða starfsmannamálum Kraftbindinga. Hann kvaðst hafa séð Kristján Þórisson en kvaðst hvorki þekkja hann né félög hans. Hann hafi séð Kristján tala við starfsmenn en kvaðst ekki vita hvort þeir starfsmenn hafi verið starfsmenn hans eða starfsmenn annarra. Hann kvaðst kannast við félagið Brotafl sem hafi séð um jarðvinnu við Vogasel en kvaðst ekki vita hvort Brotafl hafi komið að fleiri verkefnum á vegum Kraftbindinga. Hann kvað X hafa komið fram fyrir hönd Brotafls.

a) Meint tilhæfuleysi reikninga

Ákærðu eru í máli þessu gefin að sök meiri háttar brot gegn skattalögum og bókhaldslögum á árunum 2013 til 2015. Eru brot þeirra talin varða við 1. og 2. mgr. 262. gr. laga nr. 19/1940, sbr. einnig 1. mgr. 40. gr. laga nr. 50/1988 og 2. tölulið 1. mgr. 37. gr., sbr. 36. gr., laga nr. 145/1994, hvað varðar fyrsta og annan tölulið B kafla ákæru. Í B kafla ákæru, tölulið 1, er ákærðu Konráð og Róberti gefið að sök meiri háttar brot gegn skattalögum í rekstri Kraftbindinga ehf. með því að hafa staðið skil á efnislega röngum virðisaukaskattskýrslum félagsins uppgjörstímabilin mars – apríl, maí – júní og september–október rekstrarárið 2013, janúar – febrúar til og með nóvember - desember rekstrarárið 2014 og mars – apríl til og með nóvember – desember rekstrarárið 2015, með því að hafa offramtalið innskatt á grundvelli rangra og tilhæfulausra sölureikninga og þar með vanframtelja virðisaukaskatt sem standa bar skil á vegna sömu tímabila, í samræmi við fyrirmæli IX. kafla laga um virðisaukaskatt nr. 50/1988. Með framangreindu var innskattur félagsins offramtalinn um samtals 87.955.032 krónur og virðisaukaskattur félagsins þar með vangreiddur um sömu fjárhæð, svo sem nánar er rakið í ákæru. Þá er ákærðu í tölulið 2 í B kafla ákæru, gefið að sök að hafa rangfært bókhald félagsins með því að færa, eða láta færa, ranga og tilhæfulausa sölureikninga í bókhald félagsins á tímabilinu mars – apríl rekstrarárið 2013 til og með nóvember – desember rekstrarárið 2015. Hinir rangfærðu sölureikningar leiddu til þess að rekstrargjöld félagsins voru offærð á framangreindu tímabili um samtals 353.042.267 krónur og innskattur félagsins offramtalinn um samtals 87.955.032 krónur á sama tímabili, sbr. 1. tl. B kafla ákærunnar.

Forsendur beggja ákæruliða eru þær að félögin Fiskiferðir ehf., KK bygg ehf., Starfsmenn ehf. og Leikin ehf. hafi gefið út ranga og tilhæfulausa reikninga á hendur Kraftbindingum ehf., nú Summit ehf., kt. [...], afskráð, eins og lýst er í ákæru. Þá er refsíabýrgð ákærðu byggð á því að þeir hafi báðir verið raunverulegir stjórnendur félagsins en Konráð hafi verið stjórnarmaður og Róbert framkvæmdastjóri.

Ákærðu hafa báðir alfarið neitað sök í málinu og krefjast sýknu en hafa ekki gert athugasemdir við niðurstöðu ákæru hvað varðar fjárhæð offramtalins innskatts og vanframtalins virðisaukaskatts og er því ekki tölulegur ágreiningur í málinu.

Félagið Kraftbindingar var stofnað af ákærðu Konráði og Róberti og fóru þeir með jafnan eignarhlut auk þess að hafa báðir prókúru. Ákærði Konráð var framkvæmdastjóri og stjórnarmaður félagsins en ákærði Róbert var stjórnarmaður. Samkvæmt gögnum málsins höfðu báðir ákærðu aðgang og prókúrumboð á heimabanka félagsins. Að mati dómsins má í ljósi framburða þeirra sjálfra, svo og með vísan til

framburða vitna fyrir dómi og gagna málsins, leggja til grundvallar að fjárhagslegar ákvarðanir tengdar rekstri og skattskilum Kraftbindinga hafi legið hjá ákærðu Konráði og Róberti í sameiningu.

Ákærðu lögðu báðir fram skriflega greinargerð samkvæmt heimild í 1. mgr. 165. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála.

Sýknukröfur ákærðu byggjast á því að tengsl séu milli breytts framburðar ákærða Kristjáns í kjölfar afléttingar á kyrrsetningu í fasteign í hans eigu, sem einnig hafi skilað sér í minna hlutverki hans í ákæru um að hann hafi „aðstoðað“ meðákærðu. Framburður hans og trúverðugleiki hljóti að koma til sérstakrar skoðunar en málatilbúnaður ákæruvaldsins byggi á framburði hans, sem vísi ábyrgð hans yfir á meðákærðu.

Rannsókn málsins og sönnunarfærslu ákæruvaldsins sé ábótvant enda bendi hvorki framburðir vitna undir rannsókn málsins né önnur gögn að reikningarnir hafi verið tilhæfulausir. Skortur á gögnum hjá ákærða Kristjáni skili sér sem skortur á gögnum í rekstri Kraftbindinga, sem geri varnir þeirra erfiðar en þeir geti ekki borið ábyrgð á því. Þau rekstrargögn sem liggja fyrir í málinu sýni fram á mikla starfsemi hjá Kraftbindingum og ljóst að greiða hafi þurft fyrir vinnu en ábati félagsins hafi verið innan eðlilegra marka.

Undir rannsókn málsins hafi verið lögð áhersla á að sölureikningar uppfylltu ekki formkröfur laga nr. 50/1993 um bókhald og tekjuskráningu, en annmarki á formi segi ekki til um tilhæfuleysi eða að þeir séu ekki efnislega réttir. Reikningarnir hafi uppfyllt skilyrði bókhaldslaga.

Þá er því haldið fram af ákærða Konráði að fjárhæðir ákæru standist ekki þar sem ekki sé samræmi í þeim fjárhæðum miðað við fjárhæðir sem bornar voru undir meðákærða Róbert Pál á rannsóknarstigi með vísan til rannsóknargagna. Þá hafi ekki verið rannsakað hvort hluti reikninganna hafi mögulega verið í lagi.

Fyrst skal tiltekið af hálfu dómsins að um misskilning virðist vera að ræða af hálfu ákærða Konráðs. Í rannsóknargögnum kemur fram að ákærði Róbert var fyrst spurður um fjóra reikninga Fiskiferða frá árinu 2013 sem sannanlega nema 17.387.820 krónum. Hann var í framhaldi spurður um reikninga KK bygg sem að hluta eru frá árinu 2013 og að hluta til frá árinu 2014. Af því leiðir að heildarfjárhæðir árána 2013 og 214 eru ekki þær sömu og samtala reikninga frá hverju félagi. Reyndar eru allir reikningar og fjárhæðir bornar undir ákærða Konráð sjálfan í skýrslu sem var tekin af honum 12. maí 2021 hjá héraðssaksóknara og því skýtur skökku við að ákærði Konráð beri fyrir sig

fjórðingarnir bornar undir meðákærða Róbert. Er fullt samræmi í fjórðingum sem bornar voru undir báða ákærðu á rannsóknarstigi og fjórðingum í ákæru.

Þá verður ekki séð að tilefni hafi verið til að rannsaka sérsaklega hvort hluti reikninga á hendur Kraftbindingum hafi mögulega verið í lagi þar sem ákærði Kristján hefur aldrei borið því við að hafa sjálfur unnið persónulega fyrir Kraftbindingar. Það hefur hann hins vegar gert varðandi Brotafl, bæði fyrir dómi og í skýrslum við rannsókn málsins. Ennfremur er ekki ákært fyrir brot á lögum nr. 50/1993 um bókhald og tekjuskráningu vegna þess að reikningar hafi ekki uppfyllt ákvæði þeirra laga.

Að baki B kafla ákæru liggja samtals 61 sölureikningur sem voru innskattaðir í bókhaldi Kraftbindinga frá félögum ákærða Kristjáns. Samtals voru fjórir reikningar frá Fiskiferðum, 36 reikningar frá KK bygg, 18 reikningar frá Starfsmönnum og þrjár frá félaginu Leikin. Heildarfjórðing reikninganna nemur 400.997.299 krónum.

Fiskiferðir gáfu út fjóra reikninga á hendur Kraftbindingum og nemur heildarfjórðing þeirra 17.387.820 krónum, þar af virðisaukaskattur 3.532.948 krónur. Sölureikningarnir bera með sér að hafa verið vegna járnabindinga, flutnings á efni og uppsláttar. Ekki kemur fram hvar vinnan var unnin, hversu margir tímar væru að baki eða einingarverð. Fjórðingarnir eru ekki sundurliðaðar eftir mismunandi verkþáttum og eru allir reikningarnir með einni fjórðing. Samantekt yfir greiðslur af bankareikningi Kraftbindingar í reiðufé til Fiskiferða var borin undir ákærðu sem vildu ekki tjá sig. Í skýrslutöku hjá skattrannsóknarstjóra 2. febrúar 2017 sagði ákærði Róbert að ákærði Kristján hefði afhent Kraftbindingum sölureikninga fyrir hönd Fiskiferða og að hann hefði viljað fá þá greidda með reiðufé. Hann sagði að Kristján hefði tímaskýrslur að baki reikningunum en kvaðst ekki geta afhent þær. Þá gat hann ekki nefnt starfsmenn sem unnu hjá Fiskiferðum. Aðspurður gat hann ekki afhent greiðslukvittanir fyrir móttöku Fiskiferða á því reiðufé sem Kraftbindingar áttu að hafa greitt félaginu en þær var ekki að finna í bókhaldsgögnum félagsins. Í skýrslutöku hjá héraðssaksóknara 12. apríl 2016 sagði ákærði Konráð að hann kannaðist við félagið Fiskiferðir og að ákærði Kristján hefði tekið við greiðslum vegna sölureikninga sem félagið gaf út á hendur Kraftbindingum. Þá kvað hann félagið hafa séð um járnabindingar og almenna smíðavinnu fyrir Kraftbindingar. Aðspurður kvaðst hann ekki vita í hvaða verkum starfsmenn Fiskiferða hefðu verið, né hversu margir þeir hefðu verið. Þá kvaðst hann hafa greitt Fiskiferðum í reiðufé. Vitnið O bar fyrir dómi fram að hún hafi fengið

upplýsingar um það frá ákærðu Konráði og Róberti að reiðufjárúttektir hafi verið vegna greiðslu á reikningum Fiskiferða. Skýringin hafi verið sú að eigandi félagsins væri furðufugl sem vildi ekki vera með bankareikning. Vitnisburður Helgu var með sambærilegum hætti í skýrslutöku hjá héraðssaksóknara 14. apríl 2016 að Kraftbindingar hefðu verið í þjónustu hjá Hag rekstrarráðgjöf og komið með gögn á tveggja mánaða fresti. Hún kvaðst hafa bókað þá reikninga sem hún fékk frá þeim, allar færslur, stemmt af og kallað eftir því sem hafi vantað. Þá hafi hún sent inn virðisaukaskattsskýrslur Kraftbindinga, útbúið launaseðla og staðgreiðsluskilagreinar, þær síðustu hafi verið vegna 39 starfsmanna en hjá félaginu hafi starfað fjöldi starfsmanna. Hún kannaðist við félagið Fiskiferðir út frá sölureikningum sem hún hefði séð en félagið hafi verið fyrsta félagið sem Kraftbindingar hafi verið í viðskiptum við. Reikningar Fiskiferða hafi verið greiddir með peningum.

Félagið KK bygg gaf út 40 sölureikninga á hendur Kraftbindingum en samkvæmt gögnum málsins voru 4 reikningar bakfærðir. Heildarfjárhæð þeirra 36 reikninga sem stóðu eftir nam 252.427.950 krónum, þar af var virðisaukaskattur 51.290.141 króna. Samantekt af bankareikningi Kraftbindinga er einnig meðal gagna málsins auk yfirlits yfir greiðslur. Í skýrslutöku hjá skattrannsóknarstjóra 2. febrúar 2017 sagðist ákærði Róbert kannast við eitthvað af sölureikningum KK bygg sem lagðir voru fyrir hann. Kvað hann þá bræður hafa verið umsjónarmenn með þeim verkefnum sem tilgreind væru á reikningunum. Kvaðst hann ekki geta afhent tímaskýrslur að baki reikningunum og vissi hvorki fjölda né nöfn starfsmanna KK bygg en kvað þá hafa verið marga. Aðspurður um verkstaði vísaði hann á reikningana. Upplýstur um að það kæmi ekki alltaf fram, kvaðst hann ekki geta svarað því en gæti farið yfir það síðar. Hann kvaðst hafa samið munnlega við Kristján vegna KK bygg og myndi ekki hvaða verð hafi verið samið um. Í skýrslutöku hjá héraðssaksóknara 12. apríl 2016 kvaðst ákærði Konráð hafa greitt það sem þurfti til að Kraftbindingar hefðu mannskap í þau verkefni sem félagið var með. Sagði hann Kristján hafa komið á verkstaði og komið mönnum af stað í vinnu áður en hann fór en Kristján hafi ekki alltaf verið á staðnum. Hann hafi boðið í verk og fengið greitt eftir því. Aðspurður um hvers vegna þeir hefðu verið með svo dýra undirverktaka sagði hann að Kristján hafi stundum verið með sérhæfða menn í verkið. Vitnið Helga bar fyrir dómi að hún myndi eftir félaginu og að reikningarnir hefðu verið handskrifaðir. Þá hafi vakið athygli hennar að kennitala félagsins hafi verið ný. Var framburður hennar sambærilegur í skýrslutöku hjá héraðssaksóknara 14. apríl 2016 þar sem hún kannaðist við KK bygg

út frá sölureikningum sem hún hefði séð, en þeir hafi verið margir. Kvaðst hún hafa fengið þær skýringar að KK bygg væri að lána Kraftbindingum starfsmenn.

Sölureikningar KK bygg bera með sér að hafa verið vegna járnabindinga, smíðavinnu og annarrar vinnu. Ekki kemur fram hversu margir tímar eru að baki, kíló vegna járnabindinga eða einingarverð. Fjárhæðir eru ekki sundurliðaðar eftir mismunandi verkþáttum og eru allir reikningarnir með einni fjárhæð. Verkstaður er tilgreindur á nokkrum reikninganna. Sem dæmi má nefna að reikningur dagsettur 01.06.-15.06.14, að fjárhæð 18.121.000 krónur er aðeins með tilgreiningunni „Járnabindingar og önnur smíðavinna 12 menn“.

Félagið Starfsmenn gaf út 18 sölureikninga á hendur Kraftbindingum, samtals að fjárhæð 133.421.529 krónur, þar af virðisaukaskattur 25.823.522 krónur. Samkvæmt gögnum málsins voru reikningarnir gefnir út á tæplega fimm mánaða tímabili. Samantekt af bankareikningi Kraftbindinga er einnig meðal gagna málsins auk yfirlits yfir úttektir í reiðufé. Í skýrslutöku hjá héraðssaksóknara 12. apríl 2016 kvaðst ákærði Konráð kannast við félagið Starfsmenn og að ákærði Kristján væri fyrirsvarsmaður þess. Kraftbindingar hafi keypt þjónustu af Starfsmönnum ehf. eftir að Kristján skipti um félag. Hann kvað greiðslur til Starfsmanna ehf. hafa verið vegna sömu þjónustu og Kraftbindingar hefðu keypt af Fiskiferðum og KK bygg. Aðspurður gat hann ekki gefið upplýsingar um hversu margir starfsmenn félagsins hefðu verið en kvað þá alla hafa verið erlenda. Vitnið Helga bar fyrir dómi að hún kannaðist við félagið, reikningarnir hafi verið margir en lítið verið um greiðslur til að byrja með. Síðan hefði nær allt verið greitt. Í skýrslutöku hjá héraðssaksóknara 14. apríl 2016 bar hún með sama hætti en hún kannaðist við Starfsmenn ehf. út frá þeim sölureikningum sem hún hefði séð. Hún kvað félagið hafa komið inn á árinu 2015 og taldi hún að reikningarnir hafi verið handskrifaðir.

Reikningar útgefnir af Starfsmönnum eru allir með einni fjárhæð en engum sundurliðunum eftir verkþáttum auk þess sem magntölur eða verð eru ekki tilgreind. Verkstaðir eru tilgreindir á nokkrum reikningum. Athygli vekur að reikningar í júlí og ágúst 2015 eru með magntölum og verði en það er eftir að skatturinn hóf rannsókn á skattskilum KK bygg og Starfsmanna.

Félagið Leikin gaf út þrjá reikninga á hendur Kraftbindingum, samtals að fjárhæð 37.760.000 krónur, þar af virðisaukaskattur 7.308.387 krónur. Reikningarnir og yfirlit þeirra liggja fyrir í málinu. Samkvæmt bókhaldi Kraftbindinga eru reikningarnir allir greiddir. Í skýrslutöku hjá skattrannsóknarstjóra 2. febrúar 2017 kvaðst ákærði Róbert

kannast við sölu­reikninga Leikins og að Kristján hafi afhent þá. Kraftbindingar hafi verið undirverktaki og að reikningarnir hafi verið vegna þeirra verkefna. Kraftbindingar hafi verið háð greiðslum til sín og því hafi reikningar Leikins ekki verið greiddir að fullu við útgáfu. Kristján hafi stýrt mönnum á verkstað en að öðru leyti vildi ákærði ekki tjá sig. Í skýrslutöku hjá héraðssaksóknara 12. apríl 2016 kvaðst ákærði Konráð kannast við félagið Leikin þar sem Kristján hafi verið fyrirvarsmaður. Um ástæður þess að Kraftbindingar hefðu hafið viðskipti við það félag kvað hann það vegna vesens á Kristjáni, hann hafi skipt um félag en haldið áfram að vinna fyrir þá. Hann kvaðst hafa framkvæmt greiðslur til Leikin því að hann sæi um allar millifærslur. Ekki væri víst að sölu­reikningar í bókhaldi Kraftbindinga væru í samræmi við greiðslur þar sem félagið hafi skuldað Kristjáni. Millifærslurnar hefðu því stundum verið vegna mánaðargamalla sölu­reikninga. Hann kvað Leikin hafa komið að verkefni í Urriðaholti og að sama fyrir­komulag hafi verið á viðskiptum Kraftbindinga og við önnur félög Kristjáns. Þá kvaðst hann ekki geta nefnt neina starfsmenn Leikin á nafn. Í vitnisburði Helgu fyrir dómi kom fram að hún kannaðist við félagið og þar hafi verið sama mynstur og í hinum félögunum. Reikningar útgefnir af Leikin, eru frá því í október og nóvember 2015. Eru það einu reikningarnir þar sem fjárhæðir eru sundurliðaðar eftir mismunandi verkþáttum án þess að tímaverð eða tímafjöldi komi fram. Tímaverð og tímafjöldi er aðeins tilgreint á síðasta reikningnum en þar er ekki tilgreint hvað hafi verið gert, textinn reiknings er: „v/skóla urriðaholt 4700 kr per tími 1.108.5 timar“.

Samkvæmt framburðum ákærðu hér að framan er því haldið fram af ákærðu að ákærði Kristján hafi verið umsvifamikill verktaki hjá Kraftbindingum með tugi starfsmanna. Hann hafi haldið tímaskýrslur og sinnt verkstjórn sinna manna. Ákærði Konráð kvað Kristján hafa verið með „örugglega marga menn“ og fleiri en 10. Ákærði Róbert kvað Kristján hafa verið með einhvern slatta af körlum í vinnu, „örugglega kringum 20-30 manns“. Ákærðu gátu ekki nefnt neina verkstaði og engin nöfn starfsmanna. Er þessi framburður ákærðu í fullkomnu ósamræmi við skýrslur ákærða Kristjáns hjá héraðssaksóknara í apríl 2016. Þar kvaðst hann ekkert hafa fylgst með starfsmönnum sínum né haldið saman tímum þeirra og ekki gert tíma- eða vinnuskýrslur. Ákærðu hafi verkstýrt starfsmönnum hans á verkstöðum en hann hafi oft ekki vitað hvar starfsmenn hafi átt að mæta. Þá kannaðist enginn þeirra starfsmanna sem unnu hjá Kraftbindingum Þá kvaðst ákærði Kristján mest hafa haft um 15 manns í vinnu.

Vitnið T kvaðst í skýrslu hjá héraðssaksóknara í apríl 2016 hafa verið starfsmaður Kraftbindinga í þrjú ár. Hann kvaðst ekki þekkja Kristján Þórisson eða félag hans og vissi ekki hvort hann hafi unnið fyrir Kraftbindingar. Ekki náðist í vitnið til að gefa skýrslu fyrir dómi en lögmenn ákærðu kváðust ekki gera athugasemd við það.

Vitnið L kvaðst í skýrslu hjá héraðssaksóknara í apríl 2016 hafa verið starfsmaður Kraftbindinga í þrjú til fjögur ár. Kvaðst hann ekki þekkja Kristján Þórisson og vissi ekki hvort hann hefði unnið fyrir Kraftbindingar. Eiginlega væru engir Íslendingar að vinna fyrir fyrirtækið, bara Pólverjar og Litháar, eftir því sem hann best vissi. Þá sagðist hann ekki vita til þess að félag Kristjáns hafi verið að vinna fyrir Kraftbindingar. Framburður hans var sambærilegur fyrir dómi.

Vitnið P sagðist í skýrslutöku hjá héraðssaksóknara í apríl 2016 hafa verið starfsmaður Kraftbindinga frá því árið 2014. Hann kvaðst hafa heyrt nafnið Kristján Þórisson en sagðist ekki vita hver það væri og kvaðst ekki þekkja félag Kristján. Hann kvaðst kannast við félagið Brotafl. Framburður hans var sambærilegur fyrir dómi. Hann kannaðist við Brotafl og sagði félagið hafa unnið á verkstað Kraftbindinga.

Vitnið M sagðist í skýrslutöku hjá héraðssaksóknara í apríl 2016 hafa byrjað að vinna hjá Kraftbindingum í október 2014. Hann kvað Róbert og Konráð hafa verið yfirmenn sínir. Hann kannaðist ekki við Kristján Þórisson eða félag hans. Fyrir dómi kannaðist hann ekki við Kristján en mundi eftir logoi Brotafls á verkstöðum Kraftbindinga í Urriðaholti. Þá mundi hann eftir [...] Róberts, X.

Vitnið R kvaðst í skýrslutöku hjá héraðssaksóknara í apríl 2016 vera starfsmaður Kraftbindinga. Hann kannaðist við nafnið Kristján Þórisson sem væri starfsmaður Brotafls en kannaðist ekki við að hann hafi verið að starfa fyrir Kraftbindingar. Hann kannaðist ekki við félag Kristjáns. Framburður hans fyrir dómi var sambærilegur. Hann kvaðst muna eftir Brotafli og [...] Róberts en mundi lítið eftir Kristjáni.

Vitnið N kvaðst í skýrslutöku hjá héraðssaksóknara 16. apríl 2016 hafa unnið fyrir Kraftbindingar. Hann kvaðst ekki vita hver Kristján Þórisson væri né kannaðist hann við félag hans. Fyrir dómi kvaðst hann hafa séð Kristján Þórisson en kvaðst hvorki þekkja hann eða félag hans. Hann hafi séð Kristján tala við starfsmenn en kvaðst ekki vita hvort þeir starfsmenn hafi verið starfsmenn hans eða starfsmenn annarra. Hann kvaðst kannast við félagið Brotafl og X sem hafi séð um jarðvegsvinnu við Vogasel.

Framangreindir vitnisburðir bera ekki með sér að mati dómsins að ákærði Kristján hafi verið með fjölda starfsmanna í vinnu á verkstöðum og alls ekki þann fjölda

sem útgefnir sölureikningar félaga hans bera með sér. Þó að ljóst sé að almennir verkamenn hafi ekki gert sér grein fyrir hvort allir starfsmenn á verkstað hafi verið fastir starfsmenn Kraftbindinga eða verið á vegum undirverktaka, telur dómurinn að það megi furðu sæta að enginn hafi þekkt til ákærða Kristjáns eða félaga hans, í ljósi þess hve stórvirkur undirverktaki önnur ákærðu halda fram að Kristján hafi verið. Sé litið til framburða ákærðu Konráðs og Róberts fyrir dómi, en þeir sögðu ákærða Kristján hafa verið á verkstöðum og stjórnað sínum mönnum, fær það vart staðist að enginn annar en þeir hafi þekkt til hans sem eins af þeirra stærsta undirverktaka. Þá hafi lýsing á þjónustu í sölureikningum í nánast öllum tilvikum ekki verið nægilega glögg til að uppfylla lagaskilyrði.

Í ljósi framangreinds er það mat dómsins að framburðir ákærðu um umsvif félaga á vegum ákærða Kristjáns sem undirverktaka Kraftbindinga séu í heild misvísandi og ótrúverðugir og sama skapi talið ótrúverðugt að sölureikningar hafi verið vegna vinnu sem innt var af hendi.

V.

Forsendur og niðurstæða

a) 1. töluliður A og B kafla ákæru

Eins og rakið er í kafla III. a) að framan hefur dómurinn komist að þeirri niðurstöðu að ákærða Y hafi sinnt raunverulegri framkvæmdastjórn Brotafls ehf. ásamt ákærða X. Þá er ekki ágreiningur um sameiginlega ábyrgð ákærðu Konráðs og Róberts sem daglegum stjórnendum Kraftbindinga ehf.

Í máli þessu er því haldið fram af hálfu ákæruvaldsins að framangreindir reikningar sem ákærði Kristján gaf út í nafni einkahlutafélaganna Fiskiferðir, KK bygg, Starfsmenn og Leikin hafi verið að nær öllu leyti tilhæfulausir. Hefur dómurinn rakið að framburðir vitna gefi alls ekki til kynna að ákærði Kristján hafi verið umsvifamikill verktaki með tugi starfsmanna á sínum vegum. Þá hafi ákærðu gefið misvísandi vitnisburði um starfsemi á vegum Kristjáns auk þess að hafa í mörgum tilvikum verið fullkomlega í mótsögn við hvert annað. Eru framburðir ákærðu ekki metnir trúverðugir og verða ekki lagðir til grundvallar í málinu eins og rakið er í köflum III. b) og IV. a).

Ákveðin atriði til viðbótar við gögn málsins og framburði vitna koma til skoðunar við mat á því hvort tilgreindir reikningar hafi verið rangir og tilhæfulausir.

Takmörkuð tilgreining og lýsing á þjónustu í reikningum á hendur Brotafli ehf. og Kraftbindingum ehf. er ítarlega rakin að framan. Er það mat dómsins að reikningarnir uppfylli ekki ákvæði 4. gr. reglugerðar nr. 50/1993 um bókhald og tekjuskráningu virðisaukaskattskyldra aðila, þar sem segir að koma skuli fram á sölureikningum lýsing á því sem selt er og á sú lýsing að vera nægilega glögg til að ljóst sé hvort viðskiptin varði skattskylda starfsemi. Einnig eigi að koma fram á sölureikningum upplýsingar um magn, einingaverð og heildarverð eftir því sem við verður komið. Þó að ákæra lúti ekki að þessu tiltekna atriði er engin eða lítil tilgreining og lýsing í reikningum að mati dómsins sterk vísbending um að efni reikninga hafi ekki verið rétt.

Samkvæmt gögnum málsins liggur fyrir mat embættis héraðssaksóknara á starfsmannaþörf miðað við útgefna reikninga félaganna Fiskiferða, KK bygg, Starfsmanna og Leikins á hendur Brotafli og Kraftbindingum. Þegar tímafjöldi kom ekki fram á reikningi var við matið lagður til grundvallar framburður ákærða Kristjáns hjá héraðssaksóknara 12. apríl 2016, þar sem hann kvaðst hafa fengið greiddar 5.500 krónur á tímann auk virðisaukaskatts. Gert var ráð fyrir sex daga vinnuviku, mánudaga til laugardaga en almennir frídagar ekki taldir til vinnudaga og 10 tíma vinnudegi.

Niðurstöður matsins sýna að starfsmannaþörf var minnst í uppafi þegar Fiskiferðir gáfu aðeins út reikninga á hendur Brotafli en jókst bæði þegar félagið byrjaði að gefa út reikninga á hendur Kraftbindingum og þegar á leið. Samkvæmt rannsókn lögreglu var ákærði Kristján ekki búsettur hérlendis árið 2012 en hann taldi að hann hafi verið byrjaður að gefa út reikninga áður en hann byrjaði að vinna fyrir Brotafl. Þá sýnir matið að ákærði Kristján hafi þurft að vera með fjölmarga starfsmenn á tímabilinu, eða um níu starfsmenn tímabilið maí-júní 2013, í nóvember-deseember 2013 hafi þörfin verið 7,5 starfsmenn á dag og 10 starfsmenn mars-apríl 2014. Þörfin hafi síðan meira en tvöfaldaðist tímabilið maí-júní 2014 og farið upp í tæpa 25 starfsmenn á dag og haldist milli 20 og 25 út árið, farið aftur í 20 manns en í maí-júní 2015 hafi þörfin verið um 27 starfsmenn.

Af hálfu dómsins er fallist á það með ákærvaldinu að það sé ótrúverðugt að ákærði Kristján hafi ekki vitað neitt um starfsmenn sína og ekki getað nefnt þá á nafn. Að sama skapi er einnig ótrúverðugt að önnur ákærðu í málinu sem fullyrða að hafa keypt þjónustu af honum segjast hvorki hafa hugmynd um fjölda starfsmanna á hans vegum né muna nokkur nöfn. Áður hefur verið fjallað um framburð C fyrir dómi varðandi Laugaveg 77 en hann gat ekki staðfest að efni yfirlýsingarinnar væri rétt. Því liggur ekki

fyrir á vegum hvers starfsmennirnir voru og alls ekki að þeir hafi verið á vegum ákærða Kristjáns. Af gögnum málsins verður ekki ráðið að félögin fjögur hafi haft nokkra starfsemi með höndum, svo sem af bankareikningum KK bygg, Starfsmanna eða Leikins en Fiskiferðir var ekki með bankareikning. Þá liggja ekki fyrir nein gögn um starfsmenn svo sem til dæmis staðgreiðsluskilagreinar. Er í hæsta máta ótrúverðugt að mati dómsins að félög með starfsmannafjölda upp á 10-27 manns, hafi getað starfað með þeim hætti.

Meðal gagna málsins er vísun máls Brotafls frá ríkisskattstjóra til skattrannsóknarstjóra en þar kemur fram að vettvangsteymi ríkisskattstjóra hafi farið í skipulegar heimsóknir á verkstaði Brotafls og í þeim heimsóknum hafi aldrei verið teknar niður kennitölur starfsmanna sem hafi verið að vinna fyrir KK bygg eða Fiskiferðir. Þá kemur fram í upplýsingakerfi stéttarfélaga, sem er notað til að skrá kennitölur sem ríkisskattstjóri tekur niður á vettvangi, að einungis hafi einu sinni verið tekin niður kennitala aðila sem hafi verið að vinna fyrir KK bygg. Það hafi verið 20. janúar 2015. Samkvæmt staðgreiðsluskrá fékk umræddur starfsmaður ekki greidd laun frá KK bygg en athygli vekur að hann fékk greidd laun frá Brotafli í mars 2015.

Meðal gagna málsins er einnig vísunarbréf ríkisskattstjóra á máli Kraftbindinga til skattrannsóknarstjóra. Þar kemur fram að á vinnusvæði Kraftbindinga árið 2015 hafi ekki verið teknar niður kennitölur starfsmanna félaganna KK bygg, Fiskiferða eða annarra verktaka sem áttu reikninga í bókhaldi Kraftbindinga á árinu 2013 og 2014. Taldi embættið því allar líkur á að starfsmenn sem voru á verkstað hafi ekki verið á þeirra vegum eða að minnsta kosti færri en reikningarnir hafi borið með sér.

Í málinu hafa ekki komið fram gögn sem styðja það að þau verk sem tilgreind eru á reikningunum hafi verið unnin af tilgreindum félögum. Í málinu liggur fyrir að félögin Brotafl og Kraftbindingar voru með fjölda starfsmanna. Ákærði X kvað þá vera um 20 en vitnið J kvað fasta starfsmenn hafa verið um 25. Þá bar bókarí Kraftbindinga að fjöldi starfsmanna hafi unnið hjá félaginu og síðasta skilagreinin sem hún sendi hafi verið vegna 36 starfsmanna. Má leiða að því líkur að reikningarnir hafi verið gefnir út til að standa undir launagreiðslum með reiðufé, mögulega undirboðum í verk og eftir atvikum úttektum eigenda félaganna. Framburðir vitna sem störfuðu hjá Kraftbindingum gefa sterklega til kynna að Brotafl hafi verið nátengt verkstöðum Kraftbindinga og er Brotafl nefnt á nafn á sama tíma og vitni könnuðust hvorki við ákærða Kristján eða félög hans.

Sönnunarbyrði um sekt ákærðu og atvik, sem telja má þeim í óhag hvílir á ákærvaldinu eftir 108. og 109. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála.

Að mati dómsins hafa verið færð fyrir því sannfærandi rök af hálfu ákærvaldsins að vinnan að baki reikningunum hafi ekki verið unnin af starfsmönnum félaga á vegum ákærða Kristjáns. Með vísan til gagna málsins, framburða vitna við rannsókn þess, og þess sem hefur komið fram fyrir dóminum er ekkert sem gefur til kynna að ákærði Kristján hafi verið með fjölmarga starfsmenn á sínum vegum sem hafi unnið þau verk sem tilgreind eru á framangreindum reikningum. Ákærðu og önnur vitni hafa ekki getað upplýst um starfsmenn ákærða Kristjáns en ákærða Y gat nefnt þrjá Íslendinga á nafn, þar af er einn látinn og annar, B, varð starfsmaður Brotafls um mitt ár 2015.

Þá má ráða af framburðum þeirra vitna sem störfuðu hjá Kraftbindingum að Brotafl hafi verið nátengt verkstöðum Kraftbindinga en Brotafl var nefnt á nafn og einnig nafn ákærða X á sama tíma og vitni könnuðust hvorki við ákærða Kristján eða félög hans. Eru því ákveðnar vísbendingar um að reikningarnir sem um ræðir hafi í raun verið gefnir út til að standa undir launagreiðslum starfsmanna Brotafls og Kraftbindinga, hugsanlega undirboðum í verk og eftir atvikum úttektum eigenda félaganna. Framburðir vitna sem störfuðu hjá Kraftbindingum gefa sterklega til kynna að Brotafl hafi verið nátengt verkstöðum Kraftbindinga og er Brotafl nefnt á nafn á sama tíma og vitni könnuðust hvorki við ákærða Kristján eða félög hans.

Ákærðu X, Y, Konráð og Róbert halda því fram að rannsókn málsins hafi verið ábótavant, engin sönnunargögn liggja til grundvallar ákærinni og að rannsakendur hafi látið undir höfuð leggjast að afla gagna sem varpað gætu frekara ljósi á málið. Þá hafa ákærðu haldið því fram að rannsókn og niðurstaða skattrannsóknarstjóra hafi lotið að formi reikninga.

Eins og rakið er í málavaxtalýsingu er ljóst að rannsókn málsins hefur frá upphafi varðað það hvort sölureikningar félaga á vegum ákærða Kristjáns hafi verið tilhæfulausir og hvort skilað hafi verið röngum virðisaukaskattskýrslum af hálfu félaganna Brotafls og Kraftbindinga af þeim sökum. Rannsókn málsins hefur ekki lotið að því hvort form reikninga væri ekki í samræmi við lög. Gögn málsins telja tæplega 5000 blaðsíður og þar er að finna ítarleg bókhalds- og bankagögn Brotafls og Kraftbindinga sem hafa verið ítarlega rannsökuð svo og bankareikningar félaganna KK bygg, Starfsmenn og Leikin. Greiðslur sölureikninga, hvort sem er með millifærslum eða öðrum hætti, inn á bankareikninga hafa verið rannsakaðar og ráðstöfun þeirra fjármuna í kjölfarið, en þar má sjá að greiðslur hafa verið teknar út í kjölfarið í reiðufé. Sama á við um greiðslur

beint inn á reikninga ákærða Kristjáns en það sem eftir varð þar hefur verið dregið frá og er ekki lagt til grundvallar ákæru. Reikningar Fiskiferða voru allir greiddir með reiðufé og eins hluti reikninga félaganna þriggja sem á eftir komu og voru með bankareikning. Þá voru teknar skýrslur af fjölmörgum vitnum.

Ákærðu halda því einnig fram að málið hafi ekki verið rannsakað hjá embætti héraðssaksóknara. Það á ekki við rök að styðjast þar sem embættið aflaði frekari gagna og tók viðbótarskýrslur auk þess sem vinnuframlag ákærða Kristján fyrir Brottafl var sérstaklega rannsakað hjá héraðssaksóknara. Þá hefur verið aflað annarra gagna svo sem frá skattyfirvöldum og verkkaupum vegna fangelsisbyggingar að Hólmsheiði.

Af hálfu ákærða X hefur því einnig verið haldið fram að gögn, sem lögð voru fram með greinargerð, eigi að sýna fram á mikil umsvif og önnur verkefni félaga á vegum ákærða Kristjáns. Tekið skal fram að meirihluti þeirra gagna eru þau sömu og send voru með andmælum ákærða X til skattrannsóknarstjóra og lágu þegar fyrir í gögnum málsins. Tilgreind gögn voru rannsökuð, fjallað um þau með ítarlegum hætti og tekin afstaða til þeirra í lokaskýrslu skattrannsóknarstjóra í málinu. Samkvæmt upplýsingaskýrslu héraðssaksóknara, dagsettri 7. júlí 2021, sendi verjandi J sömu gögn til héraðssaksóknara í júní 2021. Voru gögnin rannsökuð nánar og sett í samhengi við önnur fyrirbyggjandi gögn sem liggja fyrir í málinu. Niðurstaða þeirrar rannsóknar var að afhentar dagskýrslur, vegna verkefna félaganna KK bygg og Starfsmanna við fangelsið á Hólmsheiði, hafi ekki verið í samræmi við fyrirbyggjandi reikninga sem útgefnir voru af félögunum á hendur Brottafli. Þá sýni gögn málsins að starfsmenn, tilgreindir í dagskýrslum KK bygg, hafi hvorki verið á launaskrá KK bygg né Brottafls. Í gögnum og upplýsingum frá verkkaupa (Fjárslu ríkisins), aðalverktaka (ÍAV) og ríkisskattstjóra varðandi framkvæmdir við fangelsið á Hólmsheiði er félag ákærða Kristjáns hvergi getið en Brottafl ehf. var undirverktaki í því verkefni. Enn fremur kemur þar fram að skilað hafi verið inn trúnaðaryfirlýsingu vegna ákærðu Y sem starfsmanns Brottafls vegna undirverktöku félagsins að fangelsinu á Hólmsheiði.

Fallist er á með ákæruvaldinu að aflað hafi verið allra tiltækra gagna enda hefur rannsókn og gagnaöflun verið með sama hætti í þessu máli og öðrum málum af sama toga. Þau gögn hafa öll verið rannsökuð. Hefur ekkert komið fram að mati dómsins sem bendir til þess að rannsókn hafi verið ábótavant né er fallist á að málatilbúnaður ákæruvaldsins sé óskýr.

Því hefur einnig verið haldið fram af ákærðu, að rekstur félaga þeirra hafi verið í samræmi við afkomu annarra fyrirtækja í sambærilegum rekstri sem sýni fram á að sölureikningarnir sem mál þetta snýst um hafi verið réttir og vegna vinnu sem hafi verið innt af hendi. Hefur ákærða Y lagt fram yfirlit yfir afkomu nokkurra verktakafyrirtækja árin 2012-2015 og bent á að afkoma Brotafls miðað við það sé í fullu samræmi við önnur slík fyrirtæki. Þar kemur fram að væru rekstrargjöld lægri sem næmi þeim reikningum sem mál þetta fjallar um, væri meðaltalshagnaður Brotafls 25% árin 2012-2015, sem fái ekki staðist. Að mati dómsins er ekki unnt að taka einn þátt út úr rekstri til að freista þess að sýna fram á að tölur fái ekki staðist enda þyrfti að skoða flesta ef ekki alla þætti reksturs. Skoða þyrfti til að mynda launakostnað fyrirtækjanna, greina verktilboð í ljósi mögulegra undirboða auk þess sem einnig þyrfti að greina kostnað við undirverktöku, svo örfá dæmi séu tekin. Af þeim sökum verða engar ályktanir dregnar af framlögðu yfirliti. Þá er það svo að ákæra og rannsókn málsins varða ekki rekstartengd brot og hafa vangaveltur um rekstrarhagnað, hagnaðarhlutdeild og rekstrargjöld því ekki áhrif á niðurstöðu málsins.

Þá er að því að gæta að framburðir ákærðu Y, Konráðs og Róberts og annarra vitna fyrir dómi, svo og skýrslur ákærða X og annarra ákærðu hjá héraðssaksóknara í apríl 2016, stangast í grundvallaratriðum á, eins og rakið hefur verið að framan. Ákærða Y bar í skýrslu fyrir dómi að gerðir hafi verið skriflegir samningar við ákærða Kristján og félög hans. Þá bar hún að vitnið J hafi yfirfarið tímaskýrslur Kristjáns. Sá framburður er í algjöru ósamræmi við framburð J og ákærða Kristjáns fyrir dómi. Er framburður hennar einnig í ósamræmi við framburði ákærða X hjá héraðssaksóknara í apríl 2016 en þar sagði hann að engir skriflegir samningar hefðu verið gerðir við undirverktaka fyrr en í lok árs 2015. Þá bar Y fyrir dómi að legið hafi fyrir skrifleg gögn sem rannsakendur hafi ekki aflað við rannsókn málsins. Það er ekki í samræmi við framburð ákærða X við rannsókn málsins, sem ítrekað bar að engar tímaskýrslur hefðu borist Brotafli frá ákærða Kristjáni. Verður að telja að það standi ákærðu næst að afla slíkra gagna og leggja fyrir dóminn, séu þau til, en það hefur ekki verið gert.

Samkvæmt gögnum málsins voru ekki gefnar kvittanir til Brotafls né Kraftbindinga fyrir greiðslu reikninga svo og innborgana inn á reikninga með reiðufé, en þannig háttáði með alla reikninga Fiskiferða ehf. Er að mati dómsins ótrúverðugt að það samræmist almennum viðskiptaháttum í fyrirtækjarekstri að svo háar fjárhæðir hafi raunverulega verið inntar af hendi án þess að fá kvittun fyrir greiðslu.

Vitnin J, I og B báru öll fyrir dómi að ákærði Kristján hafi verið í óreglu þau ár sem ákæra nær til en J kvað hafa verið mestu furðu hvað hann hafi þó náð að vinna. Ákærða Y bar einnig fyrir dómi að Kristján hafi verið í óreglu þó keyrt hafi um þverbak „í restina“ eins og hún orðaði það. Þessir framburðir eru í samræmi við breyttan framburð ákærða Kristjáns, um að hann hafi verið í óreglu og ekki verið með rekstur félaga sem höfðu tugir starfsmanna á sínum vegum. Þá hefur ákærði Kristján sjálfur ítrekað borið um að hann hafi verið í mikilli óreglu á þeim tíma er ákæra varðar.

Telur dómurinn fjarstæðukennt að ákærðu hafi í mörg ár leitað til ákærða Kristjáns um umfangsmikla undirverktöku, en hann kvaðst í skýrslu hjá héraðssaksóknara í apríl 2016 ekkert hafa haldið utan um starfsmenn sína eða þeirra vinnu, hafa ekki einu sinni vitað hvar þeir voru og ekki ráðið við að stjórna þeim. Það er sá framburður sem ákærðu telja að eigi að leggja til grundvallar í málinu en hann stangast fullkomlega á við framburð ákærðu, sem kváðu Kristján hafa haft eftirlit með sínum mönnum á verkstöðum og gert tímaskýrslur sem hann hafi sýnt þeim. Að sama skapi telur dómurinn ótrúlegt að reikningar upp á tugi milljóna hafi verið samþykktir og greiddir án þess að fyrir lægi í reikningunum sjálfum verkstaðir, fjöldi vinnustunda, magn og einingar og án þess að afhentar væru til verkkaupa ítarlegar vinnu- eða tímaskýrslur til frekari skýringa.

Breyttur framburður ákærða Kristjáns í nóvember 2017 varðandi það að reikningar þeir er mál þetta fjallar um hafi verið rangir og tilhæfulausir, er að mati dómsins í samræmi við þau gögn sem liggja fyrir í málinu svo og framburð vitna. Er framburður ákærða Kristjáns að því leyti metinn trúverðugur og verður lagður til grundvallar við niðurstöðu málsins.

Er því jafnframt hafnað af dóminum að breyttur framburður ákærða Kristjáns hafi stafað af afléttingu kyrrsetningar í fasteign skráðri á hann. Í stað kyrrsetningarinnar, sem var að fjárhæð 3.500.000 krónur greiddi ákærði sömu fjárhæð inn á bankareikning héraðssaksóknara, sem var haldlögð í því skyni að geta gert hana upptæka félli dómur á þann veg. Þar sem jafnan er vandkvæðaminna að gera haldlagt reiðufé upptækt en samsvarandi kyrrsetningu í fasteign, verður ekki fallist á að þetta hafi verið til hægðarauka fyrir ákærða og vera til þess fallið að hann breytti framburði sínum. Hefur ekkert komið fram í málinu sem styður þessar ásakanir ákærðu í garð ákæruvaldsins.

Með vísan til framangreinds, gagna málsins, framburða vitna við rannsókn málsins, og þess sem hefur komið fram fyrir dóminum er ekkert sem gefur til kynna að

ákærði Kristján hafi verið með fjölmarga starfsmenn á sínum vegum sem hafi unnið þau verk sem tilgreind eru á framangreindum reikningum. Þá liggur fyrir játning ákærða Kristjáns þar sem fram kemur að reikningarnir hafi verið rangir og tilhæfulausir en dómurinn telur framburð hans að því leyti trúverðugan og í samræmi við gögn málsins og framburði vitna. Með því hafi ákærðu X og Y vegna Brotafls ehf. og ákæru Konráð og Róbert vegna Kraftbindinga hef., staðið skil á efnislega röngum virðisaukaskattskýrslum þau uppgjörstímabil sem ákæra greinir, offramtalið innskatt á grundvelli rangra og tilhæfulausra sölureikninga sem gefnir voru út af Fiskiferðum ehf., KK bygg ehf., Starfsmönnum ehf. og Leikin ehf. og þar með vanframtalið virðisaukaskatt sem bar að standa skila á vegna sömu fyrirmæla. Með framangreindri háttsemi var innskattur Brotafls ehf. offramtalinn um 64.036.383 krónur og innskattur Kraftbindinga ehf. offramtalinn um 87.955.032 krónur og virðisaukaskattur félaganna vangreiddur um sömu fjárhæð.

Að öllu þessu gættu er talið hafið yfir skynsamlegan vafa að ákærðu hafi gerst sek um þá háttsemi sem tilgreind er í A og B kafla ákæru. Verða ákærðu X og Y því sakfelld samkvæmt 1. tölulið A kafla ákæru og ákærðu Konráð og Róbert sakfelldir samkvæmt 1. tölulið B kafla ákæru og er háttsemi þeirra réttilega heimfærð til refsíákvæða.

b) 2. töluliður A og B kafla ákæru

Ákærðu X og Y er gefin að sök að hafa rangfært bókhald félagsins með því að færa, eða láta færa, ranga og tilhæfulausa sölureikninga í bókhald félagsins á tímabilinu september – október rekstrarárið 2012 til og með nóvember – desember rekstrarárið 2015. Hinir rangfærðu sölureikningar leiddu til þess að rekstrargjöld félagsins voru offærð á framangreindu tímabili um samtals 258.133.722 krónur og innskattur félagsins offramtalinn um samtals 64.036.383 krónur á sama tímabili, sbr. 1. tl. A kafla ákærunnar.

Ákærðu Konráð og Róberti er gefin að sök að hafa rangfært bókhald félagsins með því að færa, eða láta færa, ranga og tilhæfulausa sölureikninga í bókhald félagsins á tímabilinu mars – apríl rekstrarárið 2013 til og með nóvember – desember rekstrarárið 2015. Hinir rangfærðu sölureikningar leiddu til þess að rekstrargjöld félagsins voru offærð á framangreindu tímabili um samtals 353.042.267 krónur og innskattur félagsins offramtalinn um samtals 87.955.032 krónur á sama tímabili, sbr. 1. tl. B kafla ákærunnar.

Ákærðu X og Y hafa verið sakfelld sem raunverulegir framkvæmdastjórar Brotafls ehf. samkvæmt 1. tölulið A kafla ákæru. Ákærðu Konráð og Róbert hafa verið sakfelldir sem daglegir stjórnendur Kraftbindinga ehf., en Konráð einnig sem stjórnarmaður og Róbert sem framkvæmdastjóri, samkvæmt 1. tölulið B kafla ákæru. Er sakfellingin byggð á því að sannast hafi að þau hafi staðið skil á efnislega röngum virðisaukaskattskýrslum og offramtalið innskatt á grundvelli rangra og tilhæfulausra sölusölureikninga sem gefnir voru út af Fiskiferðum ehf., KK bygg ehf., Starfsmenn ehf. og Leiki ehf. Leiddi það til þess að innskattur Brotafls ehf. var offramtalinn um 64.036.383 krónur og innskattur Kraftbindinga ehf. offramtalinn um 87.955.032 krónur.

Við aðalmeðferð málsins var vakin athygli á því af hálfu verjanda ákærða Konráðs, að 2. töluliður B kafla ákæru væri mögulega ekki nógu skýr þannig að þar sem ekki sé minnst á hvaðan hinir röngu og tilhæfulausu reikningar stöfuðu, hvers vegna þeir væru rangir auk þess sem enga sundurliðun á reikningunum sé að finna í ákæruliðnum. Þar benti hann einnig á að heimfærsla í ákæru til 2. töluliðar 1. mgr. 37. gr. laga nr. 145/1994 væri röng þar sem þar væri fjallað um fylgiskjöl sem vanti í bókhald en sakargiftir í málinu varði 3. tölulið sama ákvæðis. Þessi atriði vegin saman ættu að leiða til frávísunar án kröfu.

Af hálfu ákæruvaldsins kom fram varðandi skýrleika að ákæran uppfylli kröfur laga og sé í samræmi við önnur mál sem hafi varðarð sama álitaefni. Ráða megi af ákærunni frá hverjum hinir meintu tilhæfulausu reikningar stafa. Þá sé rétt að heimfærsla háttsemin ákærðu samkvæmt 2. tölulið A og B köflum ákæru varði við 3. tölulið 1. mgr. 37. gr. eins og réttilega hafi verið bent á af verjanda. Bent var á af ákæruvaldinu að refsing samkvæmt 2. og 3. tölulið 1. mgr. 37. gr. varði sömu refsingu.

Samkvæmt síðasta málslið 1. mgr. 180. gr. laga nr. 88/2008 er dómara rétt að dæma eftir öðrum refsíákvæðum en fram koma í ákæru, þó aldrei aðrar kröfur en þar greinir. Samkvæmt 36. gr. laga nr. 145/1994 um bókhald skal hver sem af ásetningi eða stórfelldu gáleysi brýtur 37. gr. sæta fangelsi allt að sex árum. Enginn greinarmunur er gerður á brotum samkvæmt 2. eða 3. tölulið 37. gr. laganna og því liggur sama refsing við báðum brotum. Þá verður að mati dómsins ekki talið að framangreind misritun töluliðar hafi komið niður á vörnum ákærðu. Með vísan til framangreinds telur dómurinn að lagður verði dómur á málið samkvæmt 3. tölulið 37. gr., sbr. dóm Landsréttar 24. júní 2022 í máli nr. 168/2021, enda hafi verið augljóst að háttsemin sem lýst er í ákæru sé sú sem þar er lýst. Hvað varðar skýrleika 2. töluliðar í kafla B í ákæru er að mati dómsins

ljóst að af lestri töluliða 1 og 2 í heild, hver hin refsiverða háttsemi er, auðveldlega megi ráða frá hverjum hinir tilhæfulausu reikningar stafa og hvaða reikninga er um að tefla þannig að ekki er óljóst fyrir hvað er verið að ákæra. Dómurinn fellst ekki á að framsetningin sé sambærileg við framsetningu í ákæru hvað varðar peningabætti, þar sem háttseminni sem slíkri var ekki lýst enda var þeim ákæruliðum vísað frá dómi.

Þeir sem stunda virðisaukaskattskylda starfsemi ber að færa bókhald í samræmi við lög um bókhald nr. 145/1994 og í samræmi við reglugerð nr. 150/1993. Ávallt skal vera hægt að rekja einstakar fjárhæðir í uppgjörum til þeirra færslna og fylgiskjala sem byggt er á í bókhaldi. Þá þarf að vera hægt að rekja færslur í bókhaldi til þeirra undirbóka sem ber að halda. Skattfyrirvöld eiga að geta gengið úr skugga um réttmæti virðisaukaskattskýrslna og þeirra fylgiskjala og uppgjörsgagna sem að baki þeim liggja. Óheimilt er að leggja til grundvallar í bókhaldi tilhæfulaus gjaldagögn í þeim tilgangi að gefa ranga mynd af virðisaukaskatti félaga.

Sú skylda hvílir á stjórnendum félaga að bókhald, ársreikningar og skattframtöl þeirra séu í réttu horfi og í samræmi við áskilnað laga. Það að láta færa tilhæfulausa reikninga í bókhald leiðir óhjákvæmilega til þess að færð eru tilhæfulaus gjaldagögn sem gefur ranga mynd af virðisaukaskatti. Eru varnir ákærðu um að hafa falið bókhaldsstofum að annast færslu bókhalds haldlaus, en ekkert í gögnum málsins eða vitnisburðum bendir til þess að þeir aðilar sem færðu bókhald félaganna hafi átt hlut að máli, sbr. dóm Hæstaréttar 10. febrúar 2011 í máli nr. 77/2010. Með hliðsjón af fjárhæðum og atvikum málsins að öðru leyti hlaut ákærðu að vera ljóst að bókhald félaganna og skattskil væru ekki í réttu horfi. Verða ákærðu X og Y sakfelld fyrir þá háttsemi sem þeim er gefin að sök í 2. tölulið A kafla ákæru og ákærðu Konráð og Róbert sakfelldir fyrir þá háttsem sem þeim er gefin að sök í 2. tölulið B kafla ákæru og er háttsemi þeirra réttilega heimfærð til refsíákvæða þó þannig að brot þeirra falla undir 3. tölulið 1. mgr. 37. gr., sbr. 36. gr. laga nr. 145/1994, en ekki 2. tölulið 1. mgr. 37. gr.

c) 1. og 2. töluliður C kafla ákæru

Ákærði hefur játað sök samkvæmt 1. og 2. tölulið C kafla ákæru.

Ákærði lagði fram skriflega greinargerð samkvæmt heimild í 1. mgr. 165. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála. Ákærði gerði þar fyrirvara um fjárhæðir með vísan til þess að í samantekt héraðssaksóknara vanti yfirlit um reikninga Leikins. Verjandi gerði ekki grein fyrir þessu atriði við aðalmeðferð enda liggja reikningarnir auk yfirlits yfir þá fyrir í gögnum málsins. Er því lagt til grundvallar að fallið sé frá nefndum

fyrirvara og ekki sé ágreiningur um fjárhæðir. Af hálfu ákærða er því haldið fram að samkvæmt ákæru sé háttsemi ákærða efnislega lýst sem hlutdeildarbrotum og sú lýsing sé efnislega rétt. Virða beri þátt ákærða sem hlutdeildarverknaði í brotum meðákærðu samkvæmt 1. mgr. 262. gr. almennra hegningarlaga sbr. 1. mgr. 22. gr. sömu laga. Brot samkvæmt virðisaukaskattslögum sé fullframið þegar röngum virðisaukaskattskýrslum er skilað en brot ákærða hafi verið framin áður en brotum sem lýst er í A og B kafla ákæru hafi verið framin. Ákærði hafi ekki staðið að skipulagningu eða fjármögnun brotanna og án þátttöku í aðalframkvæmd þeirra. Þá hafi ákærði engan ávinning haft af brotunum heldur aðeins til félaga meðákærðu, Brotafls og Kraftbindinga. Þá er því haldið fram að þó 3. töluliður 1. mgr. sbr. 2. mgr. 37. gr. laga nr. 145/1994 mæli fyrir um að aðstoð og teljist meiri háttar brot á lögnum, girði það ekki fyrir að aðstoðin verði virt sem hlutdeilt gagnvart 2. mgr. 262. gr. almennra hegningarlaga.

Við aðalmeðferð málsins vakti verjandi ákærða athygli á að í D kafla ákæru þar sem brot ákærða Kristjáns eru heimfærð til refsíákvæða, sé ekki vísað til 2. töluliðar aðalkröfu í C kafla ákæru, sem varða brot ákærða vegna Kraftbindinga ehf. sem sé ekki í samræmi við 1. mgr. 152. gr. laga nr. 88/2008 og geti varðað frávísun. Af hálfu ákæruvaldsins var bent á að um augljós mistök hafi verið að ræða sem ekki hafi komið niður á vörnum ákærða. Að mati dómsins er þessi ágalli ákæru ekki verulegur og verður ekki talið að varnir ákærða hafi skaðast vegna þessa enda hefur hann játað fyrir dómi að hafa aðstoðað ákærðu Konráð og Róbert vegna Kraftbindinga ehf. við þau brot sem lýst er í 2. tölulið C kafla ákæru.

Ákærði er samkvæmt orðalagi ákæru ákærður fyrir að hafa aðstoðað, annars vegar ákærðu X og Y og hins vegar Konráð og Róbert við að gefa út ranga og tilhæfulausa sölureikninga sem leiddu til vanframtalins virðisaukaskatts félaganna Brotafls ehf. og Kraftbindinga ehf. Eru brot hans talin varða við 1. og 2. mgr. 262. gr. almennra hegningarlaga, sbr. einnig 6. mgr. 40. gr. laga nr. 50/1988 um virðisaukaskatt og 3. tölulið 1. mgr., sbr. 2. mgr. 37. gr. laga nr. 145/1994 um bókhald, að því er varðar aðalkröfu í C kafla ákæru.

Samkvæmt 6. mgr. 40. gr. laga nr. 50/1988 skal sá sem af ásetningi eða stórkostlegu hirðuleysi lætur skattyfirvöldum í té rangar eða villandi upplýsingar eða gögn varðandi virðisaukaskattsskýrslur annarra aðila eða aðstoðar við ranga eða villandi skýrslugjöf til skattyfirvalda sæta þeirri refsingu er segir í 1. mgr. þessarar greinar.

Samkvæmt 1. mgr. 37. gr. laga nr. er háttsemi samkvæmt 1.-5. tölulið ætíð meiri háttar brot gegn lögum og samkvæmt 2. mgr. á sama við ef maður aðstoðar bókhaldsskyldan mann eða fyrirsvarsmann lögaðila við þau brot sem lýst er í 1.-5. tölulið eða stuðlar að þeim á annan hátt.

Háttsemi ákærða fólst í því að aðstoða meðákærðu við að láta skattyfirvöldum í té rangar upplýsingar og gögn varðandi virðisaukaskattskýrslur og að aðstoða meðákærðu sem fyrirsvarsmenn lögaðilanna Brotafls ehf. og Kraftbindinga ehf. við að rangfæra bókhaldsgögn með því að búa til gögn sem ekki áttu sér stað í viðskiptum við aðra aðila. Skiptir engu í því sambandi hvort ákærði naut ávinnings af brotunum auk þess sem brot hans kröfðust beinnar þátttöku hans. Eru brot ákærða eins og þeim er lýst í ákæru í fullu samræmi við framangreind lagaákvæði.

Samkvæmt framagreindu verður ákærði Kristján sakfelldur fyrir brot samkvæmt aðalkröfu C kafla ákæru, töluliði 1 og 2 og er háttsemi hans þar réttilega heimfærð til refsíákvæða.

VI.

Refsingar og sakarkostnaður

Ákærðu hafa öll unnið sér til refsingar samkvæmt 1. og 2. mgr. 262. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Þá hafa ákærðu X, Y, Konráð og Róbert unnið sér til refsingar samkvæmt 1. mgr. 40. gr. nr. 50/1988 og 37., sbr. 36. gr. laga nr. 145/1994 um bókhald. Þá hefur ákærði Kristján unnið sér til refsingar samkvæmt 6. mgr. 40. gr laga nr. 50/1988 og 2. mgr. 37. gr., sbr. 36. gr. laga nr. 145/1994. Brot allra ákærðu teljast stórfelld samkvæmt framangreindum ákvæðum auk þess sem um samverknað var að ræða.

Ákærðu X, Y og Kristján unnu brotin í sameiningu vegna Brotafls ehf. og ákærðu Konráð, Róbert og Kristján unnu brotin í sameiningu vegna Kraftbindinga ehf. Bera þau vott um einbeittan brotavilja þeirra. Þá varða brotin háar fjárhæðir.

Samkvæmt sakavottorði ákærðu Y hefur hún ekki áður sætt refsingu.

Samkvæmt sakavottorði ákærða X, hefur hann ekki áður sætt refsingu en samkvæmt dómi Hæstaréttar [...] var ákærði X sakfelldur fyrir brot á skattalögum með því að hafa hvorki staðið skil á virðisaukaskattskýrslum og virðisaukaskatti né staðgreiðslu opinberra gjalda. Var hann dæmdur í 6 mánaða skilorðsbundið fangelsi og til greiðslu sektar að fjárhæð 31 milljón króna en sæta ella fangelsi í 4 mánuði.

Ákærði Konráð hefur samkvæmt sakavottorði ekki sætt refsingu sem áhrif hefur á refsíákvörðun.

Ákærði Róbert var með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur 7. mars 2013 dæmdur í 11 mánaða fangelsi, skilorðsbundið í 3 ár vegna brota á lögum um ávana- og fíkniefni. Þá undirgekkst hann sekt hjá lögreglustjóranum á Höfuðborgarsvæðinu með sátt 22. september 201 vegna brots á 49. gr. umferðarlaga.

Ákærði Kristján var með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur 11. júní 2014 dæmdur í 5 mánaða fangelsi, skilorðsbundið í 2 ár fyrir brot gegn ávana og fíkniefnum en með dómi Héraðsdóms Reykjaness 23. júní 2017 var sá dómur dæmdur upp og ákærði dæmdur í 10 mánaða fangelsi, þar af 7 mánuðir skilorðsbundnir í 3 ár, vegna vörslu fíkniefna. Lauk ákærði samfélagsþjónustu vegna dómsins 12. apríl 2019. Til þess er að líta að ákærði Kristján játaði sök í málinu auk þess að leggja sitt af mörkum við að upplýsa málið og verður tekið tillit til þess við refsiakvörðun, sbr. 9. töluliður 1. mgr. 70. gr. almennra hegningarlaga.

Samkvæmt framangreindu með vísan til 2. og 6. töluliðar 1. mgr. og 2. mgr. 70. gr. almennra hegningarlaga, að teknu tilliti til 77. gr. og 78. gr. sömu laga, þykir refsing ákærðu X og Y hæfilega ákveðin 15 mánaða fangelsi, refsing ákærðu Konráðs og Róberts hæfilega ákveðin 18 mánaða fangelsi og refsing ákærða Kristjáns hæfilega ákveðin 18 mánaða fangelsi.

Ákærðu verður að auki gert að greiða sekt til ríkissjóðs. Þykir ekki ástæða eins og atvikum málsins er háttað að gera greinarmun á þætti hvers ákærðu annars vegar vegna Brotafls ehf. og hvers ákærðu hins vegar vegna Kraftbindinga ehf., en brot ákærðu voru stórfelld og í samræmi við dómvenju skal sektin nema þrefaldri þeirri skattfjárhæð sem undan var dregin. Þykir því hæfilegt að ákærðu X, Y og Kristján greiði hvert um sig í sekt til ríkissjóðs 64.000.000 krónur vegna brota í rekstri Brotafls ehf. og ákærðu Konráð, Róbert og Kristján greiði hver um sig í sekt til ríkissjóð 87.995.000 krónur vegna brota í rekstri Kraftbindinga ehf.

Mjög langur tími er liðinn frá því ákærðu frömdu brot sín en rannsókn málsins hófst í ágúst 2015. Skattrannsóknarstjóri vísaði málinu til frekari rannsóknar til embættis héraðssaksóknara í nóvember 2015 og var farið í margs konar þvingunar- og rannsóknaraðgerðir, m.a. voru símtöl hlustuð og hljóðrituð, gerðar voru húsleitir og ákærðu úrskurðuð í gæsluvarðhald 12.-19. apríl 2016. Þá voru ýmsar eignir ákærðu kyrrsettar og fjármunir haldlagðir á sama tíma. Endanleg skýrsla skattrannsóknarstjóra var ekki send embætti héraðssaksóknara fyrr en í nóvember 2018 og svo virðist vera sem rannsókn hafi þar legið niðri til ársins 2021 sem engar skýringar hafa verið gefnar á. Var

ákæra ekki útgefin fyrr en 21. október 2021. Voru eignir ákærðu kyrrsettar fram til sama tíma er héraðsdómur felldi hluta þeirra úr gildi. Verður að gera þá kröfu til rannsakenda og ákæruvaldsins að þegar til rannsóknar eru brot þar sem farið er í alvarlegar þvingunargerðir eins og til dæmis gæsluvarðhald auk þess sem eignir eru kyrrsettar og fjármunir haldlagðir, að rannsókn slíkra mála sæti forgangi og leitast sé við að ljúka rannsókn og gefa út ákæru án nokkurs dráttar. Ekki hefur verið gefin nein skýring af hálfu ákæruvaldsins af hvaða sökum þessi langi dráttur varð á rannsókn en nú eru liðin tæp átta ár frá upphafi rannsóknar skattrannsóknarstjóra. Almennt má telja að slíkar aðstæður geti haft í för með sér ýmiss konar erfiðleika fyrir einstaklinga, jafnt um atvinnu, bankaviðskipti auk fleiri atriða en ákærðu hafa lýst slíkum aðstæðum fyrir dóminum. Þá voru ákærðu einnig ákærð fyrir peningþvætti en þeim þáttum ákæru var vísað frá dómi. Eins og öllum atvikum háttar í þessu máli er því talið að óheyrilegur dráttur hafi orðið á rekstri málsins án þess að við ákærðu sé að sakast og þykir því mega ákveða að fresta fullnustu refsinga þeirra, bæði refsivist og fésekt eins og í dómsorði greinir.

Samkvæmt málsúrslitum, með vísan til 235. gr. laga nr. 88/2008 og þess að 3. tölulið A, B og C kafla ákæru var vísað frá dómi, þykir rétt að ákærðu greiði 3/4 hluta sakarkostnaðar, þ.m.t. málsvarnalaun og aksturskostnaður skipaðra verjenda en 1/4 hluti greiðist úr ríkissjóði.

Með hliðsjón af eðli og umfangi máls og að teknu tilliti til tímaskýrslna verjenda, þykja hæfileg málsvarnarlaun Bjarna Haukssonar lögmanns verjanda ákærða Konráðs, 7.812.000 krónur þar með talinn virðisaukaskattur auk aksturskostnaðar 32.000 krónur; málsvarnarlaun Björgvins Jónssonar lögmanns, verjanda ákærða Kristjáns, 6.654.000 krónur þar með talinn virðisaukaskattur og þóknun Ingólfs Vignis Guðmundssonar lögmanns, verjanda ákærða Kristjáns á rannsóknarstigi, 1.116.000 krónur, þar með talinn virðisaukaskattur; málsvarnarlaun Guðmundar Ágústssonar lögmanns, verjanda ákærða Róberts, 7.812.000 krónur þar með talinn virðisaukaskattur auk aksturskostnaðar 32.000 krónur; málsvarnarlaun Sigurðar Sigurjónssonar lögmanns, verjanda ákærða X, 5.301.000 krónur þar með talinn virðisaukaskattur; málsvarnarlaun Ingólfs Vignis Guðmundssonar lögmanns, verjanda ákærðu Y 4.882.500 krónur og þóknun Bjarna Hólmars Einarssonar lögmanns, verjanda Y á rannsóknarstigi, 2.025.0000 krónur. Annan sakarkostnað leiddi ekki af málinu. Við uppkvaðningu dóms hefur verið gætt að ákvæðum 184. gr. laga nr. 88/2008.

María Thejll héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

Dómsorð:

Ákærði, Konráð Þór Lárusson, sæti fangelsi í 18 mánuði.

Ákærði greiði 87.995.000 krónur í sekt til ríkissjóðs.

Ákærði greiði $\frac{3}{4}$ hluta málsvarnarlauna skipaðs verjanda síns, Bjarna Haukssonar lögmanns, 7.812.000 krónur en $\frac{1}{4}$ hluti greiðist úr ríkissjóði og ákærði greiði $\frac{3}{4}$ aksturskostnaðar 32.000 krónur en $\frac{1}{4}$ greiðist úr ríkissjóði.

Ákærði Kristján Þórisson, sæti fangelsi í 18 mánuði.

Ákærði greiði 151.995.000 krónur í sekt í ríkissjóð.

Ákærði greiði $\frac{3}{4}$ hluta málsvarnarlauna skipaðs verjanda síns, Björgvins Jónssonar lögmanns, 6.654.000 krónur en $\frac{1}{4}$ hluti greiðist úr ríkissjóði. Þá greiði ákærði $\frac{3}{4}$ hluta þóknunar skipaðs verjanda á rannsóknarstigi, Ingólfs Vignis Guðmundssonar lögmanns, 1.116.000 krónur en $\frac{1}{4}$ greiðist úr ríkissjóði.

Ákærði Róbert Páll Lárusson, sæti fangelsi í 18 mánuði.

Ákærði greiði 87.995.000 krónur í sekt til ríkissjóðs.

Ákærði greiði $\frac{3}{4}$ hluta málsvarnarlauna skipaðs verjanda síns, Guðmundar Ágústssonar lögmanns, 7.812.000 krónur en $\frac{1}{4}$ hluti greiðist úr ríkissjóði og ákærði greiði $\frac{3}{4}$ aksturskostnaðar 32.000 krónur en $\frac{1}{4}$ greiðist úr ríkissjóði.

Ákærði X skal sæta fangelsi í 15 mánuði.

Ákærði greiði 64.000.000 krónur í sekt til ríkissjóðs.

Ákærði greiði $\frac{3}{4}$ hluta málsvarnarlauna skipaðs verjanda síns, Sigurðar Sigurjónssonar lögmanns, 5.301.000 krónur en $\frac{1}{4}$ hluti greiðist úr ríkissjóði.

Ákærða Y skal sæta fangelsi í 15 mánuði.

Ákærða greiði 64.000.000 krónur í sekt til ríkissjóðs.

Ákærða greiði $\frac{3}{4}$ hluta málsvarnarlauna skipaðs verjanda síns, Ingólfs Vignis Guðmundssonar lögmanns, 4.882.500 krónur en $\frac{1}{4}$ hluti greiðist úr ríkissjóði og $\frac{3}{4}$ hluta þóknunar Bjarna Hólmars Einarssonar lögmanns, skipaðs verjanda Y á rannsóknarstigi, 2.025.0000 krónur en $\frac{1}{4}$ hluti greiðist úr ríkissjóði.

Fresta skal fullnustu refsingar ákærðu allra og hún falli niður að liðnum þremur árum frá birtingu dóms þessa, haldi ákærðu almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Rjúfi eitthvert ákærðu skilorð skal viðkomandi sæta fangelsi í 360 daga í stað dæmdrar sektar verði hún ekki greidd innan fjögurra vikna frá því að þeim hinum sama var tilkynnt að refsing kæmi til framkvæmda.

María Thejll